FRÉTTABLAÐIÐ
70. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 23. MARS 2016



# Þjóðarsorg í Belgíu

ISIS lýsir ábyrgð á tveimur sprengjuárásum í Brussel í gær þar sem minnst 31 féll og um 250 særðust. Belgar standa saman á erfiðum tímum. 10 - 12

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Veður




Hægur vindur í dag. Skúrir á sunnanverðu landinu, en þurrt að mestu fyrir norðan og ætti að sjást vel til sólar. Hiti 1 til 8 stig. SJÁ SÍÐU 28

# Íhuga kynlaus klósett og klefa

**MANNRÉTTINDI** Mannréttindaráð Reykjavíkur tók í gær fyrir tillögu af vefnum Betri Reykjavík um að bjóða kynlausa búningsklefa og salerni, meðal annars í sundlaugum.

Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir, stjórnarmaður í Samtökunum '78, er hlynnt tillögunni.

„Frá mínu sjónarhorni kemur það sér vel fyrir transfólk sem fellur ekki inn í tvíhyggju um karl og konu og annað fólk sem gæti verið af öðrum kynjum en þessum tveimur,“ segir Ugla. Kerfið komi sér líka vel fyrir fjölskyldur, fatlað fólk sem þarfnast aðstoðar og einstæða foreldra.

„Ég fór í sund í Frakklandi og þar voru algjörlega kynlausir klefar. Síðan fór maður í einstaklingsklefa og einstaklingssturtuklefa,“ segir Ugla og bætir því við að kerfið hafi verið þægilegt og að gott hafi verið að komast með vinum sínum í klefa, sama hvers kyns þeir væru. **– þea**

# Guðrún Margrét í forsetaframboð

**STJÓRNMÁL** Guðrún Margrét Pálsdóttir tilkynnti í gær um framboð sitt til forseta á blaðamannafundi á Grand hóteli. Guðrún er hjúkrunarfræðingur og einn stofnenda ABC barnahjálpar. Í fyrra steig hún til hliðar hjá ABC eftir 27 ára feril.

„Áherslumál mín verða að við stöndum saman og hjálpumst að sem þjóð og förum hamingjuleiðina, það er að við hlúum að rótum okkar og vöxum í trú, von og kærleika,“ segir Guðrún.

Þá segir Guðrúnr velferð þjóðarinnar skipta sig máli og bætir því við að hún hafi áratuga reynslu í að láta gott af sér leiða. **– þea**



**Guðrún Margrét Pálsdóttir forsetaframbjóðandi.**

# Hollur biti í rigningunni



**Vætusamt var í miðbæ Reykjavíkur í gær en margt var þó um manninn. Þessi maður lét rigninguna ekki á sig fá og gæddi sér á banana á göngu sinni um bæinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



**Dega-fjölskyldan.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hafna ósk Dega-fjölskyldunnar

**FLÓTTAMENN** Kærunefnd útlendingamála hafnaði í gær beiðni albönsku Dega-fjölskyldunnar um endurskoðun á ákvörðun um frestun réttaráhrifa. Fjölskyldan, hjón með þrjú börn, sótti um hæli hér í fyrrasumar en var hafnað.

Elsti sonur hjónanna glímir við geðrænan vanda og hefur sótt meðferð við þeim með góðum árangri.

Málinu var skotið til dómstóla og óskaði lögmaður eftir því að fjölskyldan fengi að vera áfram á Íslandi á meðan á málarekstri stæði. Því hefur nú verið hafnað. Fjölskyldunni verður því væntanlega gert að yfirgefa landið á næstu vikum. **– skh**

# Metfjöldi Íslendinga að vinna fyrir IKEA

**Átta Íslendingar vinna að hönnunarverkefnum fyrir IKEA fyrir jól 2017 og er ein hönnunarstofa komin á samning hjá fyrirtækinu. Annar eigandi Reykjavík Letterpress segir sérstaklega lærdómsríkt að vinna fyrir stórfyrirtæki.**

**HÖNNUN** Það er hellingur í gangi á milli íslenskra hönnuða og IKEA að sögn Sigríðar Heimisdóttur, þróunarstjóra í Cooking, Eating and Decoration (CED) í höfuðstöðvum IKEA í Svíþjóð. „Þetta er dálítið sérstakt að við séum að nota svona marga Íslendinga, það hefur aldrei verið gert áður,“ segir Sigríður.

„Þeir sem eru opnir og vanir að vinna í fjöldaframleiðslu, geta unnið í þessu. Alla hönnuði dreymir auðvitað um að geta lifað af sinni hönnun,“ segir Sigríður.

„Ég hef verið óþolandi við að koma íslenskum hönnuðum að, einfaldlega af því að þeir eru margir hverjir góðir, og svo er þjóðerniskenndin að drepa mann,“ segir Sigríður.

„Meðal þeirra sem eru með verkefni hjá IKEA núna eru Reykjavík Letterpress. Þær eru búnar að gera stórt verkefni, sem er eigið „collection“ og eru núna með annað stórt. Þetta eru frábærar stelpur sem eru komnar með samning við IKEA sem þýðir að þær eru kallaðar til fyrir mismunandi verkefni,“ segir Sigríður.

„Hjalti Karlsson, grafískur hönnuður í New York, er svo að vinna fyrir okkur stórt umbúðaverkefni sem er hluti af vöru, og Sóley Þórisdóttur hefur einnig unnið með okkur við grafíska hönnun og umbúðir.“

„Ég gaf átta vel völdum hönnuðum verkefni sem tengjast jólunum 2017, en hér vinnum við næstum tvö ár fram í tímann, enda langur framleiðslutími hjá þessu risafyrirtæki. Þar má nefna Þórunni Árnadóttur hjá Pyropet, Jón Helga Hólmgeirsson, Ragnheiði Ösp, hönnuð Notknot, og RAX ljósmyndara. Það er rosalega gaman því þau jól eru með þema sem er einmitt Iceland.“



**Sigríður Heimisdóttir, þróunarstjóri í CED hjá IKEA, hefur gaman af því að koma íslenskum hönnuðum á framfæri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

> **Manni finnst það auðvitað virkilega gaman að komast með þessu móti með sína hönnun á heimsvísu**
>
> Ólöf Birna Garðarsdóttir, eigandi Reykjavík Letterpress



Ólöf Birna Garðarsdóttir er ásamt Hildi Sigurðardóttur eigandi hönnunarstofunnar Reykjavík Letterpress. Stofan hefur sérhæft sig í letterpress-prentun, aldagamalli prentaðferð með nútíma tvisti, og komst sem fyrr segir á samning við IKEA.

„Við erum hönnunarstofa sem leggur áherslu á okkar prentaðferð, en við erum ekki að prenta hér fyrir IKEA. Það er því gaman að fá annars konar hönnunarverkefni, og útvíkka fjölbreytileikann í verkefnunum. Fyrir okkur er sérstaklega lærdómsríkt að kynnast því hvernig hlutirnir ganga fyrir sig hjá svona stóru fyrirtæki, það eru miklar áskoranir í þessu,“ segir Ólöf.

„Manni finnst það auðvitað virkilega gaman að komast með þessu móti með sína hönnun á heimsvísu, það er auðvitað bara hrikalega skemmtilegt. Samningurinn er frekar opinn. Við getum bæði haft samband ef okkur dettur eitthvað sniðugt í hug, og svo er haft samband við okkur ef þau hafa okkur í huga fyrir ákveðna vörulínu. Við erum í raun og veru komnar inn á gólf hjá þeim, inn fyrir þröskuldinn og það er mjög gaman,“ segir Ólöf. **saeunn@frettabladid.is**




FRÁBÆR TILBOÐ!
NÝTT
MEÐ BLETTAVÖRN
NÚ VERÐ FRÁ:
1.495
40% AFSLÁTTUR
AGERMYNTE DÚKAR
Efni: 60% bómull og 40% polyester. Litir: Hvítt og grátt.
Stærðir: 140 x 180 sm. 2.495 nú 1.495 140 x 240 sm. 3.495 nú 2.097
Vnr. 1712701
høie OF SCANDINAVIA
GOLD EINSTÖK GÆÐI
60°
KODDI 50 X 70 SM.
FULLT VERÐ: 6.995
4.995
SPARIÐ 5.000 AF SÆNGUM
ST. 140 X 200 SM.
NÚ VERÐ FRÁ:
9.990
VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
Netgíró
TILVALIN FERMINGARGJÖF
HØIE EXCLUSIVE SÆNG
Lúxus thermosæng sem má þvo við 60°C. Mjúkt og þægilegt áklæði.
Sængin er saumuð saman úr 2 sængum þannig að hitaeinangrandi loftrúm myndast á milli þeirra.
Sæng þyngd : 2 x 700 gr. Stærð: 140 x 200 sm. 14.990 nú 9.990
Sæng þyngd : 2 x 770 gr. Stærð: 140 x 220 sm. 16.990 nú 11.990
Sæng þyngd : 2050 gr. Stærð: 200 x 220 sm. 26.990 nú 21.990
Vnr. 4207304, 4007350, 4007351, 4007385
KRONBORG® OF DENMARK
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI
60°
KODDI 50 X 70 SM.
FULLT VERÐ: 9.995
6.995
SPARIÐ 7.000 AF SÆNG
ST. 135 X 200 SM.
LÚXUS GÆSADÚNSÆNG
SÆNG FULLT VERÐ: 29.990
22.990
VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
Netgíró
TILVALIN FERMINGARGJÖF
KRONBORG STORFJELLET GÆSADÚNSÆNG
Lúxus gæsadúnsæng fyllt með 900 gr. af gæsadúni. Sængin er saumuð í 5 x 7 sm. ferninga með 2,5 sm. háum veggjum á milli hólfa og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C.
Vnr. 4112550, 4312604
ALLIR ELDHÚS- OG BORÐSTOFUSTÓLAR
20% AFSLÁTTUR
ALLAR MOTTUR 20% AFSLÁTTUR
KRONBORG OF DENMARK
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI
40% AFSLÁTTUR
BÓMULLARSATÍN
FULLT VERÐ: 4.995
2.995
ALEXA SÆNGURVERASETT
Efni: 100% bómullarsatín. Stærðir: 140 x 200 sm.
Vnr. 1351080
NÝIR LITIR
FULLT VERÐ: 895
499
44% AFSLÁTTUR
SOKKABUXUR
Flottar sokkabuxur.
Stærðir: 56-98 og 3-9 ára.
Vnr. 24000606, 24000607, 24000608
44% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 2.695
1.495
HEILSUINNISKÓR
Með MEMORY FOAM svampi sem lagar sig að fætinum. Stærðir: 43-47. Vnr. 607-136-1017
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR 23.03 - 28.03

# Aðgerðir stopp meðan kosið er um miðlunartillögu í Ísal-deilunni

**KJARAMÁL** Verði miðlunartillaga ríkissáttasemjara í kjaradeilu starfsmanna við ISAL felld hefjast verkfallsaðgerðir á nýjan leik. Þeim hefur verið frestað til 11. apríl þegar niðurstaða á að liggja fyrir. Ríkissáttasemjari lagði fram tillögu sína um helgina.

„Tillagan er í kynningu og stéttarfélögin fara yfir hana með sínu félagsfólki,“ segir Kolbeinn Gunnarsson, formaður verkalýðsfélagsins Hlífar, en það eru félagsmenn Hlífar við höfnina í Straumsvík sem verið hafa í verkfalli í á fjórðu viku.



**Yfirmenn gengu í störf verkamanna í verkfalli.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Maður er bundinn þeim trúnaði að kynna það sem lagt var fram af hálfu ríkissáttasemjara.**



Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar

Á meðan hafa yfirmenn í álverinu gengið í þeirra störf. „Svo er náttúrlega bara fólksins að taka afstöðu til tillögunnar þegar atkvæðagreiðsla hefst,“ segir hann.

Gengið verður til atkvæða 30. mars, en um er að ræða rafræna kosningu sem lýkur 11. apríl.

Kolbeinn segist ekki vilja tjá sig um hvernig tillögunni hafi verið tekið.

„Maður er bundinn þeim trúnaði að kynna það sem lagt var fram af hálfu ríkissáttasemjara,“ segir Kolbeinn. Til dæmis sé ekki opnað fyrir umræðu um tillöguna á kynningarfundum sem Hlíf haldi. Í kosningunni taki þátt öll stéttarfélög sem að deilunni koma. „En það er tekið upp úr sameiginlegum potti.“

Þá kjósa ISAL og Samtök atvinnulífsins einnig um tillöguna. Verði hún samþykkt falla niður aðgerðir og málarekstur vegna þeirra fyrir dómstólum.

Fram hefur komið að ekki hafi verið deilt um kaup og kjör heldur heimildir álversins til að nýta sér þjónustu verktaka í auknum mæli. **– óká**



**Cannavaro á HM.** nordicphotos/afp

## Cannavaro og Keegan í Hörpu

**FÓLK** Fabio Cannavaro, fyrrverandi fyrirliði ítalska landsliðsins og besti leikmaður heims 2006, verður einn fyrirlesara á alþjóðlegri ráðstefnu Ramóns Calderón í Hörpu 11. maí.

Cannavaro bætist í hóp heimsfrægra knattspyrnumanna sem verða í Hörpu á ráðstefnu þessa fyrrverandi forseta Real Madrid. Yfirskriftin er „Hvernig fór Ísland að þessu?“

Áður var staðfest að Kevin Keegan, fyrrverandi leikmaður Liverpool og þjálfari enska landsliðsins, og David Moyes, fyrrverandi stjóri Everton og Manchester United, tali auk Calderóns sjálfs. Leita á svara við því hvernig Ísland fer að því að skapa sterka og samheldna liðsheild í íþróttum þrátt fyrir mannfæð. **– shá**

## Bæjarskrifstofur á Digranesveg

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Kópavogs ákvað í gær að kaupa Digranesveg 1 á 585 milljónir króna fyrir stjórnsýslu bæjarins. Einnig var samþykkt að innrétta Hressingarhælið við Kópavogstún fyrir fundi bæjarstjórnar og móttökur.

„Fram kom í máli bæjarfulltrúa á fundi bæjarstjórnar mikil ánægja með niðurstöðu í málefnum húsnæðis stjórnsýslunnar,“ segir í tilkynningu frá Kópavogsbæ. Haft er eftir bæjarstjóra að þetta muni kosta minna en áætlaðar viðgerðir á bæjarskrifstofunum. **– gar**

# Ráðherra gert að loka flugbraut

**Innanríkisráðherra er skylt að loka svokallaðri neyðarflugbraut Reykjavíkurflugvallar innan sextán vikna. Héraðsdómur féllst á kröfur Reykjavíkurborgar í málinu. Borgarstjóri segir þetta mikilvæga niðurstöðu.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær innanríkisráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, skylt að loka norðaustur-suðvestur flugbraut Reykjavíkurflugvallar innan sextán vikna og endurskoða skipulagsreglur fyrir völlinn til samræmis við lokun flugbrautarinnar.

Verði brautinni ekki lokað innan tímarammans sem gefinn er í dóminum leggjast dagsektir á íslenska ríkið, ein milljón króna fyrir hvern dag. Umrædd flugbraut er einnig nefnd neyðarflugbrautin.

Reykjavíkurborg höfðaði málið og féllst dómurinn í meginatriðum á kröfur borgarinnar. Borgin taldi að skjal sem þáverandi innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, og Jón Gnarr, þáverandi borgarstjóri, undirrituðu árið 2013, fæli í sér bindandi loforð af hálfu Hönnu Birnu um að loka flugbrautinni.

Dómurinn taldi það ekki fara á milli mála að Hanna Birna hafi verið til þess bær að taka slíkar ákvarðanir um breytingar á flugvellinum. Hún hafi verið í þeirri stöðu að geta skuldbundið sig, fyrir hönd ríkisins, til að loka umræddri flugbraut með það fyrir augum að minnka áhrifasvæði flugvallarins.

Að mati dómsins er hvergi í lögum að finna ákvæði þess efnis að ráðherrann þurfi að leita samþykkis Alþingis eða annarra aðila fyrir ákvörðunum af þessum toga.

Héraðsdómur taldi að samkomulagið sem ráðherra og borgarstjóri skrifuðu undir í október 2013 hefði samkvæmt orðalagi sínu falið í sér skýra og fyrirvaralausa skuldbindingu ráðherra um lokun flugbrautarinnar og endurskoðun skipulagsreglna flugvallarins í samræmi við það.

Dómurinn vísaði einnig til þeirrar grunnreglu sem gildir að íslenskum rétti, að gerða samninga skuli halda og sagði ekkert hafa komið fram í málinu sem gæti leitt til þess að víkja bæri frá reglunni.

**Dómurinn er ítarlegur og efnismikill, hann tekur á öllum þáttum málsins og talar í raun best fyrir sig sjálfur.**



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Íslenska ríkið var einnig dæmt til að greiða Reykjavíkurborg tvær milljónir króna í málskostnað.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir þetta mikilvæga niðurstöðu fyrir borgina.

„Dómurinn er ítarlegur og efnismikill, hann tekur á öllum þáttum málsins og talar í raun best fyrir sig sjálfur,“ segir Dagur og bætir við að meginatriðið í málinu sé að samninga beri að halda.

Ekki náðist í Ólöfu Nordal innanríkisráðherra við vinnslu fréttarinnar. Að sögn Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð, aðstoðarmanns ráðherrans, hafði Ólöf ekki getað farið yfir dóminn enn.

„Við vorum að fá dóminn sendan og þurfum að lesa hann yfir og fara yfir forsendur. Í kjölfarið þarf að taka ákvörðun um það hvort honum verði áfrýjað, en það verður gert á næstu dögum,“ segir Þórdís Kolbrún. **thordis@frettabladid.is**



**Innanríkisráðherra hefur verið dæmdur til að loka hinni svokölluðu neyðarflugbraut innan sextán vikna.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






# Pólskunám við Háskóla Íslands á flug

**MENNING** Tveimur byrjendanámskeiðum í pólsku við Háskóla Íslands hefur verið tekið afar vel og þrefaldaðist nemendafjöldinn á milli missera.

Um er að ræða tvö námskeið fyrir nemendur við skólann sem kennd eru á sex vikum. Það eru Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda sem standa að námskeiðunum í samvinnu við Háskólann í Varsjá og með styrk frá EFTA.

Einnig verður boðið upp á pólskunámskeið á komandi haustmisseri og á vormisseri 2017.

Anna Rabczuk, nýprófessor við Háskólann í Varsjá, kom hingað til lands til að kenna á námskeiðunum. Hún segir í viðtali sem birt er á vef Háskólans að margt hafi komið henni á óvart. Nemendur séu betur að sér um Pólland og pólska menningu en hún bjóst við.

Anna segir að áhugi á pólskunámi sé augljós í sínum augum – Pólverjar séu stærsti minnihlutahópurinn á Íslandi og nemendurnir vilji tengjast pólska samfélaginu. Einhverjir eiga pólska nágranna, aðrir leggja stund á pólskunám vegna þess að þeir eiga pólskan maka og svo eru það þeir sem hafa einfaldlega mikinn áhuga á Póllandi.




**Áhugi á pólskunámi kom þægilega á óvart.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Anna segir að Háskólinn geti stutt við bakið á pólska minnihlutanum á Íslandi með því að tryggja að boðið verði áfram upp á pólskunám við Tungumálamiðstöð skólans.

Stúdentum sem sýna náminu áhuga fer fjölgandi því að á fyrsta misseri skráðu tuttugu nemendur sig til þátttöku en á seinna misserinu voru þeir sextíu. **– shá**


NÓATÚN
Páskalamb
af nýslátruðu
1799 kr./kg
PÁSKAMATUR
DEKRAÐU VIÐ ÞIG UM PÁSKANA
40% afsláttur
359 kr./stk.
598 kr./stk.
Skafís
Skafís
Emmes Skafís
Vanillu og súkkulaði 1L
2499 kr./kg
2799 kr./kg
Úrbeinað lambalæri
fyllt með villisveppum og camembert osti
20% afsláttur
3999 kr./kg
3199 kr./kg
Berberie andabringur
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
16% afsláttur
249 kr./stk.
299 kr./stk.
115g
349 kr./stk.
399 kr./stk.
175g
Ungnauta hamborgari
Hamborgarhryggur
Nóatúns
1799 kr./kg
Hamborgarhryggur
Opið alla páskana!
Alla daga 8-20




Hús sjávarklasans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fá styrki til nýsköpunar

**NÝSKÖPUN** Tíu frumkvöðlafyrirtæki í Húsi sjávarklasans hafa á undanförnum mánuðum fengið fjárfesta til liðs við sig til að þróa vörur og til markaðssetningar. Fjárfestingarnar eru yfirleitt 50 til 100 milljónir, þó að dæmi séu um umtalsvert hærri upphæðir.

Á vefsíðu Sjávarklasans segir að þessara fjárfestinga hafi verið beðið um skeið. „Þetta er mjög jákvæð þróun og við erum hæstánægð með að sjá ólíka fjárfesta koma að þessum áhugaverðu fyrirtækjum,“ segir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans.

Oft er um að ræða minni fjárfesta sem eru fyrirtækjunum afar mikilvægir sem bakhjarlar er byggja þarf upp starf fyrirtækjanna, segir Þór. Hann bætir við að erlendir fjárfestar, meðal annars sjóðir sem sérhæfa sig í sjálfbærum matvælaiðnaði, prótínframleiðslu, hafi sýnt áhuga á fjárfestingum en minna hafi í raun komið út úr þeim viðræðum. „Það kann að verða næsta bylgja,“ segir Þór. – shá

# Keppa í írskum dönsum




Keppendur á 46. árlega heimsmeistaramótinu í írskum dönsum bíða eftir því að stíga á svið í tónleikahöll í Glasgow í Skotlandi. Mótið stendur yfir frá 20. til 27. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Styrkir

Fræðslusjóðs til þróunar og nýsköpunar í framhaldsfræðslu

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Fræðslusjóði vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu, sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.**

Forgangssvið við úthlutun árið 2016 eru:

- Þróun kennsluhátta innan framhaldsfræðslu þar sem sjónum er beint að starfi kennara í framhaldsfræðslu, kennslufræði fullorðinna, námsmati, notkun námsefnis, námsumhverfi, kennsluaðferðum og notkun upplýsingatækni.
- Raunfærnimat í atvinnulífinu sem byggist á hæfnigreiningu starfa.
- Nýjar leiðir til að kynna framhaldsfræðslu með það að markmiði að ná til þeirra einstaklinga innan markhóps framhaldsfræðslu sem síst afla sér menntunar.
- Opið gagnvirkt námsefni sem nýtist sérstaklega í vottuðum námsleiðum framhaldsfræðslu, einkum með áherslu á að efla grunnleikni.

Við mat á umsóknum verður litið til þess hvernig verkefni fellur að markmiðum í 2. grein laga um framhaldsfræðslu og hvort umsækjandi hafi sýnt fram á faglega þekkingu og reynslu til að vinna verkefni sem sótt er um styrk til.
Einnig verður skoðað hvort verkefni:

- hafi skýr skilgreind markmið og vel skilgreinda verkefnastjórn,
- mæti sýnilegri þörf fyrir menntunarúrræði í framhaldsfræðslu,
- feli í sér nýsköpun eða þróun sem nýtist markhópi framhaldsfræðslu,
- feli í sér samstarf og að framlag samstarfsaðila sé tryggt og vel skilgreint,
- hafi skýra kostnaðar-, verk- og tímaáætlun,
- sé líklegt til að skila hagnýtri afurð og verði vel kynnt.

Tekið er á móti umsóknum til og með 27. apríl 2016.

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi. Umsóknareyðublað, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og nánari upplýsingar um vinnuferli og viðmið vegna styrkumsóknar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is. Þar eru einnig upplýsingar um fyrri úthlutanir til þróunar og nýsköpunar í framhaldsfræðslu.

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

RAUNFÆRNIMAT FRAMHALDSFRÆÐSLA NÁM OG RÁÐGJÖF

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Sjúkraliðar bíða fram yfir páska

**Sveitarfélögin sömdu við félög BHM aðfaranótt mánudags. Aukinn kraftur að færast í viðræður við hjúkrunarfræðinga. Sjúkraliðar hafa ekkert heyrt frá samþykkt verkfalls sem hefst að óbreyttu 4. apríl.**

**KJARAMÁL** „Það hefur enginn fundur verið haldinn síðan við tilkynntum um verkfall,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ), um stöðuna í kjaraviðræðum félagsins við samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sjúkraliðar samþykktu boðun verkfalls um miðjan mánuðinn.

„Ríkissáttasemjari ákvað að ekki væri ástæða til að vera með fund fyrr en hálfum mánuði síðar, sem er 30. mars, rétt eftir páskana,“ segir Kristín. Nýundirritaður samningur sveitarfélaganna við BHM hafi engu breytt um það. „Það hefur ekkert heyrst í þeim.“

Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir stöðuna óbreytta í viðræðum félagsins við sveitarfélögin, viðræður standi yfir. Þá séu hjúkrunarfræðingar að svo stöddu ekkert farnir að velta fyrir sér hugsanlegum aðgerðum til að þrýsta á um samning.

„Ætli það fari ekki að ganga hraðar núna en verið hefur hingað til,“ segir Ólafur, línur séu að skýrast í viðræðunum. „Hægt og rólega er þetta að koma.“

Samningar sem náðust á milli samninganefnda sveitarfélaganna og níu félaga Bandalags háskólamanna (BHM)og skrifað var undir á mánudagsmorgun sýna þó að skjótt getur skipast veður í lofti í viðræðunum.

Fram undir síðustu viku var fremur þungt hljóð í fólki hjá BHM og rætt um að skoða aðgerðir vegna þess að kjaraviðræðurnar hefðu dregist úr hömlu. Þá sagðist Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, „hæfilega bjartsýn“ á framhaldið um miðja síðustu viku, en sagði viðræður þó þokast áfram.

Páll Halldórsson, formaður samninganefndar BHM, segir hlutina svo hafa smollið aðfaranótt mánudags.

Félög BHM sem semja við sveitarfélögin eru Dýralæknafélag Íslands, Félag íslenskra félagsvísindamanna, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félagsráðgjafafélag Íslands, Fræðagarður, Iðjuþjálfafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga og Þroskaþjálfafélag Íslands.

Nýr samningur verður nú kynntur félagsmönnum og kosið um hann, en fram kemur á vef BHM að tilkynna þurfi niðurstöðu kosninga um samninginn ekki síðar en fimmta apríl næstkomandi.

olikr@frettabladid.is

> **Ætli það fari ekki að ganga hraðar núna en verið hefur hingað til. Hægt og rólega er þetta að koma.**
>
> Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga






# SAMLOKURNAR OKKAR ERU BESTAR Í DAG.

Samlokurnar okkar eru gerðar í dag og eru þess vegna langbestar í dag. Gríptu daginn! Á morgun gerum við svo aðrar samlokur í staðinn, því ferskleikinn skiptir öllu máli.

SÓMI
Ferskt á hverjum degi






565 6000 / SOMI.IS

# Jafnréttisstýra biður um skýringar ráðherra

**Innanríkisráðherra skipaði þrjár konur og aðeins einn karl í verkefnastjórn þriggja ráðuneyta sem fjallar þó um augljóst jafnréttismál. Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra segir málið vonbrigði og kallar eftir skýringum frá stjórnvöldum.**

**FÉLAGSMÁL** Jafnréttisstofa mun kalla eftir skýringum frá stjórnvöldum á skipan Ólafar Nordal innanríkisráðherra í verkefnisstjórn þriggja ráðuneyta sem fjallar um hvaða laga- og reglugerðarbreytingar eru nauðsynlegar svo hægt sé að lögfesta ákvæði í barnalög um skipta búsetu barns.

Fjórir skipa nefndina; þrjár konur og einn karl sem er ekki í anda jafnréttislaga. Málið varðar ekki síst réttindi umgengnisforeldra þar sem tæp 90 prósent eru karlar.

Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir það skýrt markmið jafnréttislaga að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

„Opinberir aðilar eiga að sjálfsögðu að ganga á undan með góðu fordæmi. Samkvæmt 15. grein jafnréttislaga ber að tilnefna bæði karl og konu. Það er svo þess sem endanlega skipar viðkomandi nefnd að sjá til þess að hún sé rétt skipuð nema að hlutlægar ástæður liggi fyrir skipaninni, til dæmis sérstök sérfræðiþekking. Það er þó erfitt að sjá að það gildi í þessu tilviki en Jafnréttisstofa mun að sjálfsögðu kalla eftir skýringum á þessari skipan mála,“ segir Kristín.

Spurð hvort skýringin á skipan nefndarinnar með ójöfnum kynjahlutföllum eigi mögulega rætur að rekja í hugsanlegan mun á skipan stjórnar, nefndar eða verkefnisstjórnar í lögum, svarar Kristín að hún fái ekki séð mun þar á.

„Það eru auðvitað vonbrigði að sjá skipan eins og þessa sem virðist ónauðsynleg. Ráðuneytin þurfa að vera betur vakandi en það er sem betur fer undantekning að sjá svona dæmi,“ segir Kristín.

Verkefnisstjórnin hefur hafið störf. Forsagan er sú að 1. september kom út skýrsla innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum. Skýrslan var unnin í kjölfar ályktunar Alþingis um að fela innanríkisráðherra að kanna með hvaða leiðum megi jafna stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna með tilliti til réttinda, skyldna og skráningar sem fylgir lögheimili barns.

Niðurstaða starfshópsins var að í ýmsum gildandi lögum, reglugerðum og reglum sé bersýnilega aðstöðumunur milli foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna og ala þau upp á tveimur heimilum. **svavar@frettabladid.is**

## Verkefnisstjórnina skipa

- Lilja Borg Viðarsdóttir sérfræðingur, tilnefnd af innanríkisráðuneyti og leiðir verkefnisstjórnina.
- María Rut Kristinsdóttir sérfræðingur, tilnefnd af innanríkisráðuneyti.
- Guðríður Bolladóttir sérfræðingur, tilnefnd af velferðarráðuneyti.
- Steinar Örn Steinarsson sérfræðingur, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneyti.

**Hlutverk**

- Að greina ítarlega hvaða laga- og reglugerðarbreytingar eru nauðsynlegar svo hægt sé að lögfesta ákvæði í barnalög um skipta búsetu barns.
- Verkefnisstjórnin hefur þegar hafið störf.

> Opinberir aðilar eiga að sjálfsögðu að ganga á undan með góðu fordæmi.

Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra




**Innviðasjóður**

Umsóknarfrestur **2. maí**

**Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Innviðasjóði.**

Hlutverk sjóðsins er að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Við úthlutun úr Innviðasjóði er tekið mið af úthlutunarstefnu Innviðasjóðs og eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

- Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda
- Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður styrkir
- Að innviðirnir auki möguleika á menntun og þjálfun á viðkomandi fræðasviði
- Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti
- Innviðir sem komið er upp með styrk frá sjóðnum skulu vera aðgengilegir öðrum rannsóknahópum eftir því sem svigrúm er til og skal sjóðnum gerð grein fyrir hvernig aðgengi verður háttað
- Að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar

Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

**Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.**

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



# Gleðilega páska

FULL BÚÐ AF FALLEGUM PÁSKAVÖRUM OG FRÁBÆRUM TILBOÐUM



## FALLEGT OG GÓMSÆTT TIL AÐ NJÓTA UM PÁSKANNA






15-30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GRILLUM
OG GRILLAUKAHLUTUM

### AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKANA

Skírdagur: 10.00 – 21.00
Föstudagurinn langi: lokað
Laugardagur: 10.00 – 21.00
Páskadagur: lokað
Annar í páskum: 10.00 – 21.00

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Lýst er eftir fjórða árásarmanninum

**Sjálfsvígsrásirnar í Brussel kostuðu að minnsta kosti 30 manns lífið. Íslamska ríkið hefur lýst yfir ábyrgð. Tveir grunaðir vitorðsmenn voru handteknir og lýst er eftir þeim þriðja. Forsætisráðherra Belgíu hvetur fólk til að halda ró sinni.**

**BELGÍA** Yfir þrír tugir manna létu lífið og um 250 særðust í sjálfsvígsárásum í Brussel í gærmorgun. Grimmdarverkasamtökin DAISH, eða Íslamska ríkið, lýstu síðdegis yfir ábyrgð sinni.

Í yfirlýsingu frá DAISH segir að þetta hafi verið hefndaraðgerð vegna þátttöku Belgíu í hernaði Vesturlanda gegn samtökunum í Sýrlandi og Írak.

Aðalsaksóknari Belgíu staðfesti í gær að þarna hafi sjálfsvígsárásarmenn verið á ferðinni. Tveir hafi sprengt sig á Zaventem-flugvellinum og einn á Maelbaek-lestarstöðinni.

Að minnsta kosti tíu manns létu lífið á flugvellinum en tuttugu á lestarstöðinni. Að auki særðust minnst 100 manns á flugvellinum og 130 á lestarstöðinni, sumir lífshættulega.

Þriðja sprengjan fannst á flugvellinum og var hún eyðilögð.

Lögreglan í Belgíu hefur lýst eftir manni, sem talinn er hafa verið viðriðinn árásirnar í Brussel í gærmorgun og rýmdi lögregla nokkur hverfi til að leita að honum. Svo virðist sem hann hafi einnig ætlað að sprengja sig en hætt við.

Birt hefur verið ljósmynd af honum frá flugvellinum, þar sem hann er klæddur í ljós föt. Á myndinni eru einnig tveir aðrir menn, sem taldir eru vera sjálfsvígsárásarmennirnir.



**Lögreglan í Belgíu birti þessa mynd í gær, segir dökklæddu mennina tvo vera árásarmennina en sá ljósklæddi sé nú eftirlýstur.** NORDICPHOTOS/AFP

Þá segist lögreglan hafa handtekið tvo grunaða vitorðsmenn stuttu eftir árásirnar í gærmorgun.

Sprengingin á Maelbaek-stöðinni heyrðist einnig vel á næstu stöð, Schuman-lestarstöðinni, en báðar þessar stöðvar eru í næsta nágrenni við höfuðstöðvar Evrópusambandsins í borginni.

Öryggisráðstafanir voru einnig gerðar í nágrannalöndunum, Frakklandi, Hollandi og Þýskalandi. Frakkar sendu 1.600 lögreglumenn út af örkinni, bæði að landamærum Belgíu og að lestarstöðvum og öðrum miðstöðvum almenningssamgangna.

„Það sem við óttuðumst hefur gerst,“ sagði Charles Michel, forsætisráðherra Belgíu. Hann hvatti fólk til að halda ró sinni og standa saman.

„Þetta er árás hugleysingja. Árás á gildi okkar og á hin opnu samfélög okkar,“ skrifaði Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO og fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, á Twitter-síðu sína. „Hryðjuverkamönnum mun ekki takast að yfirbuga lýðræðið og svipta okkur frelsinu.“ **gudsteinn@frettabladid.is**

## Sjálfsvígsárásir í Brussel

Að minnsta kosti 28 manns létu lífið í árásunum á Zaventem-flugvöllinn og Maelbeek-lestarstöðina í Brussel í gær.




Ljósmyndir: Associated Press
© GRAPHIC NEWS



# Óvenju margir pítsukassar komu lögreglunni í Brussel á sporið

**BELGÍA** Yfirvöld í Belgíu hafa staðfest að árásirnar í Brussel í gær tengist árásunum í París í nóvember. Aðeins fáeinir dagar eru liðnir frá því Salah Abdeslam, einn þeirra sem tóku þátt í árásunum í París, var handtekinn í Brussel.

Abdeslam er talinn hafa verið lykilmaður við skipulagningu árásanna í París, sem kostuðu 130 manns lífið. Hann komst undan og var í felum þar til hann náðist í kjallara í húsi þar sem móðir vinar hans býr í Molenbeek-hverfinu í Brussel. Vinurinn heitir Abid Aberkan.

Lögreglan hafði fylgst með honum eftir að hann hafði sést við jarðarför bróður Abdeslams, sem hét Brahim Abdeslam.

Brahim var eins og Salah einn þeirra sem tóku þátt í árásunum í París í nóvember. Brahim sprengdi sig þar í loft upp en Salah mun einnig hafa ætlað að sprengja sig, en hætt við á síðustu stundu.

Brahim var borinn til grafar á fimmtudaginn í síðustu viku, daginn áður en Salah náðist. Aberkan var einn burðarmanna líkkistu Brahims. Eftir jarðarförina tók lögregla að fylgjast með íbúðinni, sem Aberkan bjó í ásamt móður sinni.

Grunur lögreglu vaknaði eftir að mikið magn af pítsum var borið inn í húsið. Þar með tókst lögreglunni loks að handsama Salah, fjórum mánuðum eftir árásirnar í París. Þar í íbúðinni var einnig handtekinn annar maður, Amine Choukri. Loks hafði lögreglan stuttu síðar hendur í hári Aberkans í einu úthverfa Brussels.

Lögreglan í Belgíu hefur verið harðlega gagnrýnd fyrir að hafa ekki verið fyrir löngu búin að hafa uppi á Abdeslam. **gudsteinn@frettabladid.is**



**Abid Aberkan sást í jarðarför Brahims Abdeslam í Brussel í síðustu viku. Daginn eftir var Salah Abdeslam handtekinn í íbúð móður Aberkans.** NORDICPHOTOS/AFP

## Atlaga að siðmenningu

**BELGÍA** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sendi í gær samúðarkveðjur frá sér og íslensku þjóðinni til Philippe Belgíukonungs.

Í tilkynningu forseta segir að „samúð Íslendinga sé með fjölskyldum þeirra sem biðu bana, ættingjum þeirra og vinum, sem og með þeim sem sárir eru.“ Árásirnar séu atlaga að lýðræði, siðmenningu, mannréttindum, jafnrétti og frjálsri umræðu. **– þea**



**Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands**

## Aukin löggæsla ekki eina svarið

**BELGÍA** „Ég er í áfalli. Þetta er nálægt mér og minni fjölskyldu. Við bjuggum þarna í nokkur ár og þekkjum vel þessa staði sem ráðist var á,“ segir Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og fyrrverandi lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. „Við eigum þarna vini og hugur okkar er hjá þeim og þeim sem eiga um sárt að binda.“

Stefán segir eðlileg fyrstu viðbrögð að lögregla hugi vel að öryggi og viðbúnaði og vegi og meti ástandið en segir mikilvægt að nálgast málið af yfirvegun. „Aukin löggæsla er ekki eina svarið við því sem blasir við. Ég held að við þurfum að taka á þessu á fleiri sviðum með fjölbreyttari hætti. Með samstöðu, samhug og kærleik. Við þurfum meira á því að halda en öðru,“ segir Stefán.



**Stefán Eiríksson, fyrrverandi lögreglustjóri**

## Hert á öryggin u

**BELGÍA** „Eftirlit hefur þegar verið hert á flugvellinum. Við höfum tekið fjölda manna í eftirlit, fengið aðstoð frá ríkislögreglustjóra og sérsveit og erum að grípa til fleiri ráðstafana,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjórinn á Suðurnesjum. „Við tókum strax tvo aukamenn í löggæslu í flugstöðinni og við hana.“

Ólafur segir að vástigsnefnd hafi á fundi fyrir hádegi í gær ákveðið að hækka ekki vástigið. „En við erum hins vegar að grípa til hertra öryggisráðstafana.“ **– þea**



**Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri Suðurnesja**


# Gefðu sparnað í fermingargjöf

**Gjafakort Landsbankans** er góð leið til að gefa sparnað í fermingargjöf. Ef fermingarbarnið leggur 30.000 krónur eða meira í sparnað hjá Landsbankanum greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag. Þannig getur gjafakortið lagt grunn að góðum fjárhag.

**Kortið** kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst í útibúum Landsbankans. Kynntu þér sparnaðarleiðir fyrir fermingarbarnið á klassi.is.





Hlúð að særðu fólki við inngang Maelbeek-lestarstöðvarinnar í Brussel, steinsnar frá höfuðstöðvum framkvæmdastjórnar og ráðherraráðs Evrópusambandsins. NORDICPHOTOS/AFP



Hermaður á verði fyrir utan byggingu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Brussel í gær.

# Hryðjuverkamenn létu til skarar skríða í Brussel

Ótti greip um sig í Belgíu í gær eftir tvær sjálfsvígsárásir í Brussel. Aðeins fjórar dagar eru síðan sá sem grunaður er um að vera einn höfuðpauranna í hryðjuverkunum í París í nóvember var handsamaður í belgísku borginni. Þriggja daga þjóðarsorg er nú í landinu.




Fólk yfirgefur flugvöllinn í Brussel stuttu eftir sprengingarnar í gærmorgun. Í baksýn sjást miklar skemmdir á flugstöðvarbyggingunni.



Slökkviliðsmenn koma á vettvang hjá Maelbeek-lestarstöðinni, þar sem ein sprengja kostaði á annan tug manna lífið.

NÓI SÍRÍUS




## Börnin vita best

Hreina páskaeggið okkar bar sigur úr býtum í nýju páskaeggjasmakki DV. Dómnefndin var skipuð fulltrúum yngstu kynslóðarinnar og voru allir sammála um gæði eggsins. Þetta ætti ekki að koma á óvart, því öll viljum við hafa páskaeggin okkar fullkomin.

**Við þökkum kærlega fyrir okkur — nú mega páskarnir koma!**

cocoa HORIZONS

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

facebook.com/noisirius


BAUHAUS
Páskagleði
30%
afsláttur af öllum ljósum
m.v. gildandi almennt verð
Páskagleði
20%
afsláttur af öllum trampólínum
m.v. gildandi almennt verð
Broil King
MONARCH
Páskagleði
20%
afsláttur af öllum grillum frá
Broil King
Great Barbecues Every Time
m.v. gildandi almennt verð
Páskagleði
175.-
Mótatimbur
22 x 150 mm. Verð á m.
AEG
39.995.-
63.995.-
Búta-/geirungssög
PS 216L. 1200 vött. 4500 snún./mín. Þv. sagarblaðs 216 x 30 mm, með 48 tönnum.
AEG
24.995.-
37.395.-
Höggbor-/skrúfvél með hleðslurafhlöðu
BSB 18 G2 LI 152C. 18 V. 400/1500 snún./mín., snúningsvægi 50 Nm, 2 stk. 1,5 Ah Li-ion rafhlöður. 60 mín. hleðslutæki og taska fylgja.
AEG
29.995.-
41.995.-
Bor-/skrúfvél með hleðslurafhlöðu, 100 hlutir
BS18G2LI. 18 V. Hámarkssnúningsvægi 50 Nm, 24 snúningsþrep. 2 gírar, 0–400 snún./mín og 0-1500 snún./mín. LED-ljós. Þyngd 1,8 kg, að rafhlöðu meðtalinni. 2 stk. 2,0 Ah Pro litíum-ion rafhlöður, hleðslutæki, fylgihlutasett með 100 hlutum og verkfærataska fylgja.
BAUHAUS®



# Páskagleði

# 30%

**afsláttur af allri málningu frá Sadolin og Pinotex**

m.v. gildandi almennt verð



milobad

**29.995.-** ~~38.845.-~~

## Baðinnrétting Lyon

B:90 cm. Hvít, með þremur neðri skápum, handlaug og spegli, auk efriskáps og hillu. Hliðarskápur og blöndunartæki fylgja ekki.

Hár skápur.................................................23.095.-



**9.995.-** ~~12.995.-~~

## Nautic 2

Falinn S-lás og 3/6 l skolun. Salernisseta fylgir ekki.



**895.-**

## Easyloc plastparket í eik eða beyki

Þykkt 6 mm. Plankastærð 193 x 1380 mm. Auðvelt að leggja. Verð á m².



**2.495.-** ~~3.995.-~~

Takmarkað magn.

## Castelli gólfflísar

30 x 60 cm. Afar slitsterkar, sýruþolnar og frostþolnar postulínsflísar. Skriðvörn R11. Gróft, matt yfirborð. Antracit og gráar. Verð á m².



**2.495.-** ~~5.295.-~~

Takmarkað magn.

## Coralli gólfflísar

33,3 x 50,2 cm. Glerjað postulín, slitstykur 4 og frostþolnar. Skrikvörn R9. Fáanlegar í azzurro. Verð á m².



PALAZZO

30 X 60 CM

**2.995.-** ~~4.995.-~~

Takmarkað magn.

## Ambiente gólfflísar

29,5 x 59,5 cm. Glerjað postulín, frostþolnar, slitþolsstig 4. Ljósbrúnar, brúnar eða svartar. Verð á m².

60 x 60 cm. Verð á m² ........................ ~~5495.-~~ 2.995.-

45 x 90 cm. Verð á m² ........................ ~~6995.-~~ 3.495.-

# MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN

## MIKIÐ ÚRVAL, LÁGT VERÐ OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 23. mars til og með mánudeginum 28. mars 2016.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Hættulegir smyglbílar á ferð í Noregi

**NOREGUR** Yfir helmingi þeirra 100 bíla sem norskir landamæraverðir hafa stöðvað við Svinesund síðastliðinn mánuð vegna smygls á áfengi hefur verið breytt. Breytingarnar hafa verið gerðar á bílunum til að hægt sé að koma miklu meira af vörum fyrir í þeim en þeir eru gerðir fyrir. Bílarnir voru yfirleitt svokölluð rúgbrauð.

Á vef sænska ríkisútvarpsins er haft eftir yfirmanni landamæravarðanna að bílarnir séu lífshættulegir þegar þeir eru með alltof þungan farm. Mjög erfitt sé að stjórna þeim og bremsa. – **ibs**



**Volksvagen rúgbrauð mun vera algengt farartæki smyglara í Noregi.** NORDICPHOTOS/GETTY


# Aðalfundur Landsbankans 2016

Aðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn miðvikudaginn 14. apríl 2016 kl. 17:00 í Silfurbergi í Hörpu.

## Drög að dagskrá:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál.

## Aðrar upplýsingar:

Hluthafar eiga rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast bankanum fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 30. mars 2016. Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða aðgengileg á vef bankans á slóðinni **bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundir** fimmtudaginn 31. mars 2016.

Samkvæmt 63. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynna skal skriflega um framboð til bankaráðs fyrir kl. 16:00 föstudaginn 8. apríl 2016 til skrifstofu bankastjóra, Austurstræti 11, Reykjavík. Upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á vef bankans tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum að frádregnum eigin hlutum sem eru án atkvæðisréttar. Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 16:30 á fundardegi. Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang.

**Reykjavík, 23. mars 2016**
**Bankaráð Landsbankans hf**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000




**Þorsteinn Þorsteinsson, íbúi í Boðaþingi, fer fyrir íbúum. Hann borgar 270 þúsund krónur á mánuði í leigu, öryggishnapp og hússjóð.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Of há húsgjöld hjá öldruðum

**Brunavarnir eru á meðal þess sem íbúar í þjónustuíbúðum Naustavarar eru rukkaðir um með fjórtán þúsund króna húsgjaldi. Kærunefnd húsamála segir slíka kostnaðarliði eiga heima undir húsaleigunni.**

**SAMFÉLAG** „Mér finnst að verið sé að níðast á gömlu fólki með því að láta okkur borga þetta,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson, leigutaki hjá Naustavör, sem leigir út þjónustuíbúðir fyrir aldrað fólk við Boðaþing í Kópavogi.

Þorsteinn er talsmaður íbúa í húsinu en þeir telja Naustavör hafa ofrukkað íbúa um húsgjöld um margra ára bil og hafa sett endurkröfuna í innheimtu en án árangurs.

Naustavör er dótturfélag Sjómannadagsráðs sem rekur meðal annars dvalarheimili Hrafnistu og Happdrætti DAS. Leiga á íbúð, sambærilegri þeirri sem Þorsteinn býr í og er um 97 fermetrar, er tæpar 250 þúsund krónur á mánuði. Þess utan eru allir íbúar skyldubundnir til að borga fyrir öryggishnapp, óháð heilsufari. Hnappurinn kostar 5.000 krónur á mánuði fyrir hjón. Þá eiga allir íbúar að borga í hússjóð tæpar 14 þúsund krónur á mánuði.

Styrinn stendur um hússjóðinn. Ekki er sérstakt bókhald utan um hann og illa hefur gengið að fá gögn um það í hvað greiðslan er nýtt.

„Allar nótur eru stílaðar á Naustavör en ekki hússjóðinn. Við kröfðumst þess að því yrði breytt en það hlýtur ekki undirtektir. Við fengum skilgreiningu á því hvaða kostnað við erum að greiða og þá kom í ljós að hússjóður hefur verið notaður til að borga kostnað sem kemur rekstri sameignar ekkert við,“ segir Þorsteinn.

Þegar íbúar óskuðu eftir skjölum um hreyfingar á reikningum kom í ljós að hússjóðurinn er meðal annars nýttur til að greiða fyrir stjórnunarkostnað, öryggissíma í lyftu, húsvörslu og brunavarnir. Þá er innifalið í hússjóðnum kostnaður við púttvöll sem er á lóð hússins. Allt þetta telur Þorsteinn að eigi að vera innifalið í húsaleigunni, sem er hærri en gengur og gerist á almennum markaði.

> **Þá kom í ljós að hússjóður hefur verið notaður til að borga kostnað sem kemur rekstri sameignar ekkert við**
>
> Þorsteinn Þorsteinsson, leigutaki hjá Naustvör

Íbúar báru málið undir kærunefnd húsamála.

„Úrskurður nefndarinnar var skýr um að allt ætti þetta heima undir húsaleigu. Þeir hjá Naustavör voru búnir að segja áður að þeir myndu virða úrskurð kærunefndar hver sem hann yrði, en svo breyttist það þegar hann var þeim óhagstæður,“ segir Þorsteinn.

Eftir að málið fór til kærunefndar var ákveðið að íbúar fengju ekki frekari gögn um fjármagnshreyfingar frá Naustavör.

Málið er því nú komið til innheimtu. Tekin verður ákvörðun um málshöfðun ef endurgreiðsla fæst ekki frá Naustavör.

„Við erum engir auðmenn sem stöndum í þessu en okkur er ákaflega illa við að láta brjóta á okkur lög. Okkur finnst vera gert lítið úr gömlu fólki með þessu. Við erum ekki að þessu bara fyrir íbúana hér. Naustavör rekur fleiri íbúðir og við teljum afar líklegt að verið sé að reka þetta með sama máta þar.“

snaeros@frettabladid.is

# Starfsemi Gildis – lífeyrissjóðs 2015

*Á árinu greiddu um 46.300 sjóðfélagar til Gildis og 20.600 manns fengu greiddan lífeyri úr sjóðnum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði verulega milli ára, en eignir í árslok 2015 voru 1,4% umfram heildarskuldbindingar. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris er 451 milljarður.*

## Eignir

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 451.050 m.kr. í árslok 2015 og hækkaði á árinu um 82.785 m.kr., þar af eru 37.080 m.kr. vegna sameiningar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga við sjóðinn. Hrein eign séreignardeildar í árslok 2015 var 4.013 m.kr. og hækkaði um 940 m.kr. frá fyrra ári, þar af eru 607 m.kr. vegna sameiningar séreignarleiðar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga við sjóðinn.







**Eignir samtryggingardeildar skiptast þannig:**

| | |
|---|---|
| **31,6%** | Ríkistryggð skuldabréf |
| **26,4%** | Erlend verðbréf |
| **21,8%** | Innlend hlutabréf |
| **6,7%** | Skuldabréf fyrirtækja |
| **8,6%** | Önnur skuldabréf |
| **2,9%** | Sjóðfélagalán |
| **2,0%** | Innlán |



Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa var 34,4% og erlend hlutabréf hækkuðu um 3,0% í krónum. Hlutabréf sjóðsins samanstanda af skráðum verðbréfum og óskráðum fjárfestingarsjóðum. Raunávöxtun skuldabréfa var 4,3%.




## Efnahagsreikningur

í milljónum kr.

| | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 218.880 | 165.575 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 207.559 | 184.275 |
| Veðskuldabréf | 16.598 | 15.771 |
| Bankainnstæður | 9.708 | 4.018 |
| Kröfur | 2.264 | 1.507 |
| Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir | 446 | 427 |
| Skuldir | -393 | -234 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **455.063** | **371.338** |

## Breytingar á hreinni eign

í milljónum kr.

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 17.610 | 14.060 |
| Lífeyrir | -13.441 | -11.336 |
| Framlag ríkisins vegna örorku | 1.180 | 1.107 |
| Fjárfestingartekjur | 41.355 | 33.786 |
| Fjárfestingarkostnaður | -255 | -232 |
| Rekstrarkostnaður | -473 | -428 |
| Aðrar tekjur | 63 | 55 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 46.039 | 37.014 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 371.338 | 334.324 |
| Hrein eign Lífeyrissjóðs Vestfj. | 37.686 | |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **455.063** | **371.338** |

## Kennitölur

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Hrein nafnávöxtun | 9,9% | 9,9% |
| Raunávöxtun | 7,9% | 8,9% |
| Hrein raunávöxtun | 7,7% | 8,8% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 6,3% | 5,0% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 1,1% | 2,0% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 30.846 | 28.073 |
| Fjöldi launagreiðenda | 5.081 | 4.369 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 20.580 | 18.189 |
| Tryggingafræðileg staða (%) | 1,4% | - 0,9% |

## Stjórn sjóðsins

Þorsteinn Víglundsson (formaður), Harpa Ólafsdóttir (varaformaður), Árni Bjarnason, Elínbjörg Magnúsdóttir, Hjörtur Gíslason, Konráð Alfreðsson, Þorbjörg K. Jónsdóttir og Þórunn Liv Kvaran.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson.

## Ársfundur 2016

Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 14. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.


GILDI
Lífeyrissjóður
www.gildi.is
gildi@gildi.is
515 4700

# Árás á okkur



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Árásin á Brussel í gær var ekki bara hefndaraðgerð vegna handtökunnar á Salah Abdeslam, höfuðpaursins í árásinni á París, eins og vísbendingar eru um, heldur enn ein árásin á Vesturlönd. Þetta var árás á lifnaðarhætti okkar og lífsgildi. Það sem er hins vegar alvarlegt áhyggjuefni er að stjórnvöld á Vesturlöndum standa ráðþrota gagnvart því hvernig eigi að bregðast við.

Keðjan var rofin með friði í Evrópu eftir árásina á París í nóvember en bara um skamma stund. Það er óþægileg tilfinning að vera ríkisborgari í lýðræðisríki í Evrópu og upplifa sig ekki öruggan þegar maður ferðast um álfuna. Þetta er hins vegar sá veruleiki sem blasir við eftir París og Brussel. Aukið viðbúnaðarstig er nánast sjálfkrafa afleiðing af hryðjuverkaárásum en við verðum að komast að rótum vandans til að yfirstíga hann. Hvernig ætla stjórnvöld á Vesturlöndum að bregðast við? Er það með aukinni hernaðaríhlutun í Mið-Austurlöndum? Hatur elur af sér aukið hatur. Versta afleiðing árásanna á París og Brussel er minna umburðarlyndi eða sundrung milli fólks af ólíkum trúarbrögðum. Hin eina rétta ábyrga afstaða felst í því að sameina fólk. Við þurfum að aðstoða einstaklinga sem hneigjast til haturs. Inngrip á réttum tíma með menntun og fræðslu er lausnin.

Önnur árásin á Brussel var á Maelbeek-jarðlestastöðina skammt frá höfuðstöðvum Evrópusambandsins og annarra evrópskra stofnana. Eftir 11. september og eftir París hefur öryggiseftirlit á flugvöllum verið stórlega aukið með tilheyrandi skerðingu á lífsgæðum þeirra sem ferðast. Sú skerðing er bara lítið gjald að greiða í þágu öryggis. Á sama tíma er nánast útilokað að taka upp sambærileg, skilvirk öryggisúrræði til að gera jarðlestir og strætisvagna örugga gagnvart mögulegum sjálfsmorðssprengjumönnum. Að minnsta kosti hafa þau ekki verið fundin upp.

Að þessu sögðu verða stjórnvöld í álfunni áfram að standa vaktina. Lögreglan á Suðurnesjum sinnir mikilvægri greiningarvinnu í Leifsstöð í samstarfi við önnur löggæsluyfirvöld á degi hverjum. Lögreglan er einn af útvörðum öryggis okkar og fjármagn til hennar verður að endurspegla það. Við skulum ekki umgangast okkar eigið öryggi af neinni léttúð. En áhersla á öryggismál má ekki verða þess valdandi að við mismunum fólki. Þetta þarf að fara saman, hönd í hönd, öryggi okkar og skilningur og umburðarlyndi gagnvart fólki af annarri trú og uppruna. Það eru ekki múslimar sem fremja hryðjuverk. Hryðjuverkamenn fremja hryðjuverk.

Hryðjuverkasamtökin ISIS hafa lýst yfir ábyrgð á ódæðinu í Brussel. Þeir sem kaupa olíu af ISIS í Sýrlandi hafa blóð á höndum sínum. Á meðan Rússland og Bandaríkin standa ekki sameinuð um hvernig eigi að byggja upp Sýrland og hvernig eigi að uppræta ISIS verða villimenn, óvinir siðmenningar og frelsis, áfram í aðstöðu til að fóðra ungmenni með ranghugmyndum um hvernig eigi að öðlast tilgang í lífinu. En við getum gert þetta erfiðara fyrir villimennina með því að sameina fólk og tryggja jöfn tækifæri í samfélaginu.

**Við skulum ekki umgangast okkar eigið öryggi af neinni léttúð. En áhersla á öryggismál má ekki verða þess valdandi að við mismunum fólki.**

AÐALFUNDUR

SPOEX

SPOEX, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga, boða til aðalfundar **þriðjudaginn 5. apríl næstkomandi kl. 19:30.**
Fundurinn verður haldinn á **Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, 105 Reykjavík.**

Hefðbundin dagskrá aðalfundar skv. lögum Spoex:
**skýrsla formanns,**
**stjórnarkjör,**
**formannskjör.**

Fræðsla og samtal við stjórn.

**Sjá nánar á www.spoex.is**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Ógn við frelsið**

**Forseti Íslands og forsætisráðherra sendu belgísku þjóðinni samúðarkveðjur vegna hryðjuverkaárásanna þar í landi í gær. Forseti sagði að árásirnar væru atlaga að lýðræði, siðmenningu, mannréttindum, jafnrétti og frjálsri umræðu. Standa þurfi vörð um mannúð og bræðralag. Sigmundur tók í sama streng og sagði að enn á ný sé vegið að grundvallargildum lýðræðislegra samfélaga. Þetta er rétt. Eftir árásirnar í Frakklandi í nóvember á síðasta ári var Frökkum hugleikið að halda í allt sem gerir lífið svo gott og þess virði að njóta þess: Frelsið sem felst í því að fara út á meðal vina, hlæja og skála, með blik í auga. Vonandi höldum við því áfram í þetta sinn líka.**

**Drottningarstælar**

**Kári Stefánsson var ekki í pallborði á borgarafundi RÚV um heilbrigðismál sem fram fór í gær. Á mbl.is kom fram að RÚV hefði viljað hafa Kára í pallborði sem sérfræðing í heilbrigðismálum en sjálfur vildi hann vera í pallborði stjórnmálamanna. „Ég hefði haldið að skemmtilegasta sjónvarpið væri að etja mér gegn stjórnmálamönnum í þessum hópi. En RÚV er með svolitla drottningarstæla og þeir vilja stjórna,“ sagði Kári. Þetta eru svolítið fyndin ummæli því ef RÚV er drottningin í þessu máli þá er Kári spaðaásinn.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Heilbrigðisþjónusta – óháð efnahag



Magnús Orri Schram
varaþingmaður og frambjóðandi til formanns Samfylkingarinnar

Við eigum að setja miklu meiri fjármuni í heilbrigðisþjónustuna. Forgangsraða í þágu almennings. Sjúklingar og aðstandendur þeirra sem hafa dvalið á Landspítalanum skynja vel þá þörf sem er til staðar. Álagið og vinnuaðstaðan er óviðunandi. Mikið veikt fólk dvelur á göngum spítalans. Bílskúrar teknir undir sjúkrarúm. Starfsfólkið vinnur kraftaverk á hverjum degi en umhverfið er óboðlegt.

Verkefnið fram undan er þríþætt: Ljúka þarf við byggingu nýs spítala og bæta þannig aðstöðuna, minnka álagið og efla þjónustuna. Auka þarf styrk heilsugæslunnar sem getur þá verið fyrsti viðkomustaður almennings. Í þriðja lagi þarf að tryggja að fólk geti notið heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Að allir getið fengið þá aðstoð sem þeir þurfa en ekki bara þeir efnameiri. Það er því miður ekki raunin í dag.

Þess vegna á opinber heilbrigðisþjónusta að vera ókeypis. Fólkið sem veikist á ekki að þurfa að greiða háar fjárhæðir til að fá lækningu eða aðstoð. Þá er það veikast fyrir. Í dag getur það kostað milljónir að veikjast af krabbameini. Það kostar formúu að leita sér hjálpar í íslensku heilbrigðiskerfi. Það á ekki að líðast hjá jafn ríkri þjóð. Öflugt velferðarkerfi á að grípa þá sem þurfa aðstoð og styðja þá í gegnum erfiðleikana. Þannig stöndum við saman á bak við þá veiku. Í gegnum sameiginlega sjóði hjálpumst við að.

Almenningur vill setja meiri fjármuni í heilbrigðismál en við gerum í dag. Þess vegna skrifar fólk undir hjá Kára Stefánssyni. Peningarnir eru til staðar í þjóðfélaginu en stjórnmálamennina virðist skorta kjark til að forgangsraða í þágu almennings. Hægt er t.d. að sækja umtalsverða fjármuni til þeirra sem nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar og hafa fengið veiðigjöldin lækkuð á undanförnum árum. Það má nýta þá fjármuni til að byggja upp heilsugæsluna, ljúka við nýjan spítala og tryggja jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu – óháð efnahag. Nú þegar betur árar eigum við að fjárfesta í heilbrigðismálum. Við viljum nefnilega búa í samfélagi þar sem fólk býr við jöfn tækifæri – óháð efnahag.

**Fólkið sem veikist á ekki að þurfa að greiða háar fjárhæðir til að fá lækningu eða aðstoð.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Náttúruauðlindir í stjórnarskrá



**Ragnar Aðalsteinsson**
hæstaréttarlögmaður

Í stjórnarskrárfrumvarpi Stjórnlagaráðs eru markverðar nýjungar um náttúruauðlindir í þjóðareign. Spurt var um afstöðu kjósenda til frumvarpsins í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2012. Tveir þriðju kjósenda sögðust vilja leggja drög Stjórnlagaráðs til grundvallar nýrri stjórnarskrá og enn stærri hluti, eða um 75% kjósenda, sagðist samþykkur því að í nýrri stjórnarskrá yrðu náttúruauðlindir, sem ekki eru í einkaeigu, lýstar sem þjóðareign.

Ákvæði Stjórnlagaráðs var samið af óháðum og sjálfstæðum fulltrúum, sem þjóðin hafði til þess kjörið, og Alþingi svo skipað eftir ógildingu Hæstaréttar á grundvelli formsatriða. Ráðið vann verkefnið fyrir opnum tjöldum og tók sjónarmiðum almennings opnum örmum og gaumgæfði þau. Ráðsmenn komust að sameiginlegum niðurstöðum um efni og orðalag nýrrar stjórnarskrár fyrir landið. Stjórnarskrárfrumvarpið var þannig samið á lýðræðislegan hátt.

### Sanngjarn mælikvarði

Þeim, sem hafa hug á að endursemja og breyta tillögum ráðsins, er vandi á höndum, því færa má að því rök að þeir, sem það reyna, verði að færa á það ótvíræðar sönnur að breytingartillögur þeirra séu betur til þess fallnar að treysta almannahag en tillögur ráðsins. Það virðist sanngjarn mælikvarði, sem bregða má á nýbirtar tillögur stjórnarskrárnefndar.

Í tillögum ráðsins að ákvæði um náttúruauðlindir eru notuð hugtökin einkaeign og eign, sem eru í gildandi stjórnarskrá og hafa tiltölulega skýra merkingu. Í stað þess að nota svo glögg og afmörkuð hugtök er í tillögum stjórnarskrárnefndar Alþingis, sem nú hafa verið birtar, notað hugtakið að tilheyra sem gerir merkinguna óljósa. Það hugtak táknar ekki eignarréttarlegt samband í tillögum nefndarinnar. Merking þess er óljós og veldur túlkunarvanda. Nefndin viðurkennir í skýringum sínum að ekki sé vísað til hefðbundins eignarréttar. Síðar í ákvæðinu leggur nefndin til að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign. Enn notar nefndin hið óljósa hugtak að eitthvað sé háð einkaeignarrétti í stað þess að nota eins skýr hugtök og unnt er, í þessu tilviki auðlindir í einkaeigu.

> **Þá er í tillögum ráðsins lagt til að afnota- eða nýtingarleyfi verði einungis veitt til tiltekins hóflegs tíma í senn. Nefndin gerir ekki tillögu um slíka takmörkun á nýtingartímanum. Rökin fyrir takmörkuninni eru m.a. þau, að heimil langtímanýting getur í raun jafnast á við yfirfærslu eignarréttar.**

Náttúruauðlindahugtak nefndarinnar er ekki skilgreint að neinu leyti í ákvæðinu sjálfu og er því látið Alþingi eftir. Í tillögum ráðsins er að finna skilgreininguna, sem er nægilega sveigjanleg til að koma til móts við nýjar aðstæður og þekkingu, en er jafnframt hæfilegt aðhald að löggjafarvaldinu og leiðbeinandi fyrir dómstóla.

### Opnar fyrir geðþóttaákvarðanir

Um gjaldtöku af þeim sem fá leyfi til að nýta auðlindir í þjóðareign segir í tillögum ráðsins að leyfishafar skuli greiða fullt gjald fyrir og er fyrirmyndina að því orðalagi að finna í ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarnám. Nefnd Alþingis leggur hins vegar til að að jafnaði skuli taka eðlilegt gjald fyrir leyfi til nýtingar. Með því að nota hugtakið að jafnaði er leitast við veita Alþingi víðtæka heimild til að ákveða hvort gjald skuli taka af leyfishafa eða ekki. Með hugtakinu eðlilegt gjald er því einnig veitt víðtæk heimild til að ákveða gjaldið án tillits til verðmætis nýtingarleyfisins fyrir þann sem þess nýtur. Orðalagið opnar fyrir geðþóttaákvarðanir í andstöðu við almannahag.

Þá er í tillögum ráðsins lagt til að afnota- eða nýtingarleyfi verði einungis veitt til tiltekins hóflegs tíma í senn. Nefndin gerir ekki tillögu um slíka takmörkun á nýtingartímanum. Rökin fyrir takmörkuninni eru m.a. þau, að heimil langtímanýting getur í raun jafnast á við yfirfærslu eignarréttar.

### Leitast við að hafa áhrif

Þá er það gagnrýnisvert hvernig nefndin leitast við að hafa áhrif á túlkun ákvæðisins með því að gefa í skyn í greinargerð að gildandi nýtingarheimildir – og er þá átt við fiskveiðiheimildir – kunni að hafa stofnað til annarra og víðtækari réttinda en lög mæla fyrir um meðal annars með fyrirvaranum í lögum um stjórn fiskveiða um að nytjastofnar á Íslandsmiðum skuli vera sameign þjóðarinnar.

Af framangreindum samanburði er ljóst að ég tel að tillögur Stjórnlagaráðs beri vott um stjórnvisku og góðan skilning á þýðingu þess að texti í stjórnarskrá sé eins glöggur og unnt er og gefi sem minnst tilefni til mismunandi skilnings og þar með ágreinings á Alþingi og fyrir dómstólum.

Ísland er ríkt af auðlindum og gæfa og gengi þeirra sem nú búa hér og komandi kynslóða ræðst af því hvernig til tekst við varðveislu og nýtingu auðlinda landsins á sjálfbæran hátt. Mikilvægt tæki til að ná því markmiði er ákvæði í stjórnarskrá sem tryggir að auðlindum þessum verði ekki sóað þannig að ekki verði lífvænlegt í landinu til frambúðar. Alþingi verður að hafa það í huga er það tekur afstöðu til þessara tveggja tillagna.

# Forsetakosningarnar mega ekki verða markleysa



**Þorkell Helgason**
áhugamaður um bætta stjórnarskrá og sat í stjórnlagaráði

Forsetakosningar verða haldnar í lok júní. Þegar hefur á annan tug karla og kvenna tilkynnt um framboð og fleiri liggja undir feldi. Einhverjir kunna að heltast úr lestinni en engu að síður gætu kjósendur þurft að velja á milli 10 til 20 frambjóðenda. Hætt er við því að margir fórni höndum og láti hjá líða að kjósa. Enn verra er að forseti kynni að verða valinn með litlum stuðningi kjósenda, e.t.v. um 15% þeirra sem þátt taka í kosningunni, og enn lægra hlutfalli kosningabærra manna.

Ákvæði stjórnarskrárinnar mæla fyrir um að „[s]á, sem flest fær atkvæði […] er rétt kjörinn forseti.“ Lögin, sem útfæra þetta nánar, veita kjósendum það verkfæri eitt að merkja með einum krossi. Þessi aðferð kallast meirihlutakosning – sem getur reynst hreinasta öfugmæli. Margoft hefur verið bent á nauðsyn þess að breyta ákvæðunum og taka upp aðferð sem geri það líklegt að kjörinn forseti njóti stuðnings meirihluta kjósenda. Greinarhöfundur hefur skrifað um þetta blaðagreinar og sent stjórnarskrárnefnd þeirri sem skipuð var 2005 ítarlegt erindi þar um. Og vitaskuld tók stjórnlagaráðið, sem starfaði sumarið 2011, á málinu – en ekkert hefur gerst.

### Hvað er til ráða?

Stjórnarskránni verður vart breytt fyrir kosningarnar. En spyrja má hvort stjórnarskrárákvæðið sé svo þröngt að ekki megi kanna hug kjósenda nánar en með einum krossi? Að vísu kemur fram í umfjöllun um málið á Alþingi 1944 að einföld meirihlutakosning hafi þá verið höfð í huga enda sé það gert í trausti þess, eins og segir í nefndaráliti, að „þjóðinni takist að fylkja sér þannig um forsetaefni að atkvæði dreifist eigi úr hófi fram.“ Jafnframt skiptir máli að þeir 1.500 meðmælendur, sem krafist er í stjórnarskránni frá 1944, voru þá ríflega þrefalt hærra hlutfall kjósenda en nú. Það verður því að nýta svigrúm stjórnarskrárinnar til að koma í veg fyrir að forsetakosningarnar verði markleysa. Enn er tóm til að breyta kosningalögum í því skyni. Benda má á betri aðferðir sem ættu að rúmast innan ákvæða stjórnarskrárinnar:

- Nefna má svokallaða samþykktarkosningu þar sem kjósandi fær að krossa við alla þá sem hann treystir til að gegna embættinu. Allt eins og í einfaldri meirihlutakosningu nær sá kjöri „sem flest fær atkvæði“ svo að vitnað sé í stjórnarskrárákvæðið. Rannsóknir benda til þess að í samþykktarkosningu veljist sá frambjóðandi sem einna mest eining ríkir um.
- Enn betri er aðferð aðal- og varavals. Kjósandinn merkir við þann frambjóðanda sem hann helstan kýs, og við annan til vara. Fyrst eru talin saman atkvæði að aðalvali kjósenda. Nái þá einhver meirihlutafylgi er hann rétt kjörinn forseti Íslands. Ef ekki, kemur sá frambjóðandi sem fær fæst aðalatkvæði ekki lengur til greina. Atkvæði hans færast til hinna frambjóðendanna í samræmi við varaval hvers kjósanda og þá sem aðalvalsatkvæði. Þetta er svo endurtekið þar til fundinn er sá eini sem nær meirihluta þeirra atkvæða sem enn eru gild. Hann hefur þannig hlotið „flest atkvæði“. Lesa má um aðferðina og langa reynslu af henni á Írlandi á vefsíðunni thorkellhelgason.is/?p=264.

Vitaskuld þarf að gaumgæfa hvort að ofangreindar aðferðir séu í samræmi við stjórnarskrá. Hæstiréttur úrskurðar um lögmæti forsetakjörs og ætti því að bera skylda til að upplýsa Alþingi um stjórnarskrárlögmæti ráðgerðra lagaákvæða í þessu efni. Fyrir slíku er fordæmi. (Stjórnlagaráð tók á vanda af þessu tagi með því að leggja til skipan Lögréttu.)

Þyki lagabreyting ófær ættu lýðræðisunnendur að taka sig saman um að efna til vandaðrar skoðanakönnunar á hug kjósenda til frambjóðenda. Best færi á því að kjósendur yrðu spurðir bæði um aðal- og varaósk þeirra. Niðurstaðan gæti orðið leiðbeinandi, bæði frambjóðendum, sem kynnu að draga sig í hlé, en líka kjósendum sem sæju hvaða frambjóðendur kæmu helst til greina. En þetta er þrautaleið. Æskilegast væri að sjálft fyrirkomulag kosninganna væri slíkt að atkvæði kjósenda dagi ekki uppi.





www.volkswagen.is

Nýr Volkswagen Caddy

**Glæsilegur vinnubíll**

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíl á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukið öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir ökumanns- og farþegarými.

Nýr Volkswagen Caddy
kostar frá
**2.670.000 kr.**
(2.135.226 kr. án vsk)

**Atvinnubílar**

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




Fallegar fermingargjafir
– fyrir stelpur



Fossil Riley
30.800 kr.



Skagen Ditte
36.100 kr.



Daniel Wellington
Sheffield
Frá 23.500 kr.



Casio Retro
12.000 kr.

Kíktu á úrvalið
í vefverslunninni á
michelsen.is/fermingar

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni
Sími 511 1900 - www.michelsen.is


# Auknar og breyttar kröfur á forseta



**Össur Skarphéðinsson**
alþingismaður

Umræður um forsetakosningar hafa snúist um flest annað en þá verðleika sem breytt inntak forsetaembættisins í tíð Ólafs Ragnars Grímssonar krefst af þeim sem sækjast eftir kjöri. Fæstir virðast líka átta sig á þeim breytingum sem geta orðið á hlutverki forseta verði ný stjórnarskrá samþykkt á næsta kjörtímabili. Á því eru nú vaxandi líkur. Þær tel ég færa forsetanum aukið formlegt og efnislegt vægi á mikilvægum augnablikum einsog við flóknar stjórnarmyndanir.

### „Annars konar lýðræðiskerfi“

Fjórir stjórnmálaflokkar hafa lýst yfir að strax að loknum kosningum vilji þeir ráðast í umfangsmiklar breytingar á stjórnarskránni í samræmi við tillögur stjórnlagaráðs frá 2011. Þeir flokkar hafa alllanga hríð haft góðan meirihluta í könnunum. Núverandi forseti hefur sagt að tillögurnar séu „í raun nýr grundvöllur stjórnskipunar“ og feli í sér „annars konar lýðræðiskerfi en þjóðin hefur vanist, mjög frábrugðið því sem við höfum þekkt í áratugi.“ Kvað forsetinn þó „ótaldar tillögur stjórnlagaráðs um forseta Íslands“.

Athyglisvert er því að brjóta til mergjar hvernig síðasttöldu tillögurnar breyta vægi og áhrifum forsetans, einkum andspænis sundurleitu þingi og flókinni stjórnarmyndun. Um leið herða þær kröfurnar sem verður að gera til forsetaefna.

### Ólafur Ragnar breytti forsetaembættinu

Stjórnarskráin gefur forseta mjög rúmt svigrúm til athafna. Í þrennum efnum braut Ólafur Ragnar út jaðar hins pólitíska akurlendis Bessastaða.

Í fyrsta lagi tók hann í fóstur eitt af meginsviðum utanríkisstefnu Íslendinga, norðurslóðir, og hefur í tíð núverandi ríkisstjórnar bókstaflega tekið það yfir með glæsibrag. Stjórnmálamenn grannríkja einsog Jónas Gahr Störe, formaður norska Verkamannaflokksins og fyrrverandi utanríkisráðherra, ásökuðu eigin ríkisstjórn um að láta Íslendinga „stela“ frá sér norðurslóðum. Á minni tíð í utanríkisráðuneytinu skilgreindi ég norðurslóðir sem eina af þungamiðjum utanríkisstefnunnar, og skrifaði stefnuna um norðurslóðir sem Alþingi samþykkti einróma. Fyrir mig, og væntanlega aðra Íslendinga, er þetta ótvíræða frumkvæði forsetans fagnaðarefni. Svipað má segja um áherslur hans á jarðhita og endurnýjanlega orku.

Ólafur Ragnar hefur því fært alþjóðamál innfyrir verkahring forsetaembættisins. Nýr forseti mun þurfa að geta sett á dagskrá heima og erlendis mikilvæg utanríkispólitísk málefni, sem samstaða er um meðal almennings, svo fremi þau varði beina og óbeina hagsmuni Íslands. Gildir einu, hvort um væri að ræða norðurslóðir, íslenskar listir, loftslagsmál, mannréttindi, velferð hafsins – eða sértækari mál einsog súrnun norðurhafa. Forseti þarf að hafa þekkingu, reynslu og málefnalega burði til að koma hagsmunum Íslands með þessum hætti á framfæri.

> **Nýr forseti verður, líkt og Ólafur, að geta haldið vel og fast utan um hagsmuni Íslands í fyrirvaralausri orrahríð við erlenda valdsmenn á alþjóðafundum og ekki síður óvægna miðla ef í harðbakka slær. Reynsla í harðri rökræðu á erlendum vettvangi og afburðahæfni á alheimstungunni munu skera úr um getu nýs forseta til að standa undir þessu nýja verkefni.**

### Málsvar og málskotsréttur

Í öðru lagi verður Ólafs Ragnars minnst fyrir að hafa á ögurstundu tekið sér hlutverk málsvara Íslands í erfiðum millirikjadeilum. Af 20 ára ferli voru ógleymanlegustu orð forsetans mælt á erlenda tungu í hinum herskáa þætti, „Hard-talk“ á BBC: „Listen, son“ – en þau voru aðdragandinn að því þegar forsetinn setti Jeremy Paxman, þekktasta orðhák engilaxneska fjölmiðlaheimsins, á sinn stað í beinni útsendingu. Pólitísk reynsla, þekking á utanríkispólitík, vald á enskri tungu, og vigt aldurs gerðu forsetann að vígfimasta baráttumanni Íslands í deilunni við Breta og Hollendinga. Nýr forseti verður, líkt og Ólafur, að geta haldið vel og fast utan um hagsmuni Íslands í fyrirvaralausri orrahríð við erlenda valdsmenn á alþjóðafundum og ekki síður óvægna miðla ef í harðbakka slær. Reynsla í harðri rökræðu á erlendum vettvangi og afburðahæfni á alheimstungunni munu skera úr um getu nýs forseta til að standa undir þessu nýja verkefni.

Þriðja og mikilvægasta framlag Ólafs Ragnars er þó hvernig hann vakti málskotsréttinn til lífs eftir að flestir lögspekingar lýðveldisins höfðu túlkað hann sem innihaldslausan bókstaf. Með því að virkja málskotsréttinn færði forsetinn til þungamiðjuna í mikilvægi embættisins og breytti því í lýðræðislegan farveg fyrir vilja almennings andspænis umdeildum og óvinsælum lögum frá Alþingi. Rök forsetans voru gagnrýnd á sínum tíma. Alþingi og stjórnmálaflokkar undu hins vegar inngripum forsetans. Ríkisstjórnir sögðu ekki af sér. Þannig veittu þessar lykilstofnanir lýðveldisins málskotsréttinum lögmæti. Í dag er það nokkuð skýr vilji þjóðarinnar að meðan rétturinn er í höndum forseta sé hann nýttur sem stjórnskipulegur neyðarhemill til að tryggja henni rétt sinn. Nýr forseti þarf því að hafa sýnt að hann hafi bein sem duga gagnvart freku framkvæmdavaldi og búi yfir karakterstyrk, sem tryggi að vilji þjóðarinnar verði ekki kaffærður í refjum þingræðisins.

### Ný stjórnarskrá

Á alþingi er í dag ríkur vilji til að ráðast í löngu tímabærar breytingar á stjórnarskránni í samræmi við tillögur stjórnlagaráðsins. Fjórir flokkar með langvarandi meirihluta í könnunum vilja nýja stjórnarskrá. Langstærsti flokkur dagsins, Píratar, hafa siglt þannig með himinskautum að varla verður að óbreyttu mynduð ríkisstjórn án þátttöku þeirra. Þeir hafa formlega samþykkt með kosningu að ný stjórnarskrá sé forgangsverkefni.

Nýju ákvæðin um hlutverk forseta eru mjög merkileg. Í stað þess að forseti velji forsætisráðherra eftir hefðbundinn menúett með formönnum flokka á bak við luktar dyr verður hann að leggja fram formlega tillögu á Alþingi um þann einstakling sem hann vill að verði forsætisráðherra. Þingið mun ræða þá tillögu fyrir opnum tjöldum. Hafni það tillögu forsetans getur hann lagt fram aðra tillögu. Nái hún ekki heldur fram að ganga má hann leggja fram þriðju tillöguna, en sama rétt hafa þá einnig einstakir þingmenn og þingflokkar. Í þeirri lotu er athyglisverðast að forsetinn, og aðrir á þinginu, mega gera tillögu um að forsætisráðherra komi utan þings.

Annað merkilegt nýmæli, sem siglir hljótt en ristir djúpt, rýfur einokun flokksformanna á ráðgjöf til forsetans við myndun ríkisstjórna. Tillaga stjórnlagaráðs tekur sérstaklega fram að forseti skuli leita samráðs um tillögur sínar við þingflokka, eða þingmenn, en mælir ekki fyrir um sérstaka skyldu til að ráðslaga við flokksformenn. Ekki þarf reyndan stjórnmálamann til að skilja hvað þetta býður upp á.

### Aukið vægi við stjórnarmyndanir

Ég er hjartanlega ósammála þeim sem telja þessi nýmæli fela í sér litla breytingu á valdi forseta. Ég tel að við vissar aðstæður, þegar þing er sundrað og enginn skýr meirihluti í augsýn, færi þau forseta miklu meira svigrúm, meira vægi og ábyrgð en í dag. Þau gera því mun ríkari kröfur til að nýr forseti búi yfir færni til að geta undir tímapressu á úrslitastundum lokið stjórnarmyndun án þess að boða til nýrra kosninga.

Um leið þarf hann vitaskuld að svara öðrum kröfum, sem ég reifa ef til vill síðar. Ég tel til dæmis að forsetaefni verði krafin um afstöðu sína til deilumála sem slitið hafa þjóðina sundur áratugum saman, einsog um stjórn fiskveiða og eignarhald á auðlindum. Þau verða án efa meðal þeirra erfiðu mála sem hugsanlega koma til kasta forsetans. Þjóðin vill væntanlega vita að hverju hún gengur.

### Verðleikaprófið

Forsetakjör er verðleikapróf. Þar metur þjóðin staðfestu, feril, tjáningarhæfni, lífsreynslu, og mannlega eiginleika frambjóðanda andspænis þeim vaxandi kröfum sem gerðar eru til forsetans. Þessvegna er mikilvægt að þær séu skýrðar og ræddar strax í upphafi.

# Hin nýja stétt



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

Spurt er um land. – Landið er afar ríkt af auðlindum, þar eru framleiddar fleiri gígawattstundir af raforku á mann en á nokkrum öðrum stað á byggðu bóli. Landkostir eru miklir og hin síðari ár hefur fjöldi útlendinga sótt landið heim og fengið að njóta náttúru þess og samvista við innfædda í borg og bæjum. Fiskigengd við landið er gríðarleg og óvíða um veröldina landað jafn miklum fiski og þar.

Orkufyrirtækin og stóriðjuverin borga ekki sérstaklega fyrir hagnýtingu fallvatna og jarðhita til raforkuframleiðslunnar og talið nægja að þau borgi skatta og skyldur eins og hver önnur fyrirtæki. Þjóðin fær ekki greitt fyrir hverja framleidda gígawattstund jafnvel þó því sé haldið fram á hátíðarstundum að hún eigi fallvötnin og hverina sem raforkan er framleidd úr. Þjóðinni sem þar býr er sagt að henni eigi að nægja að fá að byggja virkjanirnar og vinna í stóriðjuverum þegar þau eru síðan tekin í notkun.

### Afraksturinn til þjóðarinnar

Ferðaþjónustan í landinu nýtur sérstaks skattaafsláttar í virðisaukaskatti og greiðir engin gjöld fyrir ferðamennina sem hún flytur til landsins til að láta skoða náttúru þess. Samt er landið farið að láta verulega á sjá vegna ágangs þessara ferðamanna sem fá að skoða landið án nokkurrar gjaldtöku.

Einnig er þjóðinni sagt að hún eigi að vera þakklát fyrir að fá skiprúm við að veiða fiskinn í hafinu og verka hann þegar honum hefur verið landað. Sjávarútvegsfyrirtækin fá að veiða fiskinn gegn málamyndagjaldi þrátt fyrir ótvíræð lagaákvæði um að þjóðin eigi þennan fisk. Hagnaðurinn er síðan fluttur úr landi til fjarlægra eyja enda nota sjávarútvegsfyrirtækin annan gjaldmiðil en þjóðin, gjaldmiðil sem er gjaldgengur um allan heim öfugt við þann gjaldmiðil sem þjóðinni er gert að nota. Sá gjaldmiðill er hvergi annars staðar gjaldgengur í veröldinni og þeir sem vilja nota fjármuni erlendis þurfa að fá til þess sérstakt leyfi hjá yfirvöldum.

> **Sjávarútvegsfyrirtækin fá að veiða fiskinn gegn málamyndagjaldi þrátt fyrir ótvíræð lagaákvæði um að þjóðin eigi þennan fisk. Hagnaðurinn er síðan fluttur úr landi til fjarlægra eyja enda nota sjávarútvegsfyrirtækin annan gjaldmiðil en þjóðin.**

Orkufyrirtækin, stóriðjan og sjávarútvegsfyrirtækin nota ekki þennan gjaldmiðil heldur hafa þau fengið leyfi yfirvalda til að nota erlenda gjaldmiðla. Nýlega kom í ljós að ráðamenn landsins hafa einnig undanskilið sjálfa sig notkun þessa gjaldmiðils og kjósa frekar að varðveita eignir sínar í erlendum gjaldmiðlum.

### Útlönd bara fyrir útvalda

Gjaldmiðillinn sem almenningi í landinu er gert að nota nýtist yfirvöldum þannig að þegar stjórnvöld og atvinnulífið hafa keyrt landið í þrot, sem hefur gerst reglulega í marga áratugi, þá er erlendur gjaldeyrir hækkaður í verði og almenningur verður að greiða hærra verð fyrir allar innfluttar vörur. Síðast þegar þetta gerðist hækkaði verð erlendra gjaldmiðla um tugi prósenta. Fyrir ráðamenn landsins, sjávarútvegsfyrirtækin, stóriðjuverin og orkufyrirtækin skiptir þetta engu máli því þessir aðilar nota ekki þennan gjaldmiðil.

Allar tilraunir til að láta meira fé renna til sameiginlegra verkefna þjóðarinnar með gjaldtöku af auðlindum stranda á þeim stjórnmálaflokkum sem sjávarútvegsfyrirtækin styrkja ótæpilega.

Hvaða land er spurt um, hvert er landið?

# the PIER

## NÝTT KORTATÍMABIL



**HAMPSHIRE FRÁLEGGSBORÐ**
**VERÐ 31.920,-**
stærð: 120x40xH81 cm.



**HAMPSHIRE VÍNSKÁPUR**
**VERÐ 31.920,-**
Stærð: 82x33xH95.5 cm.



**HAMPSHIRE SKÁPUR**
**VERÐ 31.920,-**
Stærð: 78x35.5xH100cm.

# HAMPSHIRE

## NÝ HÚSGAGNALÍNA Á KYNNINGARTILBOÐI

GILDISTÍMI 23. MARS – 30. MARS • GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS



## 2 FYRIR 1

### AF KERTASTJÖKUM OG SERVÍETTUM





**HAMPSHIRE HILLA**
**VERÐ 79.920,-**
Stærð: 100x42.5xH201 cm.

A WORLD OF INSPIRATION • the PIER • FOR YOUR HOME



**HAMPSHIRE NÁTTBORÐ**
**VERÐ 19.990,-**
Stærð: 50x40xH72.5 cm.



**HAMPSHIRE NÁTTBORÐ**
**VERÐ 15.992,-**
Stærð: 41x36xH46.5 cm.



**HAMPSHIRE SKENKUR**
**VERÐ 63.920,-**
Stærð: 120x41xH82.5 cm.

## PÁSKAOPNUN

| | | |
|---|---|---|
| **Skírdagur:** | Allar verslanir | **12.00–18.00** |
| **Föstudagurinn langi:** | Allar verslanir | **LOKAÐ** |
| **Laugardagur:** | Allar verslanir | **10.00–18.00** |
| **Páskadagur:** | Allar verslanir | **LOKAÐ** |
| **Annar í páskum:** | Korputorg & Smáratorg | **12.00–18.00** |
| | Glerártorg | **13.00–17.00** |



ANTON&BERGUR

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Erum á Facebook • www.pier.is

## Haukar deildarmeistarar eftir stormasaman vetur




**Bikarinn á loft** Deildarkeppninni í Domino's-deild kvenna lauk í gær og stóðu Haukar uppi sem deildarmeistarar. Á ýmsu hefur gengið í bæði þjálfara- og leikmannamálum Hauka en liðið, með Helenu Sverrisdóttur fremsta í flokki, stefnir hraðbyri að Íslandsmeistaratitlinum. Helena náði magnaðri þrefaldri tvennu í sigri Hauka á botnliði Hamars í gær – hún skoraði 30 stig, tók 20 fráköst og gaf 15 stoðsendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vranjes sagði nei takk við HSÍ

**Leitin að landsliðsþjálfara Íslands í handknattleik stendur enn yfir. Svíinn Ljubomir Vranjes gaf frá sér möguleikann á að taka við liðinu samkvæmt heimildum. Tíminn tifar viðurkennir formaður HSÍ.**

**HANDBOLTI** Íþróttadeild 365 hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að HSÍ hafi verið í viðræðum við Svíann Ljubomir Vranjes um að taka að sér þjálfun íslenska landsliðsins. Vranjes er þjálfari þýska stórliðsins Flensburg.

Hinn 42 ára gamli Vranjes var magnaður leikmaður á sínum tíma og lék eina 164 landsleiki fyrir Svía. Hann varð bæði heims- og Evrópumeistari sem leikmaður sænska landsliðsins.

Vranjes hefur verið þjálfari Flensburg síðan 2010 og náð eftirtektarverðum árangri með liðið. Hann vann meðal annars Meistaradeildina með Flensburg fyrir tveimur árum.

„Ég get nú ekki sagt þér mikið um þetta. Ég vil helst ekki tala um það þannig að ég segi bara „no comment“ við þessari fyrirspurn,“ sagði Vranjes í samtali við Fréttablaðið í gær aðspurður um viðræður sínar við HSÍ. Samkvæmt sömu heimildum hafnaði Vranjes tilboði HSÍ þó svo honum hafi litist vel á starfið.

Þessi klóki þjálfari segir að íslenska starfið ætti þó að vera heillandi.

„Ísland er með gott lið og fullt af góðum leikmönnum. Íslenska liðið hefur möguleika á að gera góða hluti í framtíðinni. Auðvitað vantar liðið nýjan þjálfara og ég tel að HSÍ finni réttan þjálfara fyrir liðið.“

Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, hefur haldið spilunum mjög þétt að sér í leitinni að nýjum þjálfara og á því varð engin breyting í gær er hann var spurður út viðræðurnar við Vranjes.

„Ég get ekki staðfest að við höfum verið í viðræðum við Vranjes eða nokkra aðra þjálfara. Ég hef talað við marga en ég mun ekki nefna neinn nöfn í því sambandi. Ég get þar af leiðandi ekki staðfest að Vranjes hafi hafnað einhverju tilboði frá okkur eða að hann hafi gefið þetta frá sér,“ segir Guðmundur en hvar stendur landsliðsþjálfaraleitin nákvæmlega núna?

„Við höfum verið að þrengja hringinn og ég vona að við förum að sjá fyrir endann á þessu máli.“

Formaðurinn sagði í viðtali við Fréttablaðið í upphafi mánaðarins að hann ætlaði að gefa sér tíma út þennan mánuð til þess að klára málið. Nær hann að standa við það?

„Ég ætla rétt að vona það. Ég er frekar rólegur maður að eðlisfari en ég viðurkenni að klukkan er farin að tifa á mig.“ henry@frettabladid.is




Ljubomir Vranjes. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÍSLENZKRA SÍMAMANNA FÉLAG F·Í·S

Stjórnarkjör

Skv 34. grein félagsins skal tveim mánuðum fyrir aðalfund ár hvert auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður samkvæmt 23. og 24. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi, auk þess fjórir menn til vara. Einnig skal kjósa þrjá menn í trúnaðarráð og þrjá til vara, tvo endurskoðendur og einn til vara og tvo menn í kjörstjórn.

Til að bera fram lista eða tillögu til stjórnarkjörs, trúnaðarráðs eða annarra trúnaðarstarfa, þarf skriflega staðfestingu þeirra sem á listanum eru. Komi aðeins fram einn listi eða tillaga um menn í trúnaðarstöður, þarf kosning ekki að fara fram.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2016

Umsóknum skal skila til skrifstofu félagsins Stórhöfða 31 merkt: Stjórnarkjör FÍS

*Stjórn Félags íslenskra Símamanna*

**Domino's-deild kvenna**

**Haukar - Hamar 87-73**

**Stigahæstar**: Helena Sverrisdóttir 30/20 fráköst/15 stoðsendingar, Dýrfinna Arnardóttir 14, Þóra Kristín Jónsdóttir 13 – Alexandra Ford 41/6 fráköst/6 stoðsendingar, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 13/6 fráköst, Íris Ásgeirsdóttir 12/7 fráköst/5 stoðsendingar.

**Keflavík - Grindavík 77-84**

**Stigahæstar**: Monica Wright 29/4 fráköst, Thelma Dís Ágústsdóttir 14/13 fráköst, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 13/7 fráköst – Whitney Michelle Frazier 36/12 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 16, Ingunn Embla Kristínardóttir 12/4 fráköst/4 varin skot.

**Snæfell - Valur 66-58**

**Stigahæstar**: Haiden Denise Palmer 20/9 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 18/5 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 9 – Karisma Chapman 14/9 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 12/7 fráköst/5 stolnir, Bergþóra Holton Tómasdóttir 9/6 fráköst.

Haukakonur tryggðu sér deildarmeistaratitilinn í gær og mæta liði Grindavíkur í undanúrslitum úrslitakeppninnar sem hefst eftir páska. Snæfell og Valur sem mættust í gær mætast einnig í undanúrslitunum. Stjarnan og Hamar urðu neðst en ekkert lið féll úr deildinni þetta árið.

**BAÐST AFSÖKUNAR**
Guðmundur Steinarsson, þjálfari karlaliðs Njarðvíkur í knattspyrnu, baðst í gær afsökunar á Twitter-færslu sem hann birti vegna meiðsla körfuboltamannsins Stefans Bonneau hjá Njarðvík í fyrrakvöld. Sagði Guðmundur veru Bonneau í Njarðvík í vetur hafa verið mikið leikrit en Bonneau sleit hásin í sínum fyrsta leik eftir að hafa verið frá í allan vetur vegna sams konar meiðsla í hinum fætinum. Bað Guðmundur stjórn, stuðningsmenn, leikmenn og þjálfara Njarðvíkur afsökunar, sem og Bonneau sjálfan og óskaði honum góðs bata.

**MORTEN BECK Í KR**
Morten Beck, danskur bakvörður, er kominn með félagaskipti í KR og spilar því með liðinu í Pepsi-deild karla í sumar. KR-ingar hafa verið í bakvarðavandræðum í vetur og koma Beck því styrkur fyrir vesturbæjarliðið. Fyrr í vetur samdi KR við nafna hans, Morten Beck Andersen, sem er sóknarmaður.

**ÁMINNING FYRIR EM**
Hryðjuverkaárásirnar í Brussel, höfuðborg Belgíu, eru áminning um þær öryggisráðstafanir sem þurfa a vera til staðar fyrir Evrópumeistaramótið í knattspyrnu í sumar, að sögn Bernards Cazeneuve, innanríkisráðherra Frakklands. Talið er að meira en 30 hafi látist í árásunum í gær. Ísland er meðal þátttakenda á EM í sumar og er von á fjölmörgum stuðningsmönnum íslenska liðsins til Frakklands vegna keppninnar, sem hefst 10. júní.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.25 | Kiel - Pick Szeged | Sport 3 |
| 18.30 | Körfuboltkvöld | Sport |
| 18.50 | ÍA - KR | Sport 2 |
| 19.00 | Keflavík - Tindastóll | Sport |

**Domino's-deild karla úrslitakep.**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Keflavík - Tindastóll | Keflavík |
| 19.15 | KR - Grindavík | DHL-höllin |

**Olís-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.30 | ÍR - Haukar | Austurberg |
| 19.30 | Valur - Fram | Valshöllin |
| 19.30 | Akureyri - Aftureld. | KA-hús |
| 19.30 | ÍBV - Víkingur | Vestm.eyjar |
| 19.30 | FH - Grótta | Kaplakriki |



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is


# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. mars 2016 | 12. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




## Verri umræða í betri afkomu

**Þór Sigfússon vill stofna Sílíkondal sjávarútvegarins á Íslandi. Hann segir að markmiðið sé að auka nýtingu sjávarafurða. Hann telur ekki skipta máli hvaða atvinnugrein skapi mestan gjaldeyri. En tekur eftir því að umræðan batnar eftir því sem afkoma greinarinnar er verri.**

»6




»2
**Vill ný markmið**
Framkvæmdastjóri Vistorku vill háleitari markmið í fjölgun rafbíla.

»4
**Misnotkun tíðkast**
Vísbendingar eru um að vinnuveitendur misnoti starfsnám.

»8
**Svipmyndin: Guðmundur Karl Jónsson**
Forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli í spjalli.

»10
**Tíu ár í lífi Lars**
Tíu ár eru liðin frá því að Lars Christensen skrifaði umdeilda greiningu um Ísland.

»12
**Lokahnykkurinn**
Stjórnarmaðurinn skrifar um afnám hafta.



Rúmföt fyrir hótel

Íslenskur rúmfatnaður fyrir hótel, gistiheimili og Airbnb
100% hágæða Pima bómull (360 þráða)
Rúmfötin sem ferðamenn kaupa með heim
Skilar þér tekjum í stað kostnaðar
Einstök gæði og gott verð

AUKNAR TEKJUR • MINNI KOSTNAÐUR •







Lín DESIGN
www.lindesign.is/hotel • sala@lindesign.is • sími 5332220

## SKJÓÐAN

# Ríkið ræðst til atlögu við einkarekstur og neytendur

**Í SÍÐUSTU VIKU** samþykkti Alþingi lög sem heimila fjármálaráðherra að setja á fót eignarhaldsfélag til að fara með þær framsalseignir, sem ríkið tekur við frá slitabúum gömlu bankanna og fleiri fjármálastofnunum sem hluta af stöðugleikasamkomulagi, en sem kunnugt er var mjög stór hluti stöðugleikaframlagsins í raun eins konar dótakassi með eignarhlutum í fyrirtækjum sem ríkið þarf svo að koma í verð.

**ALÞINGI ÆTLAR** ríkinu þrjú ár til að selja þessar eignir en vert er að geta þess að þó að Íslandsbanki hafi fylgt í heilu lagi sem stöðugleikaframlag fer hann ekki undir þetta eignarhaldsfélag heldur undir Bankasýslu ríkisins. Sá langi tími sem ríkið ætlar sér til að losa sig við eignirnar vekur athygli. Næstu þrjú árin ætlar ríkið sem sagt að vera á fullu í blússandi samkeppni við einkafyrirtæki á flestum mörkuðum hér á landi.

**Í DÓTAKASSANUM** kennir ýmissa grasa. Ríkið á nú Lyfju og mun því næstu árin keppa við Hagkaup, Krónuna og Nettó um sölu á sólarvörn og vellyktandi. Fyrir er ríkið í umfangsmikilli samkeppni við einkageirann. Það rekur Fríhöfn í Keflavík og hefur m.a. einkarétt á áfengissölu hér á landi.

**Á FJÖLMIÐLAMARKAÐI** keppir ríkið af mikilli hörku við einkarekna fjölmiðla og á síðustu 16 mánuðum hefur ríkið lagt RÚV til 4,9 milljarða ofan á auglýsingatekjur.

**NÚ Á RÍKIÐ** eignaleigufyrirtækið Lýsingu í gegnum Klakka. Í gegnum ýmis fasteignafélög er ríkið orðið umfangsmikið í rekstri skrifstofuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu.

**EF EINHVER** vill skrá lén með endingunni .is verður viðkomandi að versla við ríkið. Þeir sem kaupa flugmiða í gegnum DOHOP eða flytja vörur með Eimskip eru nú viðskiptavinir íslenska ríkisins. Verðmæti dótakassans er mjög á reiki og veltur mikið á því hvernig ríkinu tekst að hámarka virði þessara eigna á næstu þremur árum. Varla mun ríkið standa fyrir virku verðlagseftirliti, sem getur bitnað á hagnaði allra þessara nýju ríkisfyrirtækja.

**FRAM UNDAN** eru því viðsjárverðir tímar fyrir íslenska neytendur. Stærstu aðilar í íslensku atvinnulífi eru annars vegar lífeyrissjóðirnir og hins vegar ríkið, aðilar sem undir eðlilegum kringumstæðum eiga að standa vörð um hagsmuni neytenda og launafólks en verja nú allt aðra hagsmuni.

**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** á að hafa forystu um að slíkt ástand sem lýst er hér að ofan skapist ekki. Ríkinu duga sex mánuðir til að selja þessar eignir sem það fékk frá slitabúum gömlu bankanna. Þrjú ár eru ávísun á frekari spillingu og tjón fyrir hagkerfið í heild sinni. Nóg er komið af ríkisrekstri í samkeppni við einkarekstur með skelfilegum afleiðingum fyrir neytendur og launafólk.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Anton Brink**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

JÁKÓ
- efni sem virka
Við eigum 30 ára afmæli




30% afsláttur
af öllum vörum í mars*
*tilboðið á ekki við um varahluti
Gerðu góð kaup á hreinsiefnum og háþrýstidælum!
JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.
Auðbrekku 23 - Kópavogi - s. 564 1819 - www.jako.is




**Íslenskt samfélag gæti sparað gríðarlega fjármuni árlega á að skipta út jarðefnaeldsneyti sem meginorkugjafa í samgöngum hér á landi.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Metnaðarlaus markmið til fjölgunar rafbíla

**Ný raforkuspá gerir ráð fyrir að rafbílar verði sextíu prósent bílaflotans árið 2050. Ísland ætti að geta gert mun betur að mati framkvæmdastjóra Vistorku. Innan nokkurra ára verða hraðhleðslustöðvar komnar um allt land.**

Í nýrri raforkuspá Orkustofnunar er gert ráð fyrir að rafbílar verði 14 prósent bílaflota Íslendinga eftir tuttugu ár og sex af hverjum tíu bílum verði rafknúnir árið 2050. Framkvæmdastjóri Vistorku á Akureyri segir þessi markmið metnaðarlaus.

„Íslensk þjóð hefur tækifæri til að rafvæða bílaflotann mjög hratt á næstu árum. Hér býr þjóð með gríðarlega mikið magn hreinnar orku og um 85 prósent íbúa á sama blettinum suðvestanlands. Það ætti því að vera hægt að rafvæða bílaflotann hratt. Stjórnvöld geta gert heilmargt til að flýta fyrir þessari þróun hjá okkur,“ segir Guðmundur Haukur Sigurðarson, framkvæmdastjóri Vistorku á Akureyri.

Í orkuspá Orkustofnunar er gert ráð fyrir að helmingur nýskráðra fólksbíla árið 2031 verði knúinn raforku og níu af hverjum tíu bifreiðum verði rafmagnsbílar í lok spátímans árið 2050. „Rafbílavæðing verður fyrst raunhæf þegar gott

> **Íslensk þjóð hefur tækifæri til að rafvæða bílaflotann mjög hratt á næstu árum. Hér býr þjóð með gríðarlega mikið magn hreinnar orku og um 85 prósent íbúa á sama blettinum suðvestanlands.**
>
> Guðmundur Haukur Sigurðarson



framboð rafmagnsbifreiða verður til staðar og verð samkeppnishæft við bifreiðar knúnar jarðefnaeldsneyti,“ segir í spánni. Þessa spá segir Guðmundur Haukur vera metnaðarlausa. „Hér er um spá að ræða en ekki stefnu stjórnvalda. Ef þetta endurspeglar hins vegar stefnuna þá skortir metnað og markmiðin gætu náðst án þess að stjórnvöld gerðu nokkuð frekar í málunum. Við ættum að geta gert þetta mun hraðar,“ segir Guðmundur. „Innan nokkurra ára verða hleðslustöðvar komnar um allt land og drægi rafmagnsbíla eykst ár frá ári.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í ræðu á ráðstefnu um rafbílavæðingu á Íslandi í nóvember 2014 það vera vilja ríkisstjórnarinnar að tryggja ívilnanir fyrir rafbíla og festa þær í sessi til langs tíma. „Svo ánægjulega vill til að Ísland er í lykilstöðu sem land sem getur framleitt nægt grænt eldsneyti fyrir bílaflota framtíðarinnar,“ sagði Sigmundur Davíð í ræðu sinni.

„Stjórnvöld geta hæglega stillt hlutunum upp á þann hátt að rafbílar verði hagstæðari en bensín- og dísilbílar. Þannig væri hægt að hraða orkuskiptunum í samgöngum á Íslandi gríðarlega,“ segir Guðmundur Haukur. **sveinn@frettabladid.is**

## Vikan sem leið

### 27
**þúsund milljarðar**

Á síðasta ári vörðu kínverskir ferðamenn 215 milljörðum dollara, eða 27 þúsund milljörðum króna, erlendis. Vaxandi millistétt Kína er í ferðaútrás. Kínverjar vörðu 53 prósentum meira í ferðalög árið 2015 en árið 2014 og eru nú þeir ferðalangar heims sem verja mestu í ferðalög.

### 16
**félög í ríkiseigu**

Ríkissjóður fékk eignarhlut í sextán félögum í gegnum stöðugleikaframlög slitabúa viðskiptabankanna þriggja auk minni slitabúa. Verðmætin má í meginatriðum flokka í þrennt, laust fé, framsalseignir og fjársópseignir. Í flokki framsalseigna eru meðal annars hlutir í ALMC eignarhaldsfélagi ehf., Auði Capital, DOHOP og Eimskip.

### 10,2%
**hækkun kaupmáttar**

Kaupmáttur launa hækkaði um 2,8 prósent milli mánaða frá febrúar og er vísitalan 134,2 stig samkvæmt tölum Hagstofunnar. Síðustu 12 mánuði hefur vísitala kaupmáttar launa hækkað um 10,2 prósent. Kaupmáttur launa eykst almennt þegar laun hækka umfram verðlag en minnkar þegar verðbólga er meiri.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 23. mars**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Viðskipti með atvinnuhúsnæði.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vinnumarkaður í febrúar 2016.

**Föstudagur 25. mars**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Kjötframleiðsla í febrúar 2016.

**Þriðjudagur 29. mars**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Fjöldi útgefinna vegabréfa

**Miðvikudagur 30. mars**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í febrúar 2016.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vísitala neysluverðs í mars 2016.

**Fimmtudagur 31. mars**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Hagvísar koma út.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Verðmæti sjávarafla, janúar-desember 2015.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Útungun alifugla í febrúar 2016.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Gistinætur og gestakomur á hótelum í febrúar 2016.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vísitala framleiðsluverðs í febrúar 2016.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vöruviðskipti við útlönd, janúar-febrúar 2016.

**Föstudagur 1. apríl**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is.
**HB GRANDI** Aðalfundur 2016: 1. apríl 2016.

HB
HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

**FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030**
**Opið 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga**



Sófaborð 2 skúffur - verð 105.000
Tilboð **84.000**
Stærð 130 x 60 sm - h. 50 sm



Eldhúsborð - verð 117.000
Tilboð **94.000**
Stærð 91 x 91 sm h. 76 sm



Sjónvarpsskápur - verð 196.000
Tilboð **135.000**
Stærð 210 x 45 sm - h.55 sm



Blaðgrindarborð - verð 43.000
Tilboð **35.000**
Stærð 58 x 40 sm - h. 65 sm



Bow Front stofuskápur - verð 267.000
Tilboð **225.000**
Stærð 150 x 50 sm - h. 210 sm



Sjónvarpsskápur - verð 139.000
Tilboð **111.000**
Stærð 104 x 55 sm - h. 73 sm



Gangaborð verð 79.000
Tilboð **63.000**
Stærð 90 x 40 sm - h. 86 sm



Sjónvarpsskápur - verð 172.000
Tilboð 137.**000**
Stærð 180 x 50 sm - h. 60 sm



Sheraton stóll - verð 42.000
Tilboð **34.000**
Stærð 50 x 47 sm h. 100 sm



Borðstofustóll - verð 49.000
Tilboð **39.000**
Stærð 55 x 45 sm h 105 sm



Glerskápur - verð 125.000
Tilboð **98.000**
Stærð 83 x 37 sm - h. 185 sm



Glerskápur - verð 98.000
Tilboð **79.000**
Stærð 49 x 52 sm - h. 192 sm



Hornskápur - verð 135.000
Tilboð **108.000**
Stærð 76 x 55 sm - h. 190 sm



Skartgripaskápur - verð 179.000
Tilboð **139.000**
Stærð 60 x 40 sm - h. 135 sm



Kommóða - verð 127.000
Tilboð **98.000**
**Stærð 83 x 47 sm - h. 91 sm**



Innskotsborð - verð 57.000
Tilboð **48.000**
Stærð 60 x 45 sm - h. 60 sm



Teborð - verð 57.000
Tilboð **46.000**
Stærð 40 x 40 sm - h. 80 sm



Lampaborð - verð 57.000
Tilboð **47.000**
Stærð 60 x 60 sm - h. 71 sm

**WWW.HUSGAGNABANKINN.IS**




**Virðing sér um söluna á Ölgerðinni. Nokkur fjöldi fyrirtækja hefur áhuga á að kaupa fyrirtækið samkvæmt heimildum Markaðarins.**

# Búast við að ljúka sölunni á Ölgerðinni í sumar

Nokkur fjöldi aðila er að skoða hugsanleg kaup á Ölgerðinni. Hluti þeirra eru erlendir aðilar. ViðskiptaMogginn greindi frá því á dögunum að félagið yrði ekki skráð á markað á næstunni heldur selt í lokuðu söluferli. Það er Virðing sem sér um söluna. Engar viðræður við hugsanlega kaupendur standa yfir en samkvæmt heimildum Markaðarins hefur nokkur fjöldi aðila sótt sölugögn. Samkvæmt heimildum Markaðarins er söluferlið komið mjög stutt en þess er vænst að því verði lokið seinni partinn í júní.

Þrjú eignarhaldsfélög standa að baki Ölgerðinni. Stærsta hlutinn, eða 45 prósent, á Eignarhaldsfélagið Þorgerður. Það er að stærstum hluta í eigu Auðar 1, sem er framtakssjóður í stýringu hjá Virðingu. OA eignarhaldsfélag (í eigu Andra Þórs Guðmundssonar, forstjóra Ölgerðarinnar og Októs Einarssonar) á síðan 38 prósent. F-13, sem er félag í eigu framkvæmdastjóra fyrirtækisins, á 17 prósenta hlut. **– jhh**

# Skortsölumarkaður ógegnsær hér á landi

Lítið gegnsæi ríkir á markaði með skortsölu hér á landi. Þetta segir Jóhann Gísli Jóhannesson, sjóðsstjóri hlutabréfa og fyrirtækjaskuldabréfasjóða hjá GAMMA, en hann flutti erindi um skortsölu á fundi Ungra fjárfesta í síðustu viku.

„Í flestum kauphöllum erlendis er uppfært reglulega hvað mikið er útistandandi í skortstöðu.“ Jóhann segir að slíkt kerfi sé ekki við lýði hér á landi en æskilegt væri að Kauphöllin tæki upp slíkt kerfi svo allir aðilar á markaði hefðu sömu upplýsingar. Til þess að það sé mögulegt þyrfti ákveðnar lagabreytingar til.

„Þetta getur orðið til þess að aðili sem á mikið af bréfum sem hann getur lánað er með meiri upplýsingar en markaðurinn um hvað er verið að skortselja,“ segir hann.

Skortsala gengur þannig fyrir sig að fjárfestar fá lánuð hlutabréf eða önnur verðbréf sem þeir selja í kjölfarið á markaði. Fjárfestarnir kaupa svo hlutabréfin aftur áður en þeir þurfa að skila þeim og vonast til að bréfin hafi lækkað í millitíðinni. Þannig reyna þeir að hagnast á lækkandi hlutabréfaverði. „Í grunninn ertu að veðja á móti markaðnum eða ákveðnu hlutabréfi.“

Hann segir að að virkur skortsölumarkaður eigi að draga úr sveiflum á markaði og þannig skapa heilbrigðari verðlagningu. Þetta geti dregið úr líkum á hlutabréfabólu. „Þegar þú getur bara keypt bréf á markaði þá skapar það hvata sem eru ekki eðlilegir á markaði.“

**Í grunninn ertu að veðja á móti markaðnum eða ákveðnu hlutabréfi.**

Jóhann Gísli Jóhannesson, sjóðsstjóri hjá GAMMA



Jóhann bendir á að lífeyrissjóðirnir líti svo á að þeir megi ekki stunda skortsölu né lána bréf og Fjármálaeftirlitið sé sammála þeirri túlkun. „Skortur á lánsbréfum er oft stærsta vandamálið við skortsölu á Íslandi þar sem þeir eru stærstu fjárfestarnir í flestum skráðum hlutafélögunum. Þannig að það er búið að taka út stóran hluta af þeim bréfum sem mögulegt er að fá lánað.

Þetta getur bæði stuðlað að virkari markaði og þeir fengju einnig greidda leigu á bréfunum. Þeir væru því að bæta ávöxtun sína án þess að taka aukna áhættu.“

Ýmsar hættur þarf að varast við skortsölu að sögn Jóhanns. „Eðli hlutabréfa er að hækka yfir tíma. Þannig að langtíma skortsala er mjög erfið að eiga við nema að þú sért í efnahag sem er í mikilli niðursveiflu eða fyrirtæki séu í rosalegum rekstrarerfiðleikum,“ segir hann. **– ih**

# Fyrirtækin hafa fengið 1,16 milljarða

Startup Reykjavík er haldið í fimmta sinn í ár og hafa fyrirtækin sem nú þegar hafa tekið þátt fengið um 1,16 milljarða króna í fjármögnun. Startup Reykjavík er viðskiptahraðall sem gengur út á að aðstoða fyrirtæki við að gera viðskiptahugmynd sína lífvænlega með eins skjótum hætti og mögulegt er. Viðskiptahraðallinn er í eigu Arion banka.

Umsóknarfrestur fyrirtækja vegna þátttöku í ár er til 31. mars næstkomandi. Síðan eru valin 10 teymi eða fyrirtæki til þátttöku sem munu fá 2,4 milljónir króna í hlutafé frá Arion banka gegn sex prósenta eignarhaldi. Fyrirtækin munu líka fá aðgang að leiðbeinendum sem eru reynslumiklir einstaklingar úr atvinnulífi, frumkvöðlar, fjárfestar, úr háskólasamfélagi. Þessir leiðbeinendur munu hitta teymin og rýna hugmyndirnar til gagns auk þess að opna á tengslanet sitt. Þátttakendum verður síðan boðið að kynna fyrirtæki sitt á lokadeginum í ágúst fyrir hópi fjárfesta. **- jhh**



**Alda Hrönn Jóhannsdóttir segir að passa verði að starfsnám laganema sé ekki misnotað.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vísbendingar um að starfsnám sé misnotað

**Mun fleiri laganemar eru hér á landi á hvern íbúa en á Norðurlöndunum. Erfitt getur verið fyrir laganema að fá störf við hæfi. Vísbendingar eru um að verið sé að misnota starfsnám. Aukin aðkoma skóla að starfsnámi gæti leyst vandann.**

Mun fleiri laganemar eru hér á landi á hvern íbúa en á Norðurlöndunum. Þetta kom fram í máli Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, formanns Stéttarfélags lögfræðinga og aðallögfræðings lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, á málþingi um hvort fyrirtæki og stofnanir væru að misnota aðstöðu laganema í gær.

Þetta hafi meðal annars í för með sér að það sé erfiðara fyrir nýútskrifaða lögfræðinga að fá vinnu við hæfi að sögn Öldu.

Á Íslandi eru 2.477 íbúar á hvern útskrifaðan lögfræðing miðað við 12 þúsund í Finnlandi og 8.455 í Svíþjóð og 6.250 í Noregi samkvæmt samantekt Öldu.

Hún bendir á að ein afleiðing þess sé að fleiri aðilar bjóði nú upp á starfsnám fyrir laganema en áður. „Það hafa verið ákveðnar vísbendingar um að verið sé að taka af stöður og manna þær með svona námsvistun. Því þá eru þetta aukahendur sem kosta ekki neitt,“ segir Alda.

Alda segir stéttarfélag lögmanna og BHM vera hlynnt starfsnámi að því gefnu að um starfsnám sé að ræða. „En ekki að þetta sé fjögurra vikna vinna með skilgreiningu um að þú eigir að vera sjálfstæð í starfi.“

„Við þurfum að gæta að því að ekki sé verið að misnota þetta.“ Alda nefnir sem dæmi auglýsingu WOW air sem BHM gerði athugasemd við og nýlegar auglýsingar nemendafélaga laganema eftir starfsnemum. „Í öllum tilfellum er um að ræða útskrifaða BA-nema. Þetta er fólk með háskólagráðu þótt það sé ekki komið með mastersgráðu,“ segir Alda.




**BHM gerði athugsemd við auglýsingu WOW air þar sem auglýst var eftir einstaklingi með BA-gráðu í lögfræði í ólaunað starfsnám.**

### Fjöldi íbúa á hvern útskrifaðan lögfræðing

| Land | Íbúar á hvern útskrifaðan lögfræðing |
|---|---|
| Ísland | 2.477 |
| Noregur | 6.250 |
| Svíþjóð* | 8.455 |
| Finnland | 12.000 |

*Sænsku tölurnar eru frá árinu 2008

Hún segir það ekki eiga að vera í höndum forstjóra eða forstöðumanna viðkomandi fyrirtækja eða stofnana að útfæra starfsnámið líkt og tilfellið hafi verið í fyrrgreindum auglýsingum heldur eigi að vera í höndum skólanna að skilgreina í hverju námið felist.

„Í hverju felst námið, ef skólinn hefur ekkert með námið að gera?“ segir Alda. „Ef þú ert í námsvist áttu að læra ákveðin vinnubrögð, og það á að vera fyrir fram skilgreint hvað þú átt að læra í námsvistinni. Átt þú að læra að gera greinargerðir, stefnur eða læra hvernig verklagið eða verkferlar eru? Þú átt ekki bara að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og nýtur sem einn af starfsmönnunum,“ segir Alda.

ingvar@frettabladid.is

# Loksins færðu stuðning í vinnunni

sedus
Knoll

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal



**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

Verð áður: 134.000.-
Tilboðsverð:
98.000.-



**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

Verð áður: 196.100.-
Tilboðsverð:
137.000.-

# Fyrirtækin hafa vaxið um 15-20 prósent

**Sjávarklasinn er fimm ára í ár. Starfsemin hefur vakið mikla athygli, einkum í Bandaríkjunum. Stofnandinn vill að Sílíkondalur sjávarútvegarins verði á Íslandi. Hann sætti rannsókn sérstaks saksóknara þegar Klasinn var stofnaður og segir rannsóknina hafa haft áhrif.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Sjávarklasinn var stofnaður árið 2011 og er fimm ára gamall. Þór Sigfússon er stofnandi klasans. Hann var þá langt kominn með doktorsnám og hafði tekið eftir því að frumkvöðlar sem voru í sjávarútvegstengdum greinum höfðu oft lítið tengslanet í útlöndum. „Það var öðruvísi í greinum sem við bárum okkur saman við, leikjageiranum og öðrum tæknigeirum. Það var svipuð menntun, svipaður aldur en gerólíkt umhverfi. Þeir voru með minna tengslanet,“ segir Þór.

Hann segir að Sjávarklasinn sé rekinn eins og hvert annað fyrirtæki. „Við erum fyrst og fremst að byggja upp tengslanet frumkvöðla, fjárfesta og fyrirtækja. Og þeir sem vilja vera með okkur, þeir kaupa af okkur þjónustu við að vera í þessu tengslaneti og byggja það upp,“ segir Þór og bætir við að nú séu um hundrað fyrirtæki í þessum hópi. „Þetta gengur út á það að við erum í fyrsta lagi að efla þetta tengslanet og síðan erum við hluthafar í litlum fyrirtækjum innan klasans. Og erum þá svona eins og lítið fjárfestingafyrirtæki líka,“ segir Þór. Hann bendir á að Sjávarklasinn hafi jafnframt selt eign sína í tveimur fyrirtækjum en þar á meðal var eign í Codland.

**Fengu lánað húsnæði hjá Brimi**

Sjö fyrirtæki áttu aðild að Sjávarklasanum þegar hann var stofnaður. „Við fengum lánað húsnæði hjá Guðmundi Kristjánssyni í Brimi. Og við fengum í upphafi styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að ráða til okkar námsmenn í vinnu um sumarið til að koma hlutum af stað. Þeir eru nokkrir í vinnu hér enn þá og eru gríðarlega mikilvægur partur af þessu teymi okkar,“ segir Þór.

*Hvað hefur áunnist á þessum fimm árum?*

„Samkvæmt okkar athugunum hafa fyrirtækin í Húsi sjávarklasans vaxið um allt að fimmtán til tuttugu prósent að meðaltali. Við erum gríðarlega ánægð með það,“ segir Þór. Að auki hafi um tíu fyrirtæki orðið til inni í Klasanum. „Þau eru jafn ólík og fullvinnsla afurða, sala á vörum til skemmtiferðaskipa og sala á þurrkbúnaði til útlanda.“ Þór segir það líka vera fagnaðarefni, þótt það hafi ekki verið markmið í sjálfu sér, að umræða í þjóðfélaginu um nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í tengslum við sjávarútveg og hafið hefur aukist mjög mikið á undanförnum árum á Íslandi. „Það held ég að sé það sem við þurfum. Þegar við sjáum nýja kynslóð koma til okkar og segja: Við viljum fara að læra þetta. Ekki af því að við viljum fara á sjó heldur vegna þess að við viljum fara að markaðssetja nýjar vörur, hanna nýjar vörur og þróa þetta áfram. Ef við náum því ekki þá getum við farið að pakka saman. Við verðum að fá nýja kynslóð til að sýna þessu áhuga,“ segir Þór.

*Hverjir eru hérna, eru þetta stóru sjávarútvegsfyrirtækin eða aðrir?*

„Þetta hefði aldrei komist á koppinn nema af því að við náðum strax góðu samstarfi við sjö til tíu lykilfyrirtæki í greininni. Þetta voru fyrirtæki eins og Vísir, Þorbjörn, HG og Samherji. Brim Seafood var algjör lykilaðili í upphafi með okkur. Síðan Íslandsbanki, og öflug fyrirtæki eins og Samhentir, Mannvit, Icelandair Cargo, Faxaflóahafnir og fleiri. Þessi hópur hjálpaði okkur að taka fyrstu skrefin,“ segir Þór. Hann segir samt ekki nema tíu sjávarútvegsfyrirtæki vera í samstarfinu. „Og við höfum alltaf byggt á því að vera með þessi fyrirtæki innanborðs, sem við lítum á að séu framúrskarandi í sjávarútvegi og vilji virkilega ná árangri í að byggja upp klasann.“

*Hvaða verkefni eru fram undan hjá Sjávarklasanum?*

„Það eru nokkrir þættir. Í fyrsta lagi viljum við leggja áherslu á það að við verðum Sílíkondalur sjávarútvegs í heiminum og erum að fara af stað með markaðs- og kynningarefni á erlendum sýningum og víðar með fyrirtækjum okkar til að kynna íslensk fyrirtæki og íslenska þekkingu. Þar munu sameiginleg og sterk skilaboð skipta máli. Í öðru lagi segir Þór að hann vilji byggja upp net húsa í líkingu við Hús sjávarklasans. „Ég ætla ekkert að vera stóryrtur í því og veit ekki hvernig það mun ganga en ég held að svona hús eigi mikið erindi úti í heimi. Og það er gríðarlegur áhugi. Við erum búin að sinna ráðgjöf í nokkrum fylkjum í Bandaríkjunum þar sem áhugi er á því að byggja upp samstarf og klasa; í Alaska, Maine, Louisiana,“ segir Þór. Hann telur að með því að byggja upp net húsa væru aukin tækifæri til þess að ryðja



Þór Sigfússon segir lykilinn að farsælli framtíð að ungt fólk vilji taka þátt í greininni; að hanna og markaðssetja nýjar vörur í sjávarútvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Við erum búin að sinna ráðgjöf í nokkrum fylkjum í Bandaríkjunum þar sem áhugi er á því að byggja upp samstarf og klasa; í Alaska, Maine, Louisiana.**

Þór Sigfússon, stofnandi Sjávarklasans

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 23. MARS 2016 MIÐVIKUDAGUR



„Undanfarin tvö ár höfum við verið að spila lög af plötunni en nú er þetta gert með meiri stæl. Við erum mjög spenntir, sérstaklega eftir æfingarnar sem gengu framar vonum,“ segir Ólafur Örn Josephsson úr Stafrænum Hákoni. MYND/STEFÁN

# FLÆÐANDI OG MELÓDÍSKUR

Útgáfutónleikar hljómsveitarinnar **Stafræns Hákonar** verða í Tjarnarbíói í kvöld. Tónlist sveitarinnar er allt í senn; kraftmikil, flæðandi og sveimkennd. Að viðbættum smá sykri.

Hljómsveitin Stafrænn Hákon heldur útgáfutónleika í Tjarnarbíói í kvöld en níunda breiðskífa sveitarinnar, Eternal Horse, kom út fyrir skömmu. Nýja platan hefur fengið góðar viðtökur og var m.a. plata vikunnar á Rás 2 alla síðustu viku. Að sögn Ólafs Arnar Josephssonar, stofnanda sveitarinnar, eru meðlimir hennar hæstánægðir með útkomuna. „Við erum ofboðslega ánægðir með plötuna og mér finnst hljóðheimurinn á henni mjög flottur. Hann er þungur og stór undiralda af flæðandi hljóðfærum eins og píanói, hörpum og hinum ýmsu akústísku hljóðfærum sem Lárus Sigurðsson, gítarleikari í bandinu, smíðar sjálfur af stakri prýði.“

## NÝTT OG GAMALT

Nýja platan verður leikin í heild í kvöld af hljómsveitinni ásamt þaulreyndum og geðþekkum aðstoðarmönnum að sögn Ólafs sem leika m.a. á strengja-, blásturs- og slagverkshljóðfæri. „Við erum búnir að hóa saman í tíu manna hljómsveit svo hægt sé að flytja hana eins og vel og unnt er. Undanfarin tvö ár höfum við verið að spila lög af plötunni en nú er þetta gert með meiri stæl. Við erum mjög spenntir, sérstaklega eftir æfingarnar sem gengu framar vonum enda valinn maður í hverri stöðu.“

Þegar búið er að spila öll lög plötunnar og ef stemningin er góð er aldrei að vita nema fleiri lögum verði bætt við. „Við eigum auðvitað fullt af eldri lögum sem væri gaman að flytja. Það er t.d. alltaf gaman að spila lög af fyrstu plötunni og svo eru lög af plötunum „Ventill/Poki“ frá 2004, „Gummi“ frá 2007 og „Sanitas“ frá 2010 sem við spilum mjög gjarnan. Kannski byrjum við tónleikana á því að hita okkur upp með því að spila gamalt lag.“

> Við erum ofboðslega ánægðir með plötuna og mér finnst hljóðheimurinn á henni mjög flottur. Hann er þungur og stór undiralda af flæðandi hljóðfærum eins og píanói, hörpum og hinum ýmsu akústísku hljóðfærum.
>
> Ólafur Örn Josephsson

## AÐEINS MEIRI SYKUR

Þótt Stafrænn Hákon hafi starfað frá 1999 og gefið út mikið efni eru ekki nema þrjú ár síðan hún varð eiginlega hljómsveit. Þangað til var hún eingöngu hugarfóstur Ólafs Arnar. Hann lýsir tónlist sveitarinnar sem flæðandi tónlist sem sé oft á tíðum róleg en um leið mjög melódísk. „Það koma oft tímar þar sem hún getur líka verið mjög kraftmikil. Ætli sveimkennt rokk lýsi ekki vel tónlistinni. Í seinni tíð hefur tónlistin þróast út í að vera meira sungin og þar af leiðandi kannski aðgengilegri fyrir fleiri en þá sem fíla instrúmental tónlist. Ég held þó að við séum flestir þó nokkuð miklir laumusykurpopparar. Þau áhrif hafa held ég alveg laumast inn í efni okkar sem er hið besta mál.“

Tónleikarnir verða í Tjarnarbíói í kvöld og hefjast kl. 21.00. Hægt er að kaupa miða á midi.is og verður platan til sölu á tónleikunum. Nánari upplýsingar um tónleikana og hljómsveitina má finna á Facebook undir Stafrænn Hákon og á www.shakon.com. Einnig er hægt að hlusta á nýju plötuna á Spotify, Tidal og iTunes. **starri@365.is**

HANNAÐU ÞINN EIGIN COFFEE SÓFA
ÓTAL MÖGULEIKAR Á ÚTFÆRSLUM
ÞÚ VELUR; SÆTAFJÖLDA, ARMA, FÆTUR, LEÐUR EÐA ÁKLÆÐI
- VIÐ TEIKNUM UPP DRAUMASÓFANN FYRIR ÞIG -


LÍNAN
BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS - OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16








Lambahryggur, skorinn niður í kótelettur eftir eldun, er mjög ljúffengur réttur.

# TILVALDIR RÉTTIR Á PÁSKABORÐIÐ

Matarmiklir dagar eru fram undan. Ertu í vandræðum með hvað eigi að elda um helgina? Hér eru uppskriftir að lambakjöti og roast beef.

Lambakjöt passar vel á páskaborðið. Það er einstaklega ljúffengt og þægilegt að elda. Hér er notaður lambahryggur sem er hlutaður í tvennt, fitan skorin burt af beinum. Að steikingu lokinni er hryggurinn skorinn niður í kótelettur.

## LAMBAHRYGGUR

**1 lambahryggur**
**Salt og pipar**
**Hvítlaukur**
**Ferskt tímían og rósmarín**

Lambahryggurinn er klofinn í tvennt og síðan eru beinin hreinsuð. Hryggurinn kryddaður og síðan brúnaður á pönnu. Þá er hann settur í 125°C heitan ofn í um það bil 20 mínútur. Kjötmælir á að sýna 60°C miðað við meðalsteikingu. Setjið hvítlauk og ferskt krydd með honum í ofninn. Látið hvíla í 15 mínútur áður en hryggurinn er skorinn niður í kótelettur.
Það má líka grilla hrygginn á útigrilli. Penslið hann með olíu og kryddið. Grillið í um það bil 15 mínútur og snúið kjötinu reglulega. Gott er að grilla kúrbít í sneiðum og papriku með kjötinu.

## Gratíneraðar kartöflur

Gratíneraðar kartöflur eru mjög góðar með lambakjöti. Þær þurfa að fara á undan kjötinu í ofninn í 40 mínútur á 225°C og vera síðan með kjötinu í 20 mínútur á lægri hita. Uppskriftin miðast við fjóra.

**12 kartöflur**
**1 laukur**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**
**4 dl rjómi eða matvinnslurjómi**
**1 dl rifinn ostur**

Skrælið kartöflur og lauk. Skerið kartöflurnar í fínar sneiðar. Skerið laukinn mjög smátt. Leggið kartöflurnar í eldfast mót, dreifið lauknum yfir og kryddið með salti og pipar. Hellið rjóma yfir og dreifið svo rifnum osti yfir.


Roast beef er einstaklega ljúffengt, hvort sem er á brauð með remúlaði eða sem steik.

## ROAST BEEF

Roast beef er vinsæll veislumatur. Það má borða kjötið sem steikur eða skera mjög fínt og setja á brauð með remúlaði og steiktum lauk. Sniðugt er að borða kjötið sem steik og eiga síðan afgang til að setja á brauð. Uppskriftin miðast við fjóra.

**800 g roast beef**
**2 tsk. salt**
**1 tsk. pipar**
**2 msk. smjör**

Nuddið salti og pipar í kjötið. Brúnið kjötið í smjöri á pönnu á öllum hliðum. Setjið kjötið í 125°C heitan ofn og steikið þar til kjötmælir sýnir 60-65°C en þá er kjötið meðalsteikt. Látið hvíla í 20 mínútur áður en kjötið er skorið niður.

## Heimagert remúlaði

Heimagert remúlaði er mun betra en það sem fæst úti í búð. Einfalt er að gera remúlaði frá grunni en það passar einstaklega vel með roast beef.

**2 eggjarauður**
**2 tsk. dijon sinnep**
**1 msk. sítrónusafi**
**2 dl sólblómaolía**
**2 msk. kapers, mjög smátt skorið**
**2 msk. smátt skorin steinselja**
**4 msk. sultaðar gúrkur, smátt skornar**
**2 skallottulaukar, smátt skornir**
**Salt og pipar**

Hrærið saman eggjarauðum, sinnepi og sítrónusafa í smá stund. Bætið olíunni hægt og varlega saman við og hrærið stöðugt á meðan. Þegar majónesið er tilbúið er öðrum innihaldsefnum hrært út í. Bragðbætið með salti og pipar.


**Það er hægt að skreyta páskaboðið með ýmsum hætti. Hér hafa lítil páskaegg verið sett í mismunandi litar körfur. Skemmtilegur eftirréttur.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

**Alvöru græjur fyrir vandláta**

# DIVERTO BYLTINGIN - fjögur vinnutæki sameinuð í einni vinnuvél



Dráttarvél

Hjólagrafa

Lyftari

Traktorsgrafa



Verkfræðingarnir hjá Diverto hafa hannað og prófað frá grunni nýja og byltingarkennda vinnuvél sem sameinar dráttarvél, hjólagröfu, lyftara og traktorsgröfu í einu og sama tækinu.

Diverto skiptir auðveldlega á milli þeirra vinnuþátta sem þessar fjórar tegundir vinnuvéla hafa og hægt er að tengja við Diverto allan þann aukabúnað sem hannaður hefur verið fyrir þessi tæki.

**Dæmi um aukabúnað:**

LIMGERÐISSKÉRI



Snúningur skapar gott víðsýni og örugga notkun.

SLÁTTUVÉLAR



Þriggja punkta tengi eins og á dráttarvél

VIÐHALD GOLFVALLA



Mikil úrval aukabúnaðar fyrir golfvelli setur Diverto í góða stöðu



Diverto er frábært tæki til að nota í vetrarvinnu sem hjólaskófla til að moka snjó eða tengja við hann snjóblásara.

Mjög auðvelt er að dreifa salti á vegi og stíga þar sem Diverto er búinn þriggja punkta beisli og vökva- og rafmagnsúttökum.

Þar sem hægt er að aka á allt að 40 km/kl, þá er mjög auðvelt að spanna vítt svæði og komast hratt á milli staða.

Diverto

Gamli tíminn



# Diverto og Ásafl verða á Bauma!

## - hvað með þig?

Ef þú ert að fara á Bauma sýninguna í Munchen og hefur áhuga á að skoða byltingarkennda vinnuvél, þá langar okkur sýna þér Diverto sem sameinar fjögur vinnutæki í einu og ekur á 40 kílmetra hraða.

Láttu okkur hafa símanúmer og tölvupóst og við finnum tíma til að skoða þetta tæki með þér þar sem þú getur rætt persónulega við aðilana hjá Diverto.

Okkar menn á Bauma verða Helgi í síma 8528556 og Ólafur í síma 8635512.
Diverto er í bás nr. 710-13 og vefsíðan hjá þeim er www.diverto.com.



Diverto er öflug
fjölnota vinnuvél
á vegum og utan vega.

Þú og Diverto saman
skapið óendanlega möguleika.



Fagleg þekking, varahlutaþjónusta
og viðgerðir um allt land.

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

ÁSAFL



Hrossalundin er borin fram með grænmetisspjóti, graskeri, hrásalati og laukgljáa. MYND/STEFÁN



Humar borinn fram með hægelduðum hvítlauk, góðu salati og ljúffengri freyðivínssósu. MYNDIR/STEFÁN

# BRAGÐGOTT OG FERSKT VOR

Íslenskt hráefni á borð við bláskel, spírur, hrossalund og humar eru yfirleitt grunnur að ljúffengum réttum. **Haukur Már Hauksson** frá Grillmarkaðinum gefur hér lesendum Fréttablaðsins tvær uppskriftir sem gaman er að spreyta sig á.

Hauki Má Haukssyni, yfirmanni í eldhúsi Grillmarkaðarins, þykir skemmtilegast að elda úr íslenskum fiski enda er alltaf staður og stund fyrir góðan fisk að hans sögn. Auk fisksins eru bláskel, hrossalund og ferskar spírur í miklu uppáhaldi hjá honum þessa dagana. „Hrossalundin finnst mér miklu betri en nautalundin, bæði þegar kemur að bragði og áferð. Fersk íslensk bláskel er heimsklassa hráefni og auðveld og fljótleg að elda. Fersku spírurnar frá Ecospíru finnst mér rosa sniðugar til að fríska upp á rétti bæði fyrir augað og munninn.“ Hér gefur Haukur Már lesendum uppskrift að ljúffengum humarrétti og grillaðri hrossalund með gómsætu meðlæti. **starri@365.is**

## GRILLAÐUR HUMAR

**Freyðivínsósa**

- 750 ml Gancia Asti freyðivín (eða annað sætt freyðivín eða hvítvín)
- 750 ml rjómi
- 4 stk. skallottulaukur
- 6 geirar hvítlaukur
- 200 g lítil hörpuskel
- 200 g úthafsrækja

Skallottulaukur skorinn gróflega niður, hvítlaukur kraminn og laukarnir næst svitaðir í potti. Freyðivíninu hellt yfir og það soðið niður um u.þ.b. helming. Þá er rjómanum bætt við og aftur soðið niður um helming eða þar til sósan er orðin nægilega þykk. Smökkuð til með salti og sítrónusafa. Ef sósan skilur sig er gott að bæta örlitlu af rjóma og hræra vel með písk eða töfrasprota til að ná henni aftur saman. Þegar rétturinn er borinn fram er sósan hituð upp að suðu, hörpuskel og rækju bætt út í og hún látin sjóða í 1-2 mínútur.

**Salat**

- Ruccola og red chard-auf
- Radísur
- Hindber og jarðarber
- Sítrónuolía

Radísur skornar í þunnar skífur og jarðarberin skorin í bita. Blöðin sett í skál og þeim velt upp úr sítrónuolíu. Setjið blöðin í litla skál og raðið radísum, hindberjum og jarðarberjum fallega ofan á salatið.



Haukur Már Hauksson, yfirmaður í eldhúsi Grillmarkaðarins. MYNDIR/STEFÁN

**Hægeldaður hvítlaukur**

- 6 heilir hvítlaukar
- Jurtaolía (nóg til að hylja hvítlaukinn í pottinum)

Hvítlaukurinn settur í pott og olíu hellt yfir þar til hún nær yfir laukinn. Lok sett á pottinn og hann látinn malla í um 5 klst. á lágum hita eða þar til hann verður mjúkur. Þá er hann tekinn úr olíunni og kældur. Þegar rétturinn er borinn fram er hvítlaukurinn skorinn í tvennt og sárið grillað þar til hann verður heitur.

**Humar**

Humarinn er klofinn og hreinsaður í köldu vatni og þurrkaður. Grillið humarinn í um 2-3 mínútur á fiskhliðinni. Snúið svo við og grillið skelina í um eina mínútu eða þar til hann er tilbúinn. Gott er að pensla humarinn með bræddu smjöri og strá svo salti yfir. Skreytið með matblómum og ferskum jurtum þegar rétturinn er borinn fram.

## GRILLUÐ HROSSALUND

**Laukgljái**

- 1 l kjúklingasoð
- 2 stk. meðalstórir hótellaukar
- 4 hvítlauksgeirar
- 2 stönglar blóðberg
- 75 ml hvítvínsedik
- Eplaedik
- Salt og pipar
- Dijon sinnep

Laukur og hvítlaukur svitaður í potti með blóðberginu. Hvítvínsediki hellt út í og soðið smá niður. Soðinu hellt út í og það soðið niður um u.þ.b. helming eða þar til það er orðið nógu þykkt. Þá er sósan sigtuð og næst smökkuð til með eplaediki, salti og pipar. Bætið 1 msk. af Dijon sinnepi á hvern lítra af sósu og hrærið vel með píski eða notið töfrasprota.

**Hrásalat**

- 200 g hvítkál
- 200 g gulrætur
- 50 g grænkál
- 150 g majónes (gott að nota japanskt majónes)
- 20 g Sriracha sósa (hægt er að nota aðrar tegundir af chili-sósum)
- Ristuð hvít sesamfræ
- Sítrónusafi
- Salt og pipar

Hvítkál, grænkál og gulrætur skorið í þunna strimla (gott að nota mandólín í gulrótina). Majónesi og chili-sósu blandað saman, smakkið til eftir því hvað þið viljið hafa hana sterka. Þá er grænmetinu, sesamfræjum og sósunni blandað saman. Gott er að setja minna af sósu og bæta svo við eftir því hversu blautt salatið á að vera. Smakkið til með sítrónusafa, salti og pipar.

**Grænmetisspjót**

- Rauðlaukur
- Kúrbítur
- Portobello-sveppir (eða aðrir sveppir)
- Caj P's hvítlauks-marinering
- Grillspjót

Skerið grænmetið niður í bita og setjið á spjótin. Grillið spjótin og penslið vel á meðan með marineringunni. Byrjið á háum hita og færið þau svo í lægri hita. Það getur líka verið þægilegt að klára að elda þau á bakka inni í ofni á 180°C.

**Butternut-grasker**

- Butternut-grasker
- Caj P's hvítlauks-marinering

Skerið graskerið í tvennt eftir endilöngu og hreinsið fræin í burtu með skeið. Mér finnst betra að hafa hýðið á en það má líka skera það af. Graskerið skorið í um 3 cm þykkar skífur. Grillið á heitu grilli til að fá fallegar grillrendur. Penslið með marineringunni og setjið á bakka. Bakið inni í ofni í um 10 mínútur eða þar til það er orðið mjúkt í gegn.

**Hrossalund**

- Hrossalund
- Smjör
- Salt og pipar

Hrossalundin snyrt og skorin í steikur. Grillið steikina á öllum hliðum og fáið fallegar grillrendur. Hægt er að klára steikina á grillinu eða pensla hana með smjöri og setja í ofn á 180°C í 3-4 mín. Takið kjötið út og látið hvíla í 3 mín. Setjið það svo aftur inn í ofn í 3-4 mín. og látið hvíla aftur í sama tíma. Kryddið með salti og pipar.






PÁSKATILBOÐ
Landmann gasgrill
Triton 2ja brennara
Niðurfellanleg hliðarborð
8,0 KW
• Orka 8 KW = 27.300 BTU
• 2 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
• Kveiking í öllum tökkum
• Niðurfellanleg hliðarborð
• Tvöfalt einangrað lok m. mæli
• Postulínsemaleruð efri grind
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
• 4 hjól með bremsu
POWER THERMAL SPREADING SYSTEM PTS
69.900
FULLT VERÐ 79.900
Nr. 12903
LANDMANN Er frá Þýskalandi
Landmann gasgrill
Triton 3ja brennara
Niðurfellanleg hliðarborð
10,5 KW
• Orka 10,5 KW = 36.000 BTU
• 3 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
• Kveiking í öllum tökkum
• Niðurfellanleg hliðarborð
• Tvöfalt einangrað lok m. mæli
• Postulínsemaleruð efri grind
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu - 4 hjól
89.900
FULLT VERÐ 98.900
Nr. 12932
Einnig til hvítt grátt og svart
LANDMANN Er frá Þýskalandi
Landmann gasgrill
Triton 4ra brennara
• Gashella í hliðarborði
14,8 KW
• Orka 14,8 KW = 50.500 BTU
• 4 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
• Kveiking í öllum tökkum
• Tvöfalt einangrað lok m. mæli
• Postulínsemaleruð efri grind
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu - 4 hjól
114.900
FULLT VERÐ 124.900
Nr. 12962
Einnig til rautt
LANDMANN Er frá Þýskalandi
Landmann gasgrill
Avalon 4ra brennara
TEST WINNER!
18,7 KW
• Orka 18,7 KW = 64.000 BTU
• 4 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• Tvöfalt einangrað lok m. mæli
• Postulínsemaleruð efri grind
• Rafkveikja
• Gashella
• Auðveld þrif
139.900
FULLT VERÐ 159.900
Nr. 12792
www.grillbudin.is
LANDMANN Er frá Þýskalandi
Landmann gasgrill
Avalon 4ra brennara
18,7 KW
• Orka 18,7 KW = 64.000 BTU
• 4 brennarar úr ryðfríu stáli
• PTS hitajöfnunarkerfi
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• Tvöfalt einangrað lok m. mæli
• Postulínsemaleruð efri grind
• Ljós í tökkum
• Rafkveikja - Gashella
• Auðveld þrif
169.900
FULLT VERÐ 189.900
Nr. 12799
www.grillbudin.is
LANDMANN Er frá Þýskalandi
Landmann gasgrill
Avalon 5 brennara
22,8 KW
• Orka 22,8 KW = 78.000 BTU
• 4 brennarar úr ryðfríu stáli
• Innrauður ofurbrennari fyrir hina fullkomu steik
• PTS hitajöfnunarkerfi
• Grillgrindur úr pottjárni
• Tvöfalt einangrað lok m. mæli
• Grillteinn og bakbrennari
• Ljós í tökkum
• Gashella
239.900
FULLT VERÐ 269.900
Nr. 12798
LANDMANN Er frá Þýskalandi
Hreinsiburstar
Þráðlaus kjöthitamælir
Mælirinn lætur þig vita þegar maturinn er tilbúinn
Allir aukahlutir
20% afsláttur
Landmann gasgrill
Grill Chef 3 brennara
10,5 KW
• Orka 10,5 KW = 36.000 BTU
• 3 brennarar úr ryðfríu stáli
• Ryðfrítt lok með mæli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Postulínsemaleraðar grillgrindur
• Kveiking í öllum rofum
• Postulínsemaleruð efri grind
• Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu sem auðveldar
49.900
FULLT VERÐ 57.900
Nr. 12721
LANDMANN Er frá Þýskalandi
Opið 11-18 virka daga og 11-16 laugardaga - Opið skírdag 11-16
Komdu og fáðu ráðleggingar
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi | Sími 554 0400 | Við hliðina á Bónus | www.grillbudin.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónustan Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

**Bókhald**
• Skattframtöl einstaklinga
• Skattframtöl fyrirtækja
• Bókhald einstaklinga og fyrirtækja
• Bókhald húsfélaga
• Laun og skilagreinar
• Stofnun fyrirtækja
Sanngjarnt verð
Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf
Síðumúla 1 108 Reykjavík
581-1600 • www.vidvik.is

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSASMÍÐAMEISTARI**
getur bætt við sig verkefnum.

Uppl. í s. 897 4720

eða bragi@boga.is

ÞAK.IS

Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s.6996980

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**ALHLIÐA VERKTAKAR**
Almenn smíðavinna, uppsetning gifsveggja. Stór sem smá verkefni koma til greina. Uppl. í s. 846 7622

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Ekta Natuzzi hornsófi 280x270 cm. til sölu með háu baki og 2 útraganlegum "lazyboy" skemlum. Ljósgulbrúnt alcantara áklæði. Svampur nýuppgerður. Nýr kostar 700-800 þús. Verð 210 þús. eða tilboð. Uppl. í s. 893 2396

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Studio 105 s. 8600360

3ja herbergja íbúð í Hafnarfirði til leigu með húsgögnum. Upplýsingar í sima 6926252

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR EHF. SÍMI: 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA

**VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA**
óskar eftir að ráða þjóna í fullt starf, 11-11 vaktir og einnig í hlutastarf á kvöldin og um helgar. Ath. lágmarksaldur 18 ár og íslenskukunnátta er skilyrði. Upplýsingar aðeins veittar á staðnum í dag og næstu daga.

**KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR**
óskar eftir starfsmanni í eldhús á kokka vaktir. Unnið er frá kl 8 til 17 á virkum dögum og 9 til 17/18 um helgar fimmtán daga í mánuði. Viðkomandi þarf að hafa náð 20 ára aldri, vanur eldamennsku og bakstri, stundvís, duglegur og áreiðanlegur.
**Allar umsóknir og fyrirspurnir berist á info@tiudropar.is**

**VEITINGASTAÐURINN SÆGREIFINN**
auglýsir eftir hörkuduglegu starfsfólki. Um er að ræða fullt starf sem yrði blanda af dagvinnu, kvöldvinnu og annarri hverri helgi. Einnig vantar okkur skólafólk sem getur unnið ca 1 kvöld í viku og aðrahverja helgi og yrði þá áfram út sumarið.

Erum einnig að auglýsa eftir starfsfólki fyrir sumarið, frá júní og út ágúst. Æskilegt er að manneskjan sé eldri en 20 ára, snyrtileg, stundvís, reyklaus, ábyrg, brosmild, sýni frumkvæði í vinnu og hafi ríka þjónustulund. Íslenska og enska skilyrði. Þarf að geta byrjað strax.

Umsóknir berist á seabaron8@gmail.com.

**FJARÐARBAKARÍ - DALSHRAUNI Í HFJ.**
Starfsfólk óskast í hlutastörf á virkum dögum. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## skemmtanir




Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Opnunartími yfir páska:**

**Miðvikudag 23. apríl 11-03**
**Skírdag 13-20**
**Föstudaginn langa lokað**
**Laugardag 26. apríl 11-03:00**
**Páskadag 00:00-03:00**
**Annar í páskum 13:00-01-00**

**Gleðilega páska.**

**Hljómsveitin Klettar**




**Rúnar Þór, Rúnar Villa Valla, Tryggvi Hubner og Siggi Árna spila í kvöld.**

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

## tilkynningar

Sveitarfélagið ÁRBORG

### Dælustöð við Hraunstekk skipulagslýsing

Samkvæmt 1.mgr.40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagslýsing fyrir deiliskipulagsáætlun dælustöðvar við Hraunstekk í Sveitarfélaginu Árborg.

Um er að ræða skipulagssvæði sem er staðsett austan við vegamót Eyrarbakkavegar og Gaulverjabæjarvegar. Fyrirhugað er að byggja hús fyrir nýja dælustöð Selfossveitna vegna hita- og vatnsveitu, sem þjóna mun þéttbýlinu að Eyrarbakka og Stokkseyri og efla þar með þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Dælustöðvarhúsið mun standa á nýrri lóð, Hraunstekk, sem stofnuð verður úr landi Gamla-Hrauns landnúmer 165864.

Skipulagslýsingin liggur frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl . 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir **21.apríl 2016**. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins, http://www.arborg.is

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingafulltrúi Árborgar*

## fasteignir

# Bjarmaland

Fallegt og vel skipulagt einbýlishús sem stendur við fallega götu neðst í Fossvogdalnum



Um er að ræða 256,2 fm vandað einbýlishús við Bjarmaland neðst í Fossvogsdalnum
Eignin er 6/8 herbergja með glæsilegum gróðursælum suðurgarði. Húsið hefur fengið gott viðhald að innan sem utan og hefur verið vandað til í öllu efnsivali
Einstök eign á veðursælum stað



Nánari upplýsingar veitir
**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG**
**569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Verð: **135,0 millj.**

**- með þér alla leið -**

## tilkynningar

REYKJAVÍKURBORG



Byggingarréttur

Gylfaflöt

# Gylfaflöt og Krókháls

## Byggingarréttur fyrir atvinnuhúsnæði



Krókháls

Reykjavíkurborg óskar eftir kauptilboðum í byggingarrétt fyrir atvinnuhúsnæði við Gylfaflöt 2-12 og Krókháls 7a. Einungis lögaðilar sem geta sýnt fram á jákvæða eiginfjárstöðu og eru í skilum með opinber gjöld geta gert tilboð í byggingarrétt.

Skila skal skriflegu kauptilboði til þjónustuvers Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, fyrir kl. 14:00 fimmtudaginn 7. apríl 2016.

Nánari upplýsingar og tilboðseyðublað á vef Reykjavíkurborgar - www.reykjavik.is/lodir

Reykjavíkurborg - skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | Ráðhúsi Reykjavíkur - Tjarnargötu 11 | www.reykjavik.is/sea | s. 411 11 11

## atvinna

### Málmiðnaðarmenn

Á M Sigurðsson óskar eftir að ráða járnsmið eða mann vanan smíði úr ryðfríu stáli. Vinnan felst aðallega í smíði fiskvinnsluvéla viðhaldi og almennri verkstæðisvinnu.

***Vinsamlega sendið umsóknir á mesa@mesa.is fyrir 30. mars***

Á.M.Sigurðsson ehf Hvaleyrarbraut 2.
220 Hafnarfjörður

MESA

## tilkynningar

# URRIÐAHOLT, NORÐURHLUTI 3. ÁFANGI

## FORKYNNING DEILISKIPULAGSTILLÖGU

Skipulagsnefnd Garðabæjar hefur vísað tillögu að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 3. áfanga til forkynningar í samræmi við 3. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið, sem nær til 9 ha svæðis við Urriðaholtsstræti og hæsta hluta holtsins, gerir ráð fyrir að hámarki 327 íbúðum í fjölbýli (3-5 hæðir) og rað- og parhúsum (1-2 hæðir), af mismundandi stærð í blandaðir byggð sem getur hentað fyrir alla aldurshópa. Við Urriðaholtsstræti verð fjölbýlishús með atvinnutengdri starfsemi á neðstu hæð sem snýr að götunni.

Forkynning stendur til 11. apríl 2016. Meðan á forkynningu stendur er tillagan aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar, **www.gardabaer.is** og á heimasíðu Urriðaholts, **www.urridaholt.is**. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á því að koma með ábendingar sem verða teknar til umfjöllunar við endanlega mótun tillögunnar. Skal þeim skilað skriflega til skipulagstjóra Garðabæjar fyrir 11. apríl.

**Almennur kynningarfundur verður haldinn miðvikudaginn 30. mars á bæjarskrifstofum Garðabæjar, 3. hæð og hefst hann klukkan 16.**

Á fundinum verður tillagan kynnt, spurningum svarað og opnað fyrir umræður.

**Skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS


# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

leið fyrir frumkvöðlana inn á markaðinn. „Ég vil að Hús sjávarklasans og neðri hæðin, þegar hún er komin í gagnið, verði tákn um það hvað sé að gera með nýsköpun í sjávarútvegi. Sérstaklega með tegundir sem við þekkjum; hvítfiskinn og uppsjávarfiskinn,“ segir Þór.

*Myndirðu segja að áhuginn erlendis frá kæmi aðallega frá Bandaríkjunum?*

„Áhuginn hefur líka vaknað mjög víða í Evrópu en ég held að áhugi sendiherranna beggja, þeirra Robs Barber og Geirs Haarde, hafi skipt sköpum varðandi áhugann í Bandaríkjunum. Og það hefur sett ákveðinn kraft í það og tengingarnar þangað,“ segir Þór. Hann segir að Íslendingar eigi mikla samleið með Bandaríkjunum. „Við erum það litlir að þeim finnst gaman að sjá hvernig svona smáþjóð getur náð svona góðum árangri,“ segir Þór. „Að mörgu leyti skilji þeir ekki hvernig við getum náð svona miklum árangri svona lítil. Okkar athuganir benda til þess að þjóðirnar í kringum okkur séu að ná um 50 prósenta nýtingu á fiskinum hingað til á meðan við erum í 70-85 prósentum. Þannig að það er himinn og haf þarna á milli,“ segir Þór.



**Þór Sigfússon segir að lykillinn að farsælli framtíð sé að ungt fólk vilji taka þátt í greininni; að markaðssetja nýjar vörur og hanna nýjar vörur í sjávarútvegi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Mörg verkefni fram undan

„Við erum með lista yfir sjötíu frumkvöðlafyrirtæki sem eru í mjög fjölbreyttri starfsemi. Það er mjög gaman að sjá ný fyrirtæki verða til í tækninni – tækni í vinnslubúnaði um borð í skipum. Við sjáum líftæknifyrirtæki mörg verða mjög öflug,“ segir Þór. Þar nefnir hann fyrirtækið Lipid sem vinnur að framleiðslu lyfja úr lýsi, Kerecis og Zymetech sem er nýselt til Svíþjóðar. Hann nefnir líka fyrirtæki sem vinnur prótein eins og Iceprótein. „Það sem mér finnst líka áhugavert er að núna er að verða meiri skilningur á tækifærum í öllum matvælageiranum og hvernig tengingar þurfa að verða milli þeirra,“ segir hann. Þór segir að í öllum þessum greinum hafi stofnanir eins og Matís leikið stórt hlutverk. Hlutverk Sjávarklasans sé svo að taka við þessum aðilum og hjálpa þeim að verða að fyrirtækjum og tengjast fjárfestum. „Við ætlum ekkert að verða sérfræðingar í sjávarlíffræði. Við ætlum hins vegar að vera í hinu, stofna fyrirtækin, sem er ekki hlutverk hins opinbera.“

*Sjávarútvegurinn er ekki lengur mest gjaldeyrisskapandi atvinnugrein þjóðarinnar. Heldurðu að ykkar starf muni skipta sköpum við að ná þeirri stöðu aftur?*

„Það skiptir auðvitað engu máli hver er númer eitt í röðinni ef allir þokast í rétta átt. Og kannski er þetta bara ágætt fyrir sjávarútveginn. Það sem vakti mikla athygli mína þegar ég byrjaði með klasann og fór yfir umfjöllun um sjávarútveg á Íslandi og bar hana saman við umfjöllun í Írlandi, í Noregi og í nokkrum löndum, var að ég áttaði mig á, að því verri sem afkoma sjávarútvegarins var, því betri var umfjöllunin,“ segir Þór. Hann segir þó að oft virðist sem aðilar í sjávarútvegi séu búnir að ákveða að fólk sé ekki hrifið af atvinnugreininni og telji að hún mæti tortryggni. „En þegar við byrjuðum að kynna frumkvöðlana og nýjungarnar og starf allra þessara fyrirtækja, þá fundum við fyrir allt öðru. Við fundum fyrir miklum áhuga,“ segir Þór

### Markmiðið að hámarka nýtingu

Þór bendir á að eitt af markmiðunum sem nú sé unnið að innan greinarinnar sé að hámarka nýtingu fisksins. Þar sé meðal annars verið að þróa heilsuvörur og jafnvel lyf. Hann er sannfærður um að þetta muni gerast í auknum mæli og það muni auka tekjumöguleika greinarinnar. „Ég er hins vegar alls ekki á því að það muni endilega verða útgerðirnar sjálfar sem muni gera það þó þær muni spila hlutverk. Útgerðirnar eru góðar í allt öðru. Þær eiga ekkert endilega að segjast ætla að verða lyfjafyrirtæki. Það vantar nýja kynslóð sem stígur inn og tekur við þessum afurðum og þróar þær áfram,“ segir Þór. Þetta sé eitt af því sem starfsemi Sjávarklasans snúist um. „En það góða er að við erum ekki einir um það. Þetta var löngu byrjað áður en við stofnuðum Klasann,“ segir Þór.

*Þú sættir rannsókn sérstaks saksóknara vegna Sjóvármálsins í fimm og hálft ár og sú rannsókn var í gangi þegar þú settir þetta á laggirnar. Hafði það áhrif?*

„Auðvitað hafði það áhrif. En sem betur fer voru nokkrir traustir einstaklingar í öflugum og framsýnum fyrirtækjum sem voru tilbúnir að koma með mér í þessa vegferð. Ég átti nokkra erfiðari fundi með öðrum sem ég mun aldrei gleyma. En ég er ekkert að erfa það við nokkurn mann. Það eru bjartir tímar fram undan hér,“ segir Þór.

## Sjávarklasinn með mathöll á Hlemmi

Hinn 1. mars síðastliðinn skrifuðu fulltrúar Reykjavíkurborgar og Sjávarklasans undir samstarfssamning um mathöll sem opnuð verður á Hlemmi í haust. Mathöllin á að vera vettvangur sælkeraverslana og smárra veitingastaða.

Verkefnið hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið en seinasta sumar auglýsti borgin eftir rekstraraðila að matarmarkaði á Hlemmi. Í ágúst samþykkti borgarráð að velja Sjávarklasann til áframhaldandi viðræðna og síðan þá hefur verið unnið að þróun mathallarinnar.

Ráðist verður í umtalsverðar breytingar á Hlemmi áður en mathöllin verður opnuð og munu framkvæmdir hefjast í apríl. Áætlað er að breytingarnar á Hlemmi kosti 107 milljónir króna.

Haukur Már Gestsson og Bjarki Vigfússon hjá Sjávarklasanum eru framkvæmdastjórar mathallarinnar.


# Bankasýsla ríkisins leitar að einstaklingum til stjórnarsetu í fjármálafyrirtækjum.

**Bankasýslan fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum samkvæmt lögum nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Fer stofnunin með 100,0% eignarhlut í Íslandsbanka hf., 98,2% eignarhlut í Landsbankanum hf., 49,5% eignarhlut í Sparisjóði Austurlands hf. og 13,0% eignarhlut í Arion banka hf.**

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar sérstaka valnefnd, sbr. 7. gr. laga nr. 88/2009, sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins í stjórnir fjármálafyrirtækja. Bankasýsla ríkisins óskar formlega eftir tilnefningum valnefndar um stjórnarmenn fyrir stjórnarkjör í hlutaðeigandi fjármálafyrirtækjum.

Samkvæmt ákvæði 7. gr. laga nr. 88/2009 styðst valnefnd við starfsreglur við mat á hæfni, menntun og reynslu einstaklinga sem til greina koma til setu í stjórnum fjármálafyrirtækja fyrir hönd ríkisins. Starfsreglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Bankasýslu ríkisins.

**Við val á einstaklingum sem tilnefndir eru í stjórnir fjármálafyrirtækja tekur valnefndin mið af yfirsýn, þekkingu og reynslu viðkomandi í tengslum við fyrirtækjarekstur og starfsháttum fjármálafyrirtækja. Valnefndin skal leitast við að tryggja að í bankaráðum og stjórnum fyrirtækja sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.**

VIÐ MAT Á HÆFI UMSÆKJENDA LÍTUR VALNEFNDIN MEÐAL ANNARS TIL EFTIRFARANDI ATRIÐA:

- Fjárhagslegt sjálfstæði, reynsla og þekking eða nám sem nýtist í starfi.
- Traust og gott orðspor.
- Þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og stefnumótun.
- Sérþekking á sviði áhættustefnu s.s. markaðs- og lánsáhættu.
- Sérþekking á sviði innra eftirlits og reikningsskila.
- Sérþekking á sviði lögfræði.

Ennfremur er vakin athygli á 29 gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem varðar mögulega hagsmunaárekstra í tengslum við lánveitingar.
Stjórnarmenn fjármálafyrirtækja þurfa að gangast undir og standast hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

UMSÆKJENDUR ÞURFA JAFNFRAMT AÐ UPPFYLLA EFTIRFARANDI SKILYRÐI:

- Vera lögráða og hafa ekki á síðustu fimm árum verið úrskurðaðir gjaldþrota.
- Hafa ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað.
- Uppfylla kröfur um óhæði, þ.e. þeim er ekki heimilt að vera starfsmenn eða stjórnarmenn hjá þeim sem fara með yfirráð yfir öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum, eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum eða dótturfélögum þeirra, eru ekki makar stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra nokkurra framangreindra aðila eða skyldir þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Það sama gildir ef viðkomandi sinnir reglubundið hagsmunagæslu eða ráðgjafastörfum fyrir framangreinda aðila eða hefur meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá. Stjórnarmenn og starfsmenn fjármálafyrirtækis mega ekki eiga sæti í stjórnum annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem eru í nánum tengslum við hann.

BANKASÝSLA RÍKISINS

Bankasýsla ríkisins er sérstök ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra og fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma.

Áhugasamir einstaklingar sem telja sig uppfylla framangreind skilyrði eru hvattir til að senda ferilskrár ásamt upplýsingum um ofangreind atriði til valnefndar Bankasýslu ríkisins á **netfangið valnefnd@bankasysla.is**. Óskað er eftir að ferilskrár og umbeðnar upplýsingar berist eigi síðar en **30. mars nk.** Þeir einstaklingar, sem sent hafa ferilskrár sínar eða boðið sig fram til stjórnarsetu með öðrum hætti fyrir 1. júní 2015, eru beðnir um að endurnýja áhuga sinn með pósti til valnefndar ef þeir gefa áfram kost á sér til setu í stjórnum fjármálafyrirtækja.
Nánari upplýsingar veitir Jón G. Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins, sími 550-1700.

EVA DÖGG SIGURGEIRSDÓTTIR



## Ráðin í starf hjá Bioeffect

Eva Dögg Sigurgeirsdóttir hefur verið ráðin sem verkefnastjóri og sérfræðingur í rafrænni markaðssetningu fyrir Bioeffect sem er dótturfyrirtæki ORF Líftækni.

Eva Dögg starfaði sem markaðsstjóri Smáralindar um árabil. Hún hefur undanfarin fimm ár ritstýrt afþreyingarvefmiðlinum Tíska.is auk þess að sinna markaðssetningu, verkefna- og viðburðastjórnun fyrir ýmis fyrirtæki. Hún lauk MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2011. Eva Dögg er gift Bjarna Ákasyni framkvæmdastjóra. Hún á fjögur börn.

INGIBJÖRG ARNARSDÓTTIR



## Ráðin yfir fjármálasvið

Ingibjörg Arnarsdóttir viðskiptafræðingur tók við starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Reiknistofu bankanna þann 7. mars 2016. Hún hefur víðtæka reynslu af stjórnun fyrirtækja, fjármála, upplýsingatækni og stjórnarsetu.

Ingibjörg starfaði hjá Valitor frá 2008 til 2016 sem framkvæmdastjóri áhættustýringar, fjármála, stjórnunar og mannauðs. Þá kom hún að uppbyggingu erlendrar starfsemi félagsins. Áður starfaði hún sem lánastjóri hjá Glitni árin 2007 og 2008, framkvæmdastjóri heildverslunar Karls K. Karlssonar frá 2001 til 2007 og sem ráðgjafi í upplýsingakerfum fjármála hjá DIT í London á árunum 1997 til 2000.

JÓN BJÖRNSSON



## Varaformaður stjórnar SVÞ

Jón Björnsson, forstjóri Festi hf., var kjörinn varaformaður stjórnar SVÞ á stjórnarfundi á mánudaginn. Festi er meðal annars móðurfélag Kaupáss, sem rekur matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Nóatúns og Kjarvals, ELKO, Intersport, auglýsingastofuna EXPO og vöruhótelið Bakkann. Þá hefur Festi jafnframt gengið frá kaupum á hluta af fasteignasafni Smáragarðs.



Guðmundur Karl lærði skíðarekstrarfræði í Michigan-ríki í Bandaríkjunum. MYND/INSPIRED BY ICELAND

# Eini skíðarekstrarfræðingur landsins starfar á Akureyri

**Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls, segir skíðasvæðin einn stærsta ferðaþjónustuaðilann á landsbyggðinni yfir vetrarmánuðina. Páskahelgin er verslunarmannahelgi vetrarins í Hlíðarfjalli og skiptir miklu fyrir rekstur skíðasvæðisins. Guðmundur hefur verið við völd í Hlíðarfjalli síðustu 16 ár.**

SVIPMYND
GUÐMUNDUR KARL JÓNSSON

„Þetta er verslunarmannahelgi vetrarins,“ segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli, um páskahelgina. Þá segir hann Akureyrarbæ fyllast af aðkomufólki og brottfluttum Akureyringum sem séu á leið á skíði.

„Það er mikill straumur norður, líka á Dalvík, Siglufjörð og Sauðárkrók. Enda eru skíðasvæðin einn stærsti ferðaþjónustuaðili á landsbyggðinni yfir vetrarmánuðina, þar sem fólk er að koma mjög reglulega um helgar á öll þessi skíðasvæði.“

Guðmundur er uppalinn Garðbæingur en hefur verið forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli frá aldamótum. „Ég ólst upp á skíðunum, ég var svo sem enginn Stenmark bara svona í miðjunni, en fór að fá áhuga á snjótroðurum og lyfturum,“ segir Guðmundur. „Eitt leiddi af öðru og hérna er maður í dag,“ segir hann.

„Ég var í skíðabransanum í Ameríku í ellefu ár og svo bauðst mér þessi vinna árið 2000,“ segir hann. Fyrst vann hann sem skíðakennari vestanhafs en fór svo í nám í skíðarekstrarfræði við Gogebic-háskóla í Michigan og er eftir því sem hann best veit eini skíðarekstrarfræðingur landsins. Í kjölfarið bauðst

> **Ég ólst upp á skíðunum, ég var svo sem enginn Stenmark bara svona í miðjunni, en fór að fá áhuga á snjótroðurum og lyfturum**
>
> Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls,

Guðmundi vinna hjá sænska fyrirtækinu Lemko, sem býr til snjóframleiðslukerfi.

Guðmundur segir farsæla páskahelgi skipta talsverðu máli fyrir rekstrarafkomu skíðasvæðisins. Á síðasta ári seldust lyftupassar á skíðasvæðinu fyrir 15 milljónir króna um páskahelgina. Hér verða 40-50 manns í vinnu,“ segir Guðmundur um viðbúnaðinn í Hlíðarfjalli um helgina. „Það verður líf og fjör í fjallinu, við erum með skíðaskóla og skíðaleigu og erum að búa til smá stemmingu hérna í sólinni, tónlistaratriði og fleira,“ segir hann.

Þá segir Guðmundur þá breytingu hafa orðið síðustu ár að páskahelgin sé ekki hlutfallslega jafn stór eftir að vetrarfríin urðu vinsælli skíðafrí, en engu að síður séu um 2.500 manns í Hlíðarfjalli flesta daga yfir páskana. Þá sé veðurspáin góð og útlit fyrir gott skíðafæri. ingvar@frettabladid.is

# Árásirnar höfðu áhrif á markaðinn í Evrópu

Evrópskir hlutabréfamarkaðir lækkuðu verulega í gær í kjölfar sprengjuárása í Brussel í Belgíu. Þrjár sprengingar urðu í Brussel í gærmorgun, á Zaventem-flugvellinum og í lest nærri Maelbeek-lestarstöðinni.

Svo virðist sem fjárfestar hafi í gær beint sjónum sínum að gulli og ríkisskuldabréfum, sem þeir telja öruggari fjárfestingar.

FTSEuroFirst 300 vísitalan hafði lækkað um 0,61 prósent um eftirmiðdaginn í gær. DAX-vísitalan í Þýskalandi hafði þá lækkað um 0,3 prósent, GDAXI-vísitalan um 0,27 prósent, og belgíska hlutabréfavísitalan um 0,1 prósent. Þessar vísitölur höfðu lækkað um allt að tvö prósent yfir daginn.

Hlutabréf í ferðaþjónustugeiranum, meðal annars í flugfélögum og hótelum, lækkuðu mest í gær. Hlutabréf í Air France höfðu lækkað um 3,8 prósent um eftirmiðdaginn í gær. Þá

**3,8%**
**lækkun varð á hlutabréfum í Air France í gær**

höfðu hlutabréf í easyJet lækkað um tæplega eitt prósent, og hlutabréf í Deutsche Lufthansa um 2,13 prósent.

Hlutabréf í hótelkeðjunni Accor lækkuðu um 4,7 prósent og í Intercontinental Hotels um 2,3 prósent. Hlutabréf í breska ferðaþjónustufyrirtækinu Thomas Cook lækkuðu um allt að 6,8 prósent í gærmorgun en tóku við sér yfir daginn og höfðu hækkað um 0,84 prósent um eftirmiðdaginn í gær.

Undanfarinn mánuð hafa hlutabréfamarkaðir verið að taka við sér á ný eftir erfiða byrjun árs en svo virðist sem árangur síðasta mánaðar hafi að einhverju leyti þurrkast út í gær. – sg




Í kjölfar árásanna var flugvöllurinn í Brussel tæmdur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



STOMP PRODUCTIONS OG GLYNIS HENDERSON PRODUCTIONS KYNNA Í SAMSTARFI VIÐ SENU LIVE
REYKJAVÍK
LONDON
NEW YORK
DUBAI
LAS VEGAS
STOMP
HARPA 11. & 12. JÚNÍ
„SANNKALLAÐIR SVIÐSTÖFRAR!“
- THE SUNDAY TELEGRAPH
„ÓTRÚLEGUR KRAFTUR, FÁGUN OG HNYTTNI!“
- THE INDEPENDENT ON SUNDAY
„UNDRAVERÐ ORKA OG ÓTRÚLEGUR AGI!“
- THE EVENING STANDARD
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Floridana
LIFÐU VEL!
MIÐASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/STOMP
sena
LIVE!



Stjórnmál
Þórunn Egilsdóttir
alþingismaður

# Hver hefur staðið vörð um íslenska hagsmuni?

Það hefur verið ansi merkilegt að fylgjast með umræðunni síðustu viku. Mörg misgáfuleg ummæli hafa verið látin falla um hæfi forsætisráðherra. Í þeirri umræðu eru menn uppteknir af fjárhag eiginkonu hans. Ég velti því fyrir mér hvar við erum í raun stödd í jafnréttisumræðu þegar hjón eru gerð að einni manneskju þegar kemur að fjárhag og sjálfstæði. Er það ekki skortur á jafnrétti? Það er rétt að eiginkona forsætisráðherra er sterkefnuð kona og hefur sú staðreynd lengi legið ljós fyrir. Hvað hún gerir við auð sinn kemur mér bara ekki við svo lengi sem skattar eru greiddir til íslenska ríkisins. Það hefur verið gert og er staðfest opinberlega af endurskoðanda KPMG.

Annað sem ég velti fyrir mér er hvort það sé ekki kostur að einstaklingur sem leiðir þjóðina sé fjárhagslega sjálfstæður, engum háður og því ekki hætta á að hann gangi erinda peningaafla í þjóðfélaginu?

Innkoma Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar í pólitík byggðist á vilja hans til vinna gegn því óréttlæti sem skapaðist við hrunið. Það er kannski allt í lagi að rifja þetta upp og benda á að hans stærsta áherslumál hefur ávallt verið uppgjör föllnu bankanna og að tryggja það að tap fjármálafyrirtækjanna færðist ekki yfir á íslenskan almenning.

Sigmundur Davíð hefur gengið manna harðast gegn kröfuhöfum og hefur ekkert gefið eftir. Það liggur ljóst fyrir að eiginkona hans tapaði fjárhagslega við framgöngu hans en þjóðin stórgræddi. Undir forystu hans var samþykkt stöðugleikaframlag sem mun færa ríkissjóði um 500 milljarða, beint eða óbeint. Þetta ásamt mörgum fleiri aðgerðum ríkisstjórnarinnar gerir okkur nú í raun kleift að ræða og fara í alvöru í uppbyggingu innviða í samfélaginu. Það verkefni er orðið mjög aðkallandi og gott að geta hafist handa við það.

Ég er nú ekki frá því að staðfestan sem Sigmundur Davíð hefur sýnt, þrátt fyrir háværar úrtöluraddir á köflum, hafi heldur betur sannað sig. Hann verður seint sakaður um að hafa tekið kröfuhafa einhverjum vettlingatökum eða gengið eigin erinda. Því treysti ég honum manna best til þess að standa vörð um íslenskt efnahagslíf.

**Sigmundur Davíð hefur gengið manna harðast gegn kröfuhöfum og hefur ekkert gefið eftir.**

## Kastljósið á bílana í Bangkok



Þrítugasta og sjöunda bílasýningin í Bangkok er hafin. Búist er við því að sala á bílum muni aukast fyrir vikið. Bílaiðnaðurinn hefur staðið frammi fyrir miklum vanda að undanförnu vegna slæms efnahags og pólitískrar óvissu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# 10 ár sem breyttu Íslandi



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Á mánudaginn voru tíu ár síðan skýrslan „Geyser crisis“ var gefin út. Eins og margir vita var ég meðhöfundur skýrslunnar sem hagfræðingur hjá Danske Bank. Það er óhætt að segja að skýrslan hafi breytt lífi mínu.

Ég gerði mér fulla grein fyrir því að skýrslan hefði áhrif, en ég verð að segja að ég gat ekki ímyndað mér að áhrifin yrðu eins og raunin varð og ég bjóst sannarlega ekki við að ég myndi skrifa um skýrsluna tíu árum seinna. Ísland hefur hins vegar á margan hátt orðið hlutskipti mitt. Ég hef ekki alltaf notið þess og þótt ég hafi aldrei verið hræddur við að segja hug minn þá hafa deilurnar ekki alltaf verið skemmtilegar. Að því sögðu hefði ég ekki viljað vera án þess því það hefur gefið mér annað – náin tengsl við Ísland og íslensku þjóðina, og það er nokkuð sem ég met mikils og það gleður mig alltaf þegar einhver kallar mig Íslandsvin.

Í einkalífinu hefur margt gerst á þessu tíu ára tímabili – mikilvægast er að ég kvæntist og eignaðist tvö stórkostleg börn, svo þetta hafa verið tíu frábær ár fyrir mig, en á þessum tíu árum fór Ísland í gegnum gríðarlega bankakreppu og mjög djúpa efnahagslægð.

En Ísland hefur náð sér mjög vel eftir kreppuna og á meðan ættland mitt, Danmörk, hefur í dag minni verga landsframleiðslu en árið 2007, og hefur í raun ekki haft neinn hagvöxt síðustu 7-8 árin, hefur Ísland að fullu náð sér eftir hrunið, að minnsta kosti hvað verga landsframleiðslu áhrærir, og vöxtur í íslenska hagkerfinu er líflegur. Fáir hefðu spáð því 2008, en síðan 2010 hefur Ísland í raun haft einn mesta hagvöxt í Evrópu og ég spáði því

**Í einkalífinu hefur margt gerst á þessu tíu ára tímabili – mikilvægast er að ég kvæntist og eignaðist tvö stórkostleg börn, svo þetta hafa verið tíu frábær ár fyrir mig, en á þessum tíu árum fór Ísland í gegnum gríðarlega bankakreppu og mjög djúpa efnahagslægð.**

vissulega ekki. Batinn í íslensku efnahagslífi hefur sannarlega verið ótrúlegur.

Mörg mistök voru gerð á Íslandi, en aðstæðurnar neyddu stjórnvöld til að taka margar réttar ákvarðanir og það hefur hjálpað íslenska hagkerfinu að ná sér. Ég held sérstaklega að sú „þvingaða“ ákvörðun að leyfa alþjóðlega hluta íslensku bankanna að falla og hin skarpa rýrnun íslensku krónunnar hafi verið meginþættirnir á bak við efnahagsbatann. Auk þess sýnir efnahagsbatinn á Íslandi að strangt aðhald í ríkisfjármálum drepur ekki endilega hagkerfið ef neikvæð áhrif á heildareftirspurn eru „bætt upp“ með slökun á peningamálastefnu (veikari gjaldmiðill og lægri vextir).

Þegar kreppan skall á í október 2008 var ég oft spurður hvernig mér þætti að hafa haft „rétt fyrir mér“ um Ísland (ég hafði ekki eins „rétt fyrir mér“ og fólk heldur stundum). Það virðist kannski þverstæðukennt, eftir þá stundum persónulegu gagnrýni sem ég varð fyrir 2006, að þá gerði íslenska kreppan mig sannarlega niðurdreginn og sérstaklega hafði hinn mikli kostnaður sem margir venjulegir Íslendingar urðu fyrir mikil áhrif á mig, en það var líka sá þáttur sem fékk mig til að samsama mig mun betur við Ísland.

Þegar allt er talið held ég að sagan sem byrjaði sem martröð hafi endað vel og það gleður mig mjög að íslenska hagkerfið hafi náð sér svo vel á strik, og þótt það séu enn nokkur kerfislæg viðfangsefni sem íslenskt efnahagslíf þarf að takast á við er ég bjartsýnn á að það haldi áfram að batna næsta áratuginn og ég hlakka til að fylgjast með þróuninni eins nákvæmlega og ég hef gert síðustu tíu ár.

Ísland – ég verð áfram vinur þinn.

# Lopapeysuviðskipti



Hin hliðin
Ingibjörg Gréta Gísladóttir
Hjá Riggu

Töluvert hefur verið rætt um lopapeysuna sem gefin var borgarstjóra Chicago í síðustu viku og sitt sýnist hverjum um þá gjöf. En því getur enginn neitað að um íslenska hönnun er að ræða, útfærslu á hinni íslensku lopapeysu sem aftur er talin hafa mótast fyrir áhrif erlendra prjónahefða sem bárust til landsins fyrir margt löngu. Þessi umræða er athyglisverð nú nokkrum dögum eftir HönnunarMars þar sem íslensk hönnun er dregin fram í sviðsljósið. „Aðferðafræði hönnunar býr yfir tækifærum til sköpunar og endursköpunar“ segir meðal annars á vef Hönnunarmiðstöðvar og er því ekki hægt að líta svo á að um endursköpun íslensku lopapeysunnar sé að ræða? Hvort mikil rannsóknarvinna liggi að baki hönnunar lopapeysunnar sem prjónuð er í Kína eftir uppskrift íslensks hönnunarfyrirtækis skal ósagt látið en gaman væri að heyra um hönnunarferli peysunnar í ljósi allrar þeirrar umræðu sem hún hefur valdið. En nóg af lopapeysumálinu.

HönnunarMars er kominn í hóp með stóru hátíðunum eins og RIFF, Airwaves og menningarnótt. Hingað koma erlendir aðilar sérstaklega til að kynna sér íslenska hönnun, samræður og tengingar eiga sér stað og íslensk hönnunarvara selst sífellt meira í erlendar verslanir í gegnum DesignMatch sem haldinn er samhliða HönnunarMars. Það mega aðstandendur hátíðarinnar eiga að þeim hefur tekist að tengja hönnun og viðskipti saman með hreint ágætis árangri og er það fín búbót í íslenskt þjóðarbú. Íslensk hönnun þykir frjó, dulúðug og oft á tíðum framandi. Hún er gjarnan tengd við okkar stórbrotnu náttúru sem í fjölbreytileika sínum kemur sífellt á óvart. En tækifærin væru ansi fátækleg ef ekki kæmu til erlendir framleiðendur sem vinna með íslenskum hönnuðum við að útfæra hönnun þeirra til framleiðslu. Flóran væri ekki eins fjölbreytt ef eingöngu væri framleitt hérlendis úr innlendu hráefni. Meira að segja ítölsku hátískufyrirtækin framleiða hluta af sinni vörulínu í öðrum löndum eins og Kína, ástæðan er sú sama og hér, ódýrari aðföng og fleiri tækifæri á markaði. Hitt er svo annað mál að það er gæðastimpill að vara sé framleidd á heimamarkaði þeirra, Ítalíu, því hefðin er sterk og framleiðendur með áratuga reynslu í faginu, nokkuð sem við hér á landi eigum enn töluvert í land með og þangað til þurfum við á erlendum framleiðendum að halda.

Komum okkur upp úr skotgröfunum, viðurkennum stöðuna eins og hún er og stöndum við bakið á íslenskri hönnun í margbreytileika sínum – smekkur er síðan aftur á móti persónubundinn og dæmir hver fyrir sig, á þeim forsendum.


ilmurinn er indæll
og bragðið eftir því
Katla
vöfflur
500 g
Katla
vöfflur
ÞURREFNABLANDA
Létta uppskriftin
www.katla.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 23.mars 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.912,99 -40,8
(1,2%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## 3,5%

**HÆKKUN Í FEBRÚAR**

Launavísitala í febrúar 2016 er 564,0 stig og hækkaði um 3,5 prósent frá fyrri mánuði, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 12,6 prósent. Í vísitölunni gætir áhrifa nýrra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

## 53%

**GETA SPARAÐ FÉ**

Fjárhagur heimilanna virðist almennt vera að vænkast, og fleiri ná að spara. Samkvæmt nýjum Þjóðarpúls Gallup geta tæplega 42 prósent landsmanna safnað svolitlu sparifé og hátt í 11 prósent geta safnað talsverðu sparifé. Í júlí 2010 gat hins vegar einungis 31 prósent sparað..

**17.3.2016**



**Þar sem ég stóð hér fyrir ári síðan hafði ég aðeins veika von um að okkur tækist að nýta tímann til áramóta til að ganga frá málefnum allra fallinna fjármálafyrirtækja, en það tókst. Frágangur allra fallinna fjármálafyrirtækja er kominn í farveg með samþykktum nauðasamningum. Útistandandi lagaleg ágreiningsmál eru engin. Málið afgreitt. „Thank you, goodbye.“**

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Síðasta skrefið

**Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra lýsti því yfir á dögunum að til standi að afnema gjaldeyrishöftin á þessu ári. Það eru svo sem ekki ný tíðindi að afnám sé á dagskránni, en stóra nýmælið felst í því að nefnd hafi verið sérstök tímasetning. Ríkisstjórnin getur nú vart annað en látið til skarar skríða, fyrr en síðar.

**Vitaskuld** er margs konar óhagræði falið í gjaldeyrishöftunum. Fyrir það fyrsta eru miklar takmarkanir á erlendum lánveitingum og fjárfestingum íslenskra félaga erlendis. Sýnu alvarlegri er þó sá raunveruleiki að gjaldeyrishöftin fæla frá erlenda fjárfestingu. Sú staðreynd ein og sér að á Íslandi séu gjaldeyrishöft nægir til að alþjóðlegir fjárfestar leiti annað. Það er nefnilega í senn framandi og flókið að glíma við gjaldeyrishöftin. Auðveldara er þá að fjárfesta í umhverfi sem þú þekkir.

**Gjaldeyrishöftin** leggja líka stein í götu lífeyrissjóðanna, sem í núverandi umhverfi eiga þann kost einan að fjárfesta í innlendum eignum. Það veldur því að skortur er á fjárfestingakostum fyrir sjóðina. Í því samhengi nægir að skoða hluthafalista skráðra félaga á Íslandi. Lífeyrissjóðirnir eru þar nánast einráðir. Þeir láta þó ekki þar við sitja heldur eru líka fyrirferðarmiklir í óskráðum félögum, og nánast hverju öðru sem hægt er að festa í fé.

**Þessi staða** er auðvitað ekki heilbrigð og ýtir undir bólumyndun í hagkerfinu.

**Fjármálaráðherra boðar** að í stað gjaldeyrishaftanna komi svokallaðar varúðarreglur, sem væntanlega eiga að tryggja jafnvægi í hagkerfinu. Spennandi verður að sjá útfærsluna á þeim. Verður um raunverulegt afnám haftanna að ræða, eða er einungis verið að finna höftunum nýtt og þægilegra nafn?

**Hvað sem því líður** er ljóst að afnám hafta er gríðarstórt hagsmunamál fyrir fólk og fyrirtæki í landinu, og í raun lokahnykkurinn í því að skipa Íslandi á ný á bekk siðaðra þjóða í efnahagsmálum. Vonandi tekst vel til og Ísland getur tekið síðasta skrefið úr myrkrinu og inn í ljósið.









№30
2016

Listahátíð
í Reykjavík

HARPA
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hátindar á ferli Helga

## San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



**Tryggðu þér sæti tímanlega**
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dáðustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28.—30. maí í Eldborgarsal Hörpu.


Stofnaðilar
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg

Styrktaraðilar
Icelandair
Arion banki
Center Hotels
Lexus

Lárusson Hönnunarstofa

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
23. MARS 2016 MIÐVIKUDAGUR

## Merkisatburðir

**1663** Ragnheiður Brynjólfsdóttir í Skálholti lést.
**1903** Wright-bræður sóttu um einkaleyfi á hönnun sinni á flugvél.
**1933** Adolf Hitler varð kanslari Þýskalands.
**1937** Sundhöllin í Reykjavík var vígð.
**1970** Þrír þjóðkunnir leikarar héldu upp á 25 ára leikafmæli: Baldvin Halldórsson, Gunnar Eyjólfsson og Róbert Arnfinnsson.
**1998** Kvikmyndin Titanic vann ellefu Óskarsverðlaun og jafnaði þar með met Ben Húr frá 19-59.





**Katrín Agla Tómasdóttir segir spurningakeppni í Hagaskóla hafa espað upp í henni keppnisandann.** FRETTABLAÐIÐ/HANNA

# Maður þarf að leggja smá á sig til að ná árangri

**Katrín Agla Tómasdóttir kom, sá og sigraði í spurningaþættinum Gettu betur ásamt félögum sínum í keppnisliði Menntaskólans í Reykjavík. Nú er hún hins vegar komin í kærkomið páskafrí og sat á kaffihúsi í miðborg Reykjavíkur þegar í hana náðist í síma.**

„Ég var í spurningaliði Hagaskóla þegar ég var í 10. bekk, það var ágætur undirbúningur og espaði upp keppnisandann í mér. Svo var ég liðsstjóri í MR í fyrra, svo það var næsta skref að reyna að komast inn í liðið,“ segir Katrín Agla Tómasdóttir, einn þriggja keppenda Menntaskólans í Reykjavík sem unnu Gettu betur þetta árið með glans.

Katrín Agla er á öðru ári í MR og verður þar tvö ár í viðbót en þarf að finna sér nýja fylgismenn í keppnina að ári því hinir eru að útskrifast. „Því miður,“ segir hún „En það eru alltaf liðsstjórar að hjálpa okkur á æfingum og þeir gætu komið inn.“

En hvernig fer hún að því að vita alla skapaða hluti? „Ég reyni að fylgjast vel með fréttum, það er örugglega það mikilvægasta,“ segir hún og henni er kurteislega bent á að tæplega læri hún að þekkja hljóðin í vaðfuglinum jaðrakan þar. „Nei, það er grúskað inn á milli,“ segir hún hlæjandi.

Nú vil ég vita hverra manna daman er. „Anna Guðmundsdóttir, kennari í Melaskóla, er mamma mín og Tómas Sigurðsson, lögfræðingur í Íslandsbanka, pabbi minn,“ upplýsir hún og er spurð hvort hún sé sjálf farin að velta fyrir sér framtíðarbraut. „Ég hugsa að ég fari í háskólann í verkfræði. Það er það sem heillar mig mest núna en veit samt ekki alveg hvað verður.“

Í sumar kveðst Katrín Agla að öllum líkindum vinna í Vínberinu á Laugavegi. „Ég var þar í fyrrasumar og það er rosalega góður vinnustaður. Reyndar er það að fara í gegnum breytingar núna og verður opnað sem ný búð í júní,“ segir hún. „Miðbæjarrotta? Ég er náttúrlega í MR sem er í hjarta borgarinnar og bý í Vesturbænum svo ég er ansi mikið í miðbænum. Pabbi býr reyndar í Grafarvoginum svo ég fer stöku sinnum upp fyrir Elliðaár,“ segir hún glaðlega og kveðst líka hafa dálæti á Vestfjörðum.

> **Ég er náttúrlega í MR sem er í hjarta borgarinnar og bý í Vesturbænum svo ég er ansi mikið í miðbænum. Pabbi býr reyndar í Grafarvoginum svo ég fer stöku sinnum upp fyrir Elliðaár.**

Nú tekur okkar kona lífinu með ró og situr á kaffihúsi með vinum sínum niðri í bæ enda er komið langþráð páskafrí. Viðurkennir að undirbúningur keppnanna hafi kostað talsverða yfirlegu. „Maður þarf alltaf að leggja smá á sig til að ganga vel og ná árangri.“

**gun@frettabladid.is**



✝

Elsku hjartans drengurinn okkar,

**Bergur Snær Sigurþóruson**

lést föstudaginn 18. mars.
Útförin fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 31. mars kl. 13.00.

**Sigurþóra Bergsdóttir** **Rúnar Unnþórsson**
**Margrét Rán** **Eyjólfur Felix**
**Bergur Felixson** **Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Unnþór Stefánsson** **Margrét Guðlaugsdóttir**
**ættingjar og ástvinir.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar

**Kristjáns Ragnars Finnbogasonar**

Hlíðarvegi 12, Ísafirði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Arndís Finnbogadóttir**
**Jón Brynjar Kristjánsson**
**Júlíana Ingimarsdóttir**
**Samúel Ingi Jónsson**



✝

Elskuleg eiginkona, móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Guðmundsdóttir**

lést föstudaginn 18. mars. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 30. mars kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

**Samúel Guðmundsson**
**Guðmundur Jónsson** **Helga Haraldsdóttir**
**Sigurður Jónsson**
**Kristján Jónsson**
**Einar Þ. Samúelsson** **Erla B. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og vinur,

**Gunnar Magnússon**

skipstjóri,

sem lést þann 13. mars, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 29. mars kl. 15.00.

**Baldur Gunnarsson** **Edda Karen Haraldsdóttir**
**Guðrún S. Gunnarsdóttir** **Hilmar Sigvaldason**
**Gunnhildur Ó. Gunnarsdóttir** **Guðmundur Arnaldsson**
**Magnús B. Gunnarsson**
**Stefanía S. Gunnarsdóttir** **Kristján J. Ágústsson**
**Gunnar M. Gunnarsson** **Guðrún H. Eiríksdóttir**
**Marta K. Halldórsdóttir**
**Pétur S. Gunnarsson** **Aðalheiður Pálmadóttir**
**Svanhildur Snæbjörnsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, amma og langamma,

**Bára Lárusdóttir**

Hringbraut 59, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 19. mars.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 29. mars kl. 13.00.

**Tómas Hansson**
**Ingimar Örn Pétursson**
**Bára Rós Ingimarsdóttir**
**Pétur Ingi Ingimarsson**
**Róbert Þór Ingimarsson**
**og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórunn Björg Sigurðardóttir**

**(Gógó)**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þann 16. mars síðastliðinn.
Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 4. apríl kl. 15.

**Hjörtur P. Kristjánsson** **Guðrún Einarsdóttir**
**Kristján Rafn Hjartarson** **Jóna Ósk Lárusdóttir**
**Einar Þór Hjartarson**
**Hjörtur Hafsteinn Kristjánsson**
**Bjarki Dagur Kristjánsson**
**Þórunn Hekla Kristjánsdóttir**




NJÓTTU NETFLIX Í 4K

LG

IPS LED 4K ULTRA HD 4K Upscaler TRIPLE XD 1600Hz PMI DVB-T2 harman/kardon NETFLIX 4K

55"

**LG 55UF850V**

- 55" 3D Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160 upplausn
- 1600Hz PMI (Picture Master Index)
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- 20W hátalarakerfi hannað af Harman / Kardon
- webOS 2.0 - Nettenging með opnum netvafra
- NETFLIX - 4K
- Wi-Fi þráðlaus móttakari innbyggður
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- apt-X Bluetooth þráðlaus tenging
- Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari
- Innbyggður gerfihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / 1x USB 3.0 tengi
- Magic Remote Fylgir
- Apple eða Android app

**199.990**

VERÐ ÁÐUR **299.990**

# SJÓNVARPSTILBOÐ




LG

**LG 49UF695V**

- 49" Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Micro Pixel Control / Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- NetCast nettenging með opnum vafra
- Þráðlaus Wi-Fi móttakari
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- Stafrænn DVB-T/C/T2/S/S2 móttakari
- Gervihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / USB 3.0 tengi / USB upptökaka
- 3 x HDMI, Scart, Component tengi
- Ethernet, Optical út & CI rauf
- Magic Remote og App fyrir Apple og Android síma / spjaldtölvur

IPS LED 4K ULTRA HD 4K Upscaler TRIPLE XD 700Hz PMI NETFLIX 4K DVB-T2

49"

**159.990**

VERÐ ÁÐUR **179.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

LG Life's Good

markhönnun ehf

# nettó
















## Opnunartími yfir páska

| Verslanir: | Skírdagur | Föstudagurinn langi | Páskadagur | Annar í páskum |
|---|---|---|---|---|
| Glerártorg | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Borgarnes | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Egilsstaðir | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Grandi* | Opið til miðnættis | Lokað | Lokað | Opið 24. kls |
| Grindavík | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Búðakór | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Hrísalundi | 10.00-21.00 | Lokað | Lokað | 10.00-21.00 |
| Húsavík | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Höfn | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Salavegi | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Mjódd* | Opið til miðnættis | Lokað | Lokað | Opið 24. klst |
| Reykjanesbær | 10.00-18.00 | Lokað | Lokað | 10.00-18.00 |
| Selfoss | 10.00-21.00 | Lokað | Lokað | 10.00-21.00 |

*Nettó Mjódd og Granda opnar á miðnætti aðfaranótt laugardagsins 26. mars og annars í páskum.







**Tilboðin gilda 23. – 28. mars 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




PÁSKASTEIK
ÚRBEINAÐUR GRÍSABÓGUR FYLLTUR MEÐ KANIL OG EPLUM
**1.499**
ÁÐUR 2.498 KR/KG




BAYONNESTEIK
**1,198**
ÁÐUR 1.996 KR/KG



NETTÓ KJÚKLINGABRINGUR
**1.888**
ÁÐUR 2.098 KR/KG




FERSKT NAUTAMÍNUTUSTEIK
**2.799**
ÁÐUR 3.998 KR/KG




JENSEN'S SÓSUR - 8 TEG
**478**
ÁÐUR 598 KR/STK

*Frábært verð*




STÓR HUMAR VIP ASKJA 800G
**6.989**

HUMAR ASKJA 2 KG
**9.998**




BEN & JERRY'S ÍS
**998**
ÁÐUR 1.129 KR/STK




ÓDÝRT PÁSKAEGG NR. 4 250 G
**799**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Hægur vindur í dag. Skúrir á sunnanverðu landinu, en þurrt að mestu fyrir norðan og ætti að sjást vel til sólar. Hiti 1 til 8 stig.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | 0° |
| ←13 | ↙11 | ↙9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 2° | -0° |
| ↙5 | ↑5 | ←10 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -5° | -3° |
| ←13 | ↙19 | ↙11 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -1° | 1° | -5° |
| ↓8 | ←16 | ↙17 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. badminton
6. ógrynni
8. sprei
9. þukl
11. ónefndur
12. gafl
14. íshroði
16. rás
17. tunnu
18. rell
20. gangþófi
21. ögn

**LÓÐRÉTT**
1. að lokum
3. nudd
4. lærlingur
5. Málmur
7. sjaldgæfur
10. viðmót
13. af
15. strekkingur
16. egna
19. tveir eins



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. hnit, 6. of, 8. úði, 9. káf, 11. nn, 12. stafn, 14. ísrek, 16. æð, 17. ámu, 18. suð, 20. il, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. loks, 3. nú, 4. iðnnemi, 5. tin, 7. fátíður, 10. fas, 13. frá, 15. kula, 16. æsa, 19. ðð.

### Skák Gunnar Björnsson



David Navara (2.730) vann afar laglegan sigur á Fabiano Caruan (2.785) á Tata Steel-mótinu í Wijk aan Zee.

**Hvítur á leik**

**50. a5! bxa5 51. c5! Kd8 52. h5!** Afar laglegur leikur sem kemur í veg fyrir að svarti hrókurinn komist á g6. **52. ... f4 53. Kd6 Bc8 54. c6 Hg5 55. Bf7!** og svartur gafst upp. **www.skak.is** Áskorendaflokkur hófst í gær.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 7 | 2 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | 6 | 7 | | 5 |
| | 9 | | | 3 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 4 | 6 | | | | | 3 | 8 | |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| 7 | 5 | | 1 | 9 | 2 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | | | 8 | 7 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 8 | | 6 | | | 4 |
| 8 | | 7 | | 3 | | | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | 6 |
| 1 | 3 | | | | 9 | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 6 | 9 | | | 2 | 8 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | 8 | | | 2 |
| | | 9 | | | | | | 5 |
| | | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | 7 | 3 | | | | 6 | |
| 4 | | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | 8 | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 |
| 8 | 2 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 9 | 4 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 | 2 | 7 |
| 2 | 8 | 5 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 9 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 4 | 2 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 5 | 4 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 9 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 2 | 1 |
| 5 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 8 |






## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ
AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ
AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ

# PÁSKAR AFMÆLISTILBOÐ

60 ÁRA 1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli

Gerðu betri kaup
blómaval



**Páskagreinar**
**799kr**

**Páskaliljur í pottum**
**499kr/stk**
Tet a tet
Keramik pottar fylgja ekki

**Páskaliljur 10 stk.**
**990kr**
Meðan birgðir endast

**Túlipanar 10 stk.**
**1.290kr**

## Afgreiðslutími um páskana

**Skútuvogur**
Skírdagur............................10-19
Timbursala lokuð

**Grafarholt**
Skírdagur............................10-18
Timbursala lokuð

Föstudagurinn langi .......... Lokað
Laugardagur 26. mars.........10-18
Páskadagur ........................ Lokað
Annar í páskum ................. Lokað
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is



Betra verð
weber
**62.900kr**
**Gasgrill**
Weber Q2200. Flott gasgrill á fótum.
Grillflötur: 54 x 39 cm
3000378



weber
**41.900kr**
Gott verð
**Gasgrill**
Weber Q1200
Frábært heima eða í ferðalagið.
Grillflötur: 32x42 cm
3000376



20% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**19.120kr**
~~23.900~~
**Gasgrill**
Outback Omega 100.
2ja brennara. Grillflötur: 50x36 cm
3000226
OUTBACK



20% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**15.900kr**
~~19.900~~
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara.
Grillflötur: 50x36 cm
3000225
OUTBACK

FYLGSTU MEÐ OKKUR

**Byggjum á betra verði**

525 3000 | www.husa.is



Laufey Sigurðardóttir, Anna Áslaug Ragnarsdóttir og Einar Jóhannesson á æfingu fyrir tónlistarhátíðina Músík í Mývatnssveit. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þú trúir á listagyðjuna og ég er rammkaþólskur

**Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit verður haldin í nítjánda sinn um páskana og það verður fjölmennasta hátíðin til þessa segir Laufey Sigurðardóttir, fiðluleikari og forsprakki hátíðarinnar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit er fyrirhuguð um páskana og er það í nítjánda sinn sem þessi skemmtilega, klassíska tónlistarhátíð er haldin í sveitinni. Að vanda er það Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari sem hefur veg og vanda af hátíðinni og þegar náðist í Laufeyju var hún ásamt fleiri tónlistarmönnum í bíl á leiðinni norður í Mývatnssveit en nánar tiltekið í bíl á ferð um Vatnsskarðið. Einar Jóhannesson klarinettuleikari situr við stýrið en Laufey, forsprakki hátíðarinnar, lætur fara vel um sig í aftursætinu og nýtur útsýnisins.

„Við lögðum af stað í bítið og erum hérna í bílnum að hlusta á fallega tónlist í útvarpinu. Við erum einmitt að ræða núna hvað er í útvarpinu þessa stundina og hver sé að spila. Þetta reyndist okkur nokkur þraut að hafa ekki þekkt það sem var verið að spila og nú skömmumst við okkar dálítið fyrir að hafa ekki þekkt þetta svo við höfum ekki fleiri orð um það. En það er góður taktur hjá okkur hérna í bílnum.

Við ætlum að vanda að vera með tónleika á skírdag og föstudaginn langa. Það er nú ekki alltaf sama fólkið sem stendur í þessu með mér en Einar og Anna hafa bæði komið með mér þó nokkrum sinnum áður. En ég reyni að breyta til á milli ára og gæta þess að hver hátíð hafi sitt svipmót.“

Aðspurð hvernig hafi komið til að hún hafi ákveðið að halda þessa hátíð segir Laufey að það sé nú alltaf sama gamla svarið við því




## Óhugnaður, karlmennska og tregi

BÆKUR

**Faðerni og fleiri sögur**

★★☆☆☆

**Garðar Baldvinsson**

**Útgefandi:** GB útgáfa ehf.
**Kápumynd:** Helgi Örn Helgason
**Fjöldi síðna:** 260 síður




Faðerni er safn smásagna sem eru skrifaðar á tímabilinu frá 1987 og fram til 2014. Sagnasviðið er víða, Reykjavík, Kína, Kanada, Galapagos, Broadway, Srí Lanka og á hafi úti í eins konar staðleysu, hafið er í senn alls staðar og hvergi og það sem gerist þar bæði kjarni þess sem er og utan hringsins. Nokkrar sagnanna eru í bréfaformi og eru þrjár þeirra ritaðar í orðastað Charles Darwin á hans örlagaríku siglingu, meðal annars titilsagan. Sögurnar snúast að mestu leyti um stöðu karlmanna, karlmanna sem finna ekki fótfestu í samfélaginu, eiga erfitt með að uppfylla hlutverk sín hvort heldur er sem fyrirvinnur eða fullnægjendur, eru í raun flestir að kljást við einhvers konar staðleysu eða getuleysi. Ritháturinn sver sig í ætt smásögunnar, hins knappa en þó rúmgóða forms sem veitir rými til að draga upp myndir og orðlengja hugleiðingar, velta fyrir sér samhengi þess sem er, skoða innra líf persónunnar og ástæður hennar fyrir orðum og gjörðum án þess að framvinda sögunnar sé aðalatriðið og stundum er sú framvinda ekki meira en rammi utan um allt þetta. Stíllinn er íburðarmikill og orðfærið ríkt og upplifun lesandans stundum eins og er lýst hér:

Hann lá með lokuð augun og leyfði myndunum að líða fyrir innri sjónir sínar. Hann hafði ekki vald á þeim, þær birtust og hurfu, jafnvel án þess að hann áttaði sig á því hvað var á þeim. Utan um þær rauðleit þögn; rautt og svart, samofið hvítu, eins og rammi án upphafs eða endis. Smám saman þéttist þögnin og flæðir löturhægt yfir myndaslitrurnar. Um innri sjónir hans bylgjaðist svart, dumbrautt haf með hvítum gárum … (Sérherbergi bls.85)

Gróteska og óhugnaður svífur yfir öllum sögunum. Þannig er ein sagan, Uppgjafagunga, eins konar viðsnúningur á Sögu handa börnum eftir Svövu Jakobsdóttur og í annarri sér sögumaður lík móður sinnar þokast nær á færibandi í frystihúsi innan um alla þorskana, tilbúið til að hljóta sömu örlög og þeir. Höfundur kannar ýmsa jaðarþætti samfélagsins, ein sagan er til dæmis um barnagirnd frá sjónarhóli geranda sem sér samskipti sín við barnið sem ástarsamband, í öðrum lýsir hann stundinni þegar einhver ákveður að fremja morð, sjálfsvíg eða missir vitið. Margar sagnanna fjalla um börn, samband foreldra og barna, löngunina til að

en að það sé þó kannski enn meira viðeigandi í dag en þegar hátíðin var fyrst haldin. „Það var nú þarna fyrir nítján árum að fólki fannst að það vantaði kannski annars konar afþreyingu en þessa útivistarmöguleika og þetta var svona til þess að koma til móts við það. Það er enn sú hugsun sem stendur að baki. Mér finnst þeir sem sjá um ferðamál á Íslandi vera soldið gamaldags að því leyti að þeir halda að ferðamenn hafi ekki áhuga á neinu nema landinu. Ég veit að landið er stórkostlegt en venjulegur ferðamaður hefur líka áhuga á menningu. Ég held að þetta sé gamaldags viðhorf hjá þeim sem stjórna í ferðamálum.“

Hátíðin er alltaf haldin um páskana en þegar Laufey er innt eftir því hvort hún sé sjálf trúuð þá ætlar hún að gefa sér góðan tíma til svars og endurtekur spurninguna upphátt svona til umhugsunar. Einar er þá ekki lengi að grípa boltann á lofti og tekur af henni svarið: „Laufey, þú trúir á listagyðjuna og ég er rammkaþólskur.“ Og Laufey segist vel geta fallist á að láta Einari það eftir að svara þessari spurningu og talið berst aftur að hátíðinni sjálfri. „Þetta er fjölmennasta hátíðin

**ÉG VEIT AÐ LANDIÐ ER STÓRKOSTLEGT EN VENJULEGUR FERÐAMAÐUR HEFUR LÍKA ÁHUGA Á MENNINGU.**

Laufey Sigurðardóttir

til þessa því allur karlakór Suður-Þingeyinga ætlur að hefja upp raust sína, Hreimur sjálfur, undir stjórn Steinþórs Þráinssonar. Við spilum svo tríó eftir Khatsaturian og Menotti og fleiri. Þetta er á fyrri tónleikunum á skírdag en þeir verða haldnir í félagsheimilinu Skjólbrekku klukkan átta. Á föstudaginn langa verðum við svo í Reykjahlíðarkirkju klukkan níu um kvöldið og spilum Mozart og Bach og Sesselía Kristjánsdóttir mezzosópran syngur Dvorák og hún ætlar að syngja líka með kórnum. Svo er Aladár Rácz píanóleikari með okkur og einnig Anna Áslaug Ragnarsdóttir og svo auðvitað Einar.

Tónleikarnir í Reykjahlíðarkirkju eru hugsaðir sem ein heild og það er ekki klappað á milli atriða og við reynum að tengja saman ólíka tónlist. Það er svona soldið íhugul eða meiri helgistemning yfir seinni tónleikunum en skírdagstónleikarnir eru talsvert öðruvísi. Það er gott að spila í báðum þessum húsum svo við erum farin að hlakka til tónleikanna. Fólk er duglegt að mæta og svo búumst við auðvitað við því að Hollywood-stjörnurnar sem fylla sveitina þessa dagana komi og fái upplyftingu andans og hvíld frá vinnunni,“ segir Laufey glaðlega og heldur ferðinni áfram ásamt fríðu og tónelsku föruneyti.

eignast börn, hættuna sem felst í því að eiga þau og hvernig börn upplifa heim hinna fullorðnu. Háskinn vofir stöðugt yfir en sorg, tregi og þrá eru líka endurtekin stef í sögunum, þrá eftir einhverju sem ýmist er horfið eða aldrei varð. Sögurnar í Faðerni fjalla um karlmennsku í kreppu. Það umfjöllunarefni er allra góðra gjalda vert og margt vel gert í handverki skriftanna. Það er hins vegar stundum eins og höfundur geti ekki valið milli nístandi söguefnis, íburðarmikilla stílbragða og knýjandi boðskapar svo útkoman verður eiginlega sú að ekkert af þessu nær yfirhöndinni. Þetta eru sögur sem er ekki endilega þægilegt eða ánægjulegt að lesa og þegar bætist ofan á næstum of mikið ríkidæmi í stíl og myndmáli er erfitt fyrir lesandann að halda þræði. **Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Myndrænar sögur um háskalega karlmennsku og karlmennskuímyndir sem gjalda fyrir ofhlæði á ýmsum sviðum.

# Við María syngjum sóló og dúetta til skiptis og Sólborg er hljómsveitin

Söngkonurnar María Konráðsdóttir sópran og Erla Dóra Vogler mezzósópran ásamt Sólborgu Valdimarsdóttur píanóleikara halda hádegistónleika í Dómkirkjunni á föstudaginn langa. Þar flytja þær tónverkið Stabat Mater eftir Pergolesi.

„Stabat Mater er einstaklega skemmtilegt verk sem tekur um 40 mínútur í flutningi. Við María syngjum sóló og dúetta til skiptis og Sólborg er hljómsveitin. Æfðum allar hver í sínu lagi og svo síðustu dagana saman,“ segir Erla Dóra Vogler



**„Það er fínt að búa úti á landi og koma í bæinn til að sinna stöku verkefnum,“ segir Erla Dóra.** MYND/ÚR EINKASAFNI

sem er bæði söngkona og jarðfræðingur og býr á Teigarhorni við Djúpavog. „Það er fínt að búa úti á landi og koma bara af og til í bæinn fyrir sérstök verkefni,“ segir hún og upplýsir að Sólborg sé sú eina sem vinni í Reykjavík en María sé í námi í Berlín og bara á landinu núna í páskafríi. „Það var María sem stakk upp á þessu verkefni,“ segir Erla Dóra. „Við þekkjumst allar gegnum Tónlistarskólann í Reykjavík, ólumst upp þar í tónlistinni og fáum að æfa þar núna eins og við viljum. Það er besti staður í heimi

**GÖMLU KENNARARNIR OKKAR ERU TILBÚNIR TIL AÐ HLUSTA Á OKKUR OG VEITA OKKUR TILSÖGN. ÞAÐ ER ÓMETANLEGT.**

og gömlu kennararnir okkar eru tilbúnir til að hlusta á okkur og veita okkur tilsögn. Það er ómetanlegt.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 12.15 á föstudag. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en 1.000 fyrir nemendur og ellilífeyrisþega.
gun@frettabladid.is













**Calinda jarðarber**
250 gr og 400 gr




**La Gelateria**
Frábær ítalskur gelato sem kemur í eigulegum glerglösum.



**Lífræn ítölsk hráskina og salami**




**Páskaegg**
Í miklu úrvali.




**Sykurlaust súkkulaði**
Í úrvali.

## BLACK DANSKUR SÆLKERALAKKRÍS

Margar saltar og sætar tegundir. Súkkulaði, chili, lime og jarðaberja.









## GRILLKJÖTIÐ ER KOMIÐ Í VERSLANIR










HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

SAMBÍÓIN
HEIMSFRUMSÝNING

BEN AFFLECK HENRY CAVILL
EIN STÆRSTA MYND ÞESSA ÁRS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 12:40 - 3:50 - 7 - 8 - 11:10 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:10 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D VIP | KL. 1:40 - 4:50 - 8 - 11:10 |
| FIFTY SHADES OF BLACK | KL. 8 - 10:10 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 2D | KL. 2 - 4:10 - 6:20 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 |
| GODS OF EGYPT | KL. 8:30 - 11:10 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 10:40 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 1:20 - 3:20 - 3:40 - 5:40 - 6 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8:20 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 8 - 11:10 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:10 |
| MY BIG FAT GREEK WEDDING 2 | KL. 8 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 4:40 - 8 - 11 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 7 - 10 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 2D | KL. 4:40 |
| GODS OF EGYPT | KL. 10:30 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |
| ROOM | KL. 8 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 4:50 - 6 - 8 - 9:10 - 11:10 |
| GODS OF EGYPT | KL. 10:30 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 3 - 3:40 |
| ROOM | KL. 5:30 - 8 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 4:50 - 8 - 11:10 |
| FIFTY SHADES OF BLACK | KL. 8 |
| GODS OF EGYPT | KL. 10:10 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |

ÓSKARSVERÐLAUN Besta leikkona í aðalhlutverki - Brie Larson

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

BATMAN v SUPERMAN DAWN OF JUSTICE
SPOTLIGHT
TILBOÐ Á VÖLDUM SÝNINGUM Á KUNG FU PANDA OG ALVIN.
Ballett í beinni GISELLE 6. apríl í Háskólabíói FORSALA HAFIN
„ÍSLENSK LOVE ACTUALLY" -HARMAGEDDON
„BESTA ÍSLENSKA BÍÓMYNDIN SÍÐAN MEÐ ALLT Á HREINU" - GULLI HELGA
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is
Smárabíó opnar kl. 12:20 alla vikuna.

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

POWERSÝNING KL. 21:00
TILBOÐ KL 1:50

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MY BIG FAT GREEK WEDDING 2 | 5, 8, 10:10 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | 6, 9(POWER) |
| KUNG FU PANDA 3 | 3:55, 6 ENS.TAL |
| KUNG FU PANDA 3 | 1:50, 3:55 ÍSL.TAL |
| BROTHERS GRIMSBY | 10 |
| FYRIR FRAMAN ANNAÐ FÓLK | 8 |
| ZOOTROPOLIS | 2 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR | 1:50 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is



Hljómsveitin Shades of Reykjavík er meðal þeirra sem koma fram í páskaveislu á Paloma í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**23. MARS 2016**

## Tónlist

**Hvað?** Chris Cornell órafmagnaður í Eldborg
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa, Austurbakka 2
Söngvarinn og lagahöfundurinn Chris Cornell flytur tónlist af öllum ferlinum og nýjustu plötu sinni, Higher Truth, í Eldborgarsal Hörpu í kvöld. Cornell er á leið í tónleikaferðalag um Evrópu og hefur leikinn á Íslandi. Cornell var meðlimur í sveitunum Soundgarden, Audioslave og Temple of the Dog og hefur sem sólótónlistarmaður einnig notið velgengni. Miðaverð er 7.990-14.990 krónur.

**Hvað?** Lily of the Valley, Johnny & The Rest & Mosi Musik
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Lily of the Valley, Johnny & The Rest & Mosi Musik spila á Húrra í kvöld. Miðaverð er 1.000 krónur.

**Hvað?** Hjalti Jón
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hlemmur Square, Laugavegi 105
Hjalti Jón Sverrisson leikur lög úr ýmsum áttum, bæði sín eigin og annarra, á Hlemmur Square í kvöld. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Kristín Anna
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Tónlistarkonan Kristín Anna Valtýsdóttir leikur á tónleikum í Mengi í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Vök + Vsitor
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu 28
Íslenska hljómsveitin Vök og þýska hljómsveitin VSITOR spila á tónleikum á Kexi hosteli í kvöld. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Páskaveisla á Paloma
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
Efnt verður til páskaveislu á Paloma í kvöld. Þýski tónlistarmaðurinn Lovebirds spilar auk þess sem fjöldi íslenskra tónlistarmanna kemur fram. Meðal annars Dj Yamaho, Shades of Reykjavík, Formaðurinn, KrBear og dj Frímann. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Stafrænn Hákon – útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12
Hljómsveitin Stafrænn Hákon efnir til útgáfutónleika í tilefni af sinni 9. breiðskífu Eternal Horse. Platan verður leikin í heild sinni af hljómsveitinni auk þess sem þaulreyndir og geðþekkir aðstoðarmenn munu leika á strengja-, blásturs- og slagverkshljóðfæri. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Camus kvartett
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg 25-27
Camus kvartettinn skipa þau Sölvi Kolbeinsson á saxófón, Rögnvaldur Borgþórsson á gítar, Birgir Steinn Theodórsson á bassa og Óskar Kjartansson á trommur. Leikin verða lög eftir meðal annars Miles Davis, Wayne Shorter, Thelonious Monk, Charles Mingus og Joe Henderson. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Rolling Stones heiðurstónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Edinborgarhúsið, Ísafirði
Vestfirskt tónlistarfólk leikur og syngur lög Rolling Stones. Fram koma Guðmundur Hjaltason sem leikur á gítar og syngur, Hjörtur Traustason söngvari, Hlynur Kristjánsson á bassa, Jón Mar Össurarson á trommur, Stefán Freyr Baldursson á gítar, Stefán Steinar Jónsson á hljómborð og Sunneva Halldóru og Sigurðardóttir söngkona. Miðaverð er 3.000 krónur.

**Hvað?** Múlinn Jazzklúbbur: Cole endurborinn
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, Hörpu
Þeir Steinar Sigurðarson á saxófón, Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar, Þorgrímur Jónsson á bassa og Kári Ibsen Árnason á trommur leika perlur Cole Porter en hann var afkastamikill lagahöfundur og samdi ljóðrænar og hnyttnar laglínur sem flestir þekkja. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Hvanndalsbræður
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Hvannadalsbræður efna til sinna síðustu tónleika hér á landi áður en þeir halda til Eistlands og leika á tónleikum í Tallinn. Miðaverð er 2.800 krónur.

**Hvað?** Fm Belfast dj
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn, Bergstaðastræti 1
Dj Fm Belfast þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

## Uppákomur

**Hvað?** Páskaföndur
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Bókasafn Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12
Páskaföndur í Bókasafni Reykjanesbæjar til klukkan 17.00. Allt efni á staðnum og aðgangseyrir enginn.

**Hvað?** Swap 'til You Drop
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Loft hostel, Bankastræti 7
Skiptimarkaður á Lofti hosteli. Áhugasamir geta komið með hluti eða flíkur sem þeir hafa ekki not fyrir lengur og skipt við aðra áhugasama. Allir velkomnir.

**Hvað?** Leiðangur um teiknisafn Valgerðar Briem með Valgerði Bergsdóttur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gerðarsafn, Hamraborg 4
Listakonan Valgerður Bergsdóttir leiðir gesti um teiknisafn Valgerðar Briem á stefnumóti við safneignina. Valgerður ræðir verk móður sinnar í sýningunni Blint stefnumót og býður gestum í leiðangur í listaverkageymslu að skoða úrval verka hennar. Að leiðangri loknum verður sælkerastund í Garðskálanum þar sem ýmsar veitingar eru á matseðli. Frítt er í safnið á miðvikudögum.

**Hvað?** Dagur Norðurlanda
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Norræna félagið og Norræna húsið bjóða til móttöku í Norræna húsinu í tilefni af degi Norðurlanda. Bogi Ágústsson, formaður Norræna félagsins, býður gesti velkomna. Elísabet Jökulsdóttir sem tilnefnd er til Bókmenntaverðlauna



Hljómsveitin Vök leikur ásamt þýsku hljómsveitinni VSITOR á Kexi hosteli í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Anomalisa | 18:00 |
| Reykjavík ENG SUB | 18:00 |
| Son of Saul // Saul fia | 17:45 |
| The Witch / Nornin | 20:00,22:00 |
| Carol | 20:00 |
| Rams / Hrútar ENG SUB | 20:00 |
| Spotlight | 22:30 |
| The Look of silence | 22:00 |

Norðurlandaráðs 2016 les úr bók sinni, Teitur Magnússon flytur eigin tónlist en hann er tilnefndur til Norrænu tónlistarverðlaunanna 2016 og veitt verða gullmerki Norræna félagsins. Allir velkomnir.

**Hvað?** Upplestrarkvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft hostel, Bankastræti 7
Upplestrarkvöld Blekfjelagsins á Lofti hosteli í kvöld. Upplesarar eru þau Þóra Björk Þórðardóttir, Jóhanna María, Fjalar Sigurðsson, Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir, Þóra Hjörleifsdóttir og Þórdís Helgadóttir. Þema upplestrarkvöldsins er mars.

## Hátíðir

**Hvað?** Blúshátíð í Reykjavík 2016
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2
Blúshátíð í Reykjavík hefst í kvöld og stendur yfir til næstkomandi föstudags. Í kvöld leikur Chicago beau með Vinum Dóra, Sigurgeir Sigmundsson og Drauma sveitin leika lög af plötu Sigurgeirs í bland við blúsa frá Deep Purple og Gary Moore og sveitin Primecake hefur tónleikana. Ítarlega dagskrá hátíðarinnar og upplýsingar um tónleika næstu daga má nálgast á vefsíðunni Blues.is. Blúsmiðinn sem veitir aðgang að öllum tónleikum hátíðarinnar kostar 11.990 krónur en miði á stakt kvöld kostar 5.490 krónur.

## Sýningar

**Hvað?** Síðasta kvöldmáltíðin
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Kraum, Aðalstræti 10
Leirlistakonurnar Elín Haraldsdóttir, Embla Sigurgeirsdóttir, Guðný Hafsteinsdóttir, Kristbjörg Guðmundsdóttir, Kristín Sigfríður Garðarsdóttir, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Sigrún Jóna Norðdahl og Þuríður Ósk Smáradóttir sýna verk sín á samsýningunni Síðasta kvöldmáltíðin á efri hæð Kraums í Aðalstræti. Verkin á sýningunni voru búin til fyrir sýninguna sem sett var upp í samstarfi við Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri um síðustu páska. Sýningin stendur til 31. mars næstkomandi.

**Hvað?** Improv Ísland
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallarinn
Spunaleikhópurinn Improv Ísland er með sýningar hvern miðvikudag í Þjóðleikhúskjallaranum. Ekkert er ákveðið fyrirfram og hver sýning er sýnd í fyrsta og síðasta skipti. Hópurinn stendur saman af spunaleikurum úr öllum áttum og skipa hann 30 manns sem skiptast á að sýna í hverri viku en listrænn stjórnandi hópsins er Dóra Jóhannsdóttir. Miðaverð er 1.500 krónur.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Daniel Rees með erindi í hagfræðideild HÍ
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Stofa 101, Odda, Háskóla Íslands
Daniel Rees, prófessor við Háskólann í Colarado, heldur opinn fyrirlestur á vegum hagfræðideildar Háskóla Íslands. Erindið ber heitið Occupational Licensing and Health: Evidence from Early Midwifery Law eða Starfsleyfi og heilsa: Rannsókn á lögum um fæðingarhjálp.



**Hljómsveitin Lily of the Valley kemur fram ásamt Johnny and the Rest og Mosi Musik á Húrra í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur



2 | 20:50
**BLINDSPOT**
Hörkuspennandi þættir þar sem Jane hjálpar alríkislögreglunni að leysa sakamál sem oftar en ekki vísa í húðflúr á líkama hennar.

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



2 | 20:00
**MIKE & MOLLY**
Skemmtileg gamanþáttasería um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.



2 | 20:05
**GREY'S ANATOMY**
Vinsælir dramaþættir sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



2 | 21:35
**BONES**
Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með stórfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.




2 | 22:20
**GIRLS**
Frábær gamanþáttasería um hóp vinkvenna á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York en samskiptin við hitt kynið ganga ekki alltaf áfallalaust.



b | 22:00
**KINGSMAN: THE SECRET SERVICE**
Skemmtileg hasarmynd um smáglæpamanninn „Eggsy“ sem veit ekki að faðir hans tilheyrði leyni- og sérsveitinni Kingsman á árum áður.



3 | 20:20
**MAYDAY: DISASTERS**
Vandaðir og afar áhrifamiklir heimildarþættir sem fjalla um flugslys, flugrán og sprengjuhótanir um borð í flugvélum og aðrar hættur sem komið hafa upp í háloftunum.

©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Teen Titans Go
**07.45** The Middle
**08.05** Sullivan & Son
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Logi
**11.15** Mindy Project
**11.40** Anger Management
**12.05** Enlightened
**12.35** Nágrannar
**13.00** Lóa Pind. Múslimarnir okkar
**14.15** Spilakvöld
**15.00** Mayday: Disasters
**15.45** Impractical Jokers
**16.10** Baby Daddy
**16.35** Teen Titans Go
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Víkingalottó
**19.15** Mom
**19.40** The Middle
**20.00** Mike & Molly
**20.20** Grey's Anatomy
**21.05** Blindspot
**21.50** Bones
**22.35** Girls
**23.05** Real Time with Bill Maher
**00.05** Mission: Impossible - Ghost Protocol
**02.15** NCIS
**02.55** Crimes That Shook Britain
**03.40** Better Call Saul
**04.25** Grey's Anatomy
**05.10** The Middle
**05.30** Lóa Pind: Múslimarnir okkar

### SPORT

**07.00** Zagreb - RN-Löwen
**08.30** Pick Szeged - Kiel
**10.05** Markaþáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta
**10.35** Spænsku mörkin 2015/2016
**11.05** Football League Show 2015/16
**11.35** Keflavík - Grindavík
**13.10** Newcastle - Sunderland
**14.55** Messan
**16.05** Þór Þ. - Haukar
**17.55** Körfuboltakvöld
**18.45** Keflavík - Tindastóll Bein útsending
**21.10** Körfuboltakvöld
**21.35** Kiel - Pick Szeged
**23.10** ÍA - KR
**00.50** FC Köln - Bayern München
**02.30** Middlesbrough - Hull

### SPORT 2

**11.40** Swansea - Aston Villa
**13.20** Messan
**14.35** Watford - Stoke
**16.15** Premier League World 2015/2016
**16.45** Þróttur R. - FH
**18.25** ÍA - KR Bein útsending
**20.35** Bayern München - Juventus
**22.55** Barcelona - Arsenal
**00.35** Keflavík - Tindastóll

### GOLFSTÖÐIN

**08.15** PGA Tour 2016
**13.45** PGA Tour 2016
**19.15** Golfing World 2016
**20.05** Champions Tour Highlights 201
**21.00** World Golf Championship 2016

### STÖÐ 3

**18.20** League
**18.45** Top 20 Funniest
**19.30** Last Man Standing
**19.55** Baby Daddy
**20.20** Mayday. Disasters
**21.10** The Listener
**21.55** American Horror Story: Freak Show
**22.50** Supergirl
**23.35** Discovery Atlas
**00.20** Gotham
**01.05** Last Man Standing
**01.25** Baby Daddy
**01.50** Mayday: Disasters
**02.35** The Listener
**03.20** American Horror Story: Freak Show
**04.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Sumardalsmyllan
**07.55** UKI
**08.00** Skógardýrið Húgó
**08.25** Latibær
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Ofurhundurinn Krypto
**09.25** Brunabílarnir
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Tom and Jerry
**10.50** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Sumardalsmyllan
**11.55** UKI
**12.00** Skógardýrið Húgó
**12.22** Latibær
**12.45** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Ofurhundurinn Krypto
**13.24** Brunabílarnir
**13.48** Ævintýraferðin
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Gulla og grænjaxlarnir
**14.55** Tom and Jerry
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Sumardalsmyllan
**15.55** UKI
**16.00** Skógardýrið Húgó
**16.22** Latibær
**16.45** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Ofurhundurinn Krypto
**17.24** Brunabílarnir
**17.48** Ævintýraferðin
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.45** Gulla og grænjaxlarnir
**18.55** Tom and Jerry
**19.00** Hvíti kóalabjörninn



Latibær
16:22

### GULLSTÖÐIN

**18.35** Raising Hope
**19.00** Friends
**19.20** Geggjaðar græjur
**19.40** Feðgar á ferð
**20.05** Dulda Ísland
**21.00** Chuck
**21.45** Cold Case
**22.30** Cold Feet 5
**23.20** The Sopranos
**00.10** Peaky Blinders
**01.05** Geggjaðar græjur
**01.20** Feðgar á ferð
**01.45** Dulda Ísland
**02.35** Chuck
**03.20** Cold Case
**04.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**10.35** The Mask
**12.15** Draugabanarnir II
**14.00** Jersey Boys
**16.15** The Mask
**17.55** Draugabanarnir II
**19.45** Jersey Boys
**22.00** Kingsman: The Secret Service
**00.05** Hot Tub Time Machine 2
**01.40** Phone Booth
**03.00** Kingsman: The Secret Service

### RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**07.01** Kalli og Lóa
**07.13** Pósturinn Páll
**07.28** Vinabær Danna tígurs
**07.41** Eðlukrútt in
**07.52** Hæ Sámur
**08.00** Friðþjófur forvitni
**08.24** Kata og Mummi
**08.35** Babar og vinir hans
**08.57** Loppulúði, hvar ertu?
**09.10** Kapteinn Karl
**09.22** Skrekkur íkorni
**09.45** Litli Prinsinn, III -
**10.09** Drekar
**10.25** Vísindahorn Ævars
**11.00** Snjókrili
**11.55** Remember Sunday
**13.30** Hvaða mataræði hentar þér?
**14.20** Stjörnustílistar Danmerkur – Ivan Grundal
**14.50** Söngvakeppnin í 30 ár
**15.45** Varasamir vegir
**16.45** Sætt og gott
**17.05** Heimilislaus
**17.35** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Gló magnaða
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Skólahreysti
**20.40** Útsvar
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Á spretti
**22.40** In Good Company
**00.25** Nothing But the Truth
**02.10** Hamingjudalur
**03.10** Kastljós
**03.35** Fréttir
**03.50** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser - Ísland
**10.10** The Voice Ísland
**11.40** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Black-ish
**13.55** The Good Wife
**14.40** Remedy
**15.25** The Biggest Loser - Ísland
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.45** Leiðin á EM 2016
**20.15** America's Next Top Model
**21.00** Chicago Med
**21.45** Quantico
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** The Bourne Ultimatum
**01.45** Taken
**03.20** Chicago Med
**04.05** Quantico
**04.50** Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Nike • Adidas • Puma • Asics • Reebok • Brooks - og öll hin flottu merkin

# ÍÞRÓTTASKÓR
# EINSTAKT TÆKIFÆRI!

## BARA 3 VERÐ

Kr. 2.990.-

Kr. 5.990.-

Kr. 7.990.-

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

Lokað á skírdag og föstudaginn langa.
**Opið á laugardag frá kl. 11-18.**
Lokað páskadag og annan í páskum.

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
RISAEGG
598
kr. stk.
Bónus Páskaegg
Nr. 3, 170 g
1 kg
Gleðilega páska
2.598
kr. 1 kg
Bónus Risaegg, 1 kg
698
kr. stk.
Nóa Páskaegg
Nr. 3, 150 g
1,5L
Coca-Cola
198
kr. 1,5 l
Coca Cola, 1,5 l
Graflax sósa
298
kr. 350 ml
Bónus Graflaxsósa
350 ml
ÍSLENSKUR LAX
Lax
2.579
kr. kg
Norðanfiskur
Reyktur eða grafinn lax
6 fyrir 4
pepsi
749
kr. 6 stk.
Pepsi kippa
6x2 l
100% Íslenskt ungnautahakk
ÍSLANDS NAUT
579
kr. 2x140 g
Íslandsnaut Ungnautaborgarar
2x140 g
LÁGT VERÐ ALLA DAGA
359
kr. stk.
Gies Kubbakerti
12x8 cm
259
kr. stk.
Gies Kubbakerti
13x6 cm
149
kr. stk.
Gies Kubbakerti
8x5 cm
FORSOÐNAR
259
kr. 20 stk.
Duni Páskaservíettur
20 stk. í pakka
349
kr. 900 g
Bónus Kartöflur
Forsoðnar, 900 g
ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT
ÍSLANDSNAUT
BEINT FRÁ BÓNDA
3.998
kr. kg
Íslandsnaut
Ungnauta Ribeye, ferskt
3.998
kr. kg
Íslandsnaut Ungnauta Fillet
ferskt
Verð gilda til og með 27. mars eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM Í DAG FRÁ 10-20




**1.898** kr. kg

**Kjarnafæði Lambahryggur**
Kryddaður, ferskur




**1.398** kr. kg

**Kjarnafæði Heiðalamb**
Kryddað lambalæri, ferskt

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS




**3.798** kr. kg

**Íslandslamb Lambafillet**
Ferskt




**3.998** kr. kg

**Íslandslamb Lambafillet**
Kryddlegið, ferskt




**2.998** kr. kg

**Íslandslamb Lambaprime**
Ferskt




**3.798** kr. kg

**Kjarnafæði Lambalund**
Krydduð, fersk




**998** kr. kg

**Kjarnafæði Grísabógur**
Reyktur, úrbeinaður

NÝREYKTUR FRÁ Ali




**1.298** kr. kg

**Bónus Hamborgarhryggur**
Með beini

Matfugl



**1.898** kr. kg

**Veislufugl**
**Kjúklingabringuskip**
Kryddað, ferskt

FERSKUR VEISLUFUGL MEÐ FYLLINGU




**998** kr. kg

**Veislufugl**
Með fyllingu, ferskur

## OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Miðvikudagur | 23. mars | 10-20 | Laugardagur | 26. mars | 10-19 |
| Skírdagur | 24. mars | 10-19 | Páskadagur | 27. mars | LOKAÐ |
| Föstudagurinn langi | 25. mars | LOKAÐ | Annar í páskum | 28. mars | 12-18 |

# BÓNUS EKKERT BRUÐL






5 ÁRA ÁBYRGÐ

Aukahlutur á mynd: Höfuðgafl

C&J GOLD HEILSURÚM

- Fimm svæðaskipt pokagormakerfi.
- Laserskorið heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt áklæði.
- Val um lit á botni og löppum.

PÁSKATILBOÐ

HEILSUDÝNAN SEM LÆTUR ÞÉR OG ÞÍNUM LÍÐA VEL

C&J GOLD

| STÆRÐ | FULLT VERÐ M/COMFORT BOTNI | PÁSKA-TILBOÐ |
|---|---|---|
| 100X200 | 116.800 KR. | 89.900 KR. |
| 120X200 | 141.460 KR. | 99.900 KR. |
| 140X200 | 156.460 KR. | 109.900 KR. |
| 160X200 | 178.420 KR. | 139.900 KR. |
| 180X200 | 199.900 KR. | 159.900 KR. |

OPNUNARTÍMI UM PÁSKA: LAUGARDAGUR 11.00–16.00
LOKAÐ SKÍRDAG, PÁSKADAG OG ANNAN Í PÁSKUM

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK



Tvær flugur slegnar í einu höggi á páskadag í Bláfjöllum árið 1990 en hér skíðar fólk og hlýðir á messu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hvenær er eiginlega opið?

Á hverju ári velta landsmenn fyrir sér opnunartíma skemmtistaða yfir páskahátíðina. Leitið ekki langt yfir skammt því hér má nálgast upplýsingar um opnunartíma yfir hátíðina sem senn fer í hönd.

Páskahátíðin hefst á morgun og eru landsmenn margir hverjir í fríi og hugsa sér sjálfsagt gott til glóðarinnar þegar kemur að hvers kyns skemmtun á komandi dögum. Á hverju ári skapast umræða á samfélagsmiðlum um það hvenær skemmtistaðir landsins eru opnir. Þó töluvert auðvelt sé að nálgast upplýsingarnar á vef lögreglunnar þá skellti Fréttablaðið í einfalt yfirlit um hvenær heimilt er að hafa opið yfir hátíðarnar en skemmtanir eru bannaðar á ákveðnum tíma um páska. Undir skemmtanir falla dansleikir eða einkasamkvæmi sem efnt er til á opinberum veitingastöðum eða öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að. Um opinberar sýningar og skemmtanir gildir hið sama en þó skal því haldið til haga að kvikmynda- og leiksýningar, tónleikar og listsýningar eru undanþegnar banni um helgidagafrið á föstudaginn langa og páskadag en viðburðirnir mega þó ekki hefjast fyrr en klukkan 15.00.

gydaloa@frettabladid.is

## LÖGBUNDNIR OPNUNARTÍMAR

**Miðvikudagur** 23. mars
Flestir eru í fríi daginn eftir og er því kvöldið í kvöld svokallað djammkvöld en opið er til 03.00 eða 04.30 samkvæmt leyfi þeirra staða sem um er að ræða.

**Fimmtudagur** 24. mars
Á morgun er skírdagur sem er lögbundinn frídagur en skírdagur var upphafsdagur hinnar fornu páskahátíðar gyðinga og minnast þeir sem eru kristinnar trúar þess að Kristur þvoði fætur lærisveinanna fyrir síðustu kvöldmáltíðina.

**Föstudagurinn** 25. mars
Föstudagurinn langi er einnig lögbundinn frídagur líkt og skírdagur. Lokað er til miðnættis en staðir mega opna þá og líkt og á skírdag er opið til 03.00 eða 04.30 samkvæmt leyfi.

**Laugardagurinn** 26. mars
Næstkomandi laugardagur er bara venjulegur laugardagur og ekki um lögbundinn frídag að ræða. Laugardagar eru þó fremur ánægjulegir dagar þar sem þeir sem vinna ekki vaktavinnu eru í flestum tilfellum í fríi á laugardögum og sunnudögum. Opið er til klukkan 03.00.

**Sunnudagur** 27. mars
Hinn eini sanni páskadagur. Hér er um að ræða þriðja lögbundna frídag páskahátíðarinnar og má fastlega gera ráð fyrir að flestir landsmenn verði vant við látnir við að rífa í sig páskaegg í ólíkum útfærslum. Lokað er á flestum stöðum en opna má á miðnætti og vera opið til 03.00 eða 04.30 samkvæmt leyfi.

**Mánudagur** 28. mars
Annar í páskum er svo fjórði og síðasti lögbundni frídagur hátíðarinnar og má vera opið til klukkan 01.00 líkt og á venjulegum vikudögum.



## MESSAÐ Í BLÁFJÖLLUM

Á myndinni hér að ofan sem tekin er af Gunnari V. Andréssyni má sjá séra Pálma Matthíasson messa á páskadag í Bláfjöllum árið 1990.

En það er ekki einungis skemmtanalífið sem heillar yfir páskahátíðina heldur eru einnig fjölmargir sem nota aukafrídaga til þess að skella sér á skíði. Pálmi Matthíasson sóknarprestur hefur efnt til messu síðastliðin 28 ár í Bláfjöllum þótt viðburðurinn hafi fallið niður nokkrum sinnum vegna veðurs.

„Þetta kom nú eiginlega bara þannig til að þegar ég kom sem prestur hingað til Reykjavíkur töluðu þeir um hvort ég vildi koma að messa þarna, þeir sem voru yfir Bláfjöllum," segir Pálmi og segist hafa haft gaman af. Hann segist þó ekki hafa verið fyrstur til að standa fyrir slíkri messu þar sem séra Jakob Jónsson hafi messað á Kolviðarhóli fyrir allnokkru síðan.

Hann segir það notalega stund að messa á slíkum stað. „Það er mjög notaleg tilfinning að messa svona úti í hvítri náttúrunni, ef maður getur sagt svo, og fólk heldur bara áfram að renna sér og það heyrist í kerfinu þarna um nágrennið. Fólk þarf ekkert að safnast saman," segir hann og bætir við að ekki sé um langa stund að ræða.

Hefðinni verður haldið og segir Pálmi stefnuna setta á að messa í Bláfjöllum á hádegi á páskadag.

**LÖGBOÐNIR FRÍDAGAR YFIR PÁSKAHÁTÍÐINA:**

**SKÍRDAGUR**

**FÖSTUDAGURINN LANGI**

**PÁSKADAGUR**

**ANNAR Í PÁSKUM**

# Augljóst mál að það verður alltaf einhver að djamma

„Ég man alltaf eftir því að fyrir rúmum tíu árum þá var páskasunnudagur stærsti dagurinn og einhvern veginn núna er hann sá minnsti að mínu mati. Núna er það aðallega dagurinn fyrir skírdag því þá er frí daginn eftir. Á skírdag er lokað klukkan tólf og það var allt dautt en núna er það einhvern veginn komið inn að djamma til tólf," segir Óli Hjörtur Ólafsson, listrænn stjórnandi Tivoli bars í Hafnarstræti.

Hann segir föstudaginn langa einnig hafa breyst en hér áður fyrr mátti ekki hafa opið á þeim degi en núna má opna á miðnætti. Einnig hafi páskasunnudagur minnkað og hans upplifun sé sú að fólk jafni djammið meira út yfir fleiri daga og hinir dagarnir séu að koma sterkir inn. Þó séu alltaf einhverjir sem láti sjá sig á barnum. „Það verður alltaf eitthvert fólk að djamma, það er bara augljóst mál."

Óli Hjörtur segir bareigendur einnig hafa varann á og gæta þess að birgja sig vel upp. „Það eru alltaf páskarnir og jólin sem fólk passar að hafa vel „stokkað", ég hef aldrei lent í því að það hafi allt klárast. Það hefur svona næstum því gerst en við höfum alltaf getað reddað okkur."

- gló



Óli Hjörtur Ólafsson segir sína upplifun vera þá að páskasunnudagur sé að minnka og hinir dagarnir að koma sterkari inn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Jacques Lemans Liverpool
25.700 kr.

Fallegar fermingar-gjafir
– fyrir stráka


Michelsen Tradition
73.000 kr.


Fossil Grant
21.100 kr.


Casio Retro
11.900 kr.


Armani Classic
40.200 kr.

Kíktu á úrvalið í vefversluninni á michelsen.is/fermingar

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni
Sími 511 1900 - www.michelsen.is




Þær Karen, Stefanía og Sóley standa fyrir sundlaugarpartíi í Laugardalslaug á laugardaginn frá klukkan eitt til fjögur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Frelsun geirvörtunar fagnar árs afmæli

Þær **Karen Björk**, **Stefanía** og **Sóley** hafa skipulagt viðburði í tilefni þess að ár er liðið frá því að samfélagsmiðlabyltingin #freethenipple átti sér stað. Þær segja að þrátt fyrir að mikil vitundarvakning hafi átt sér stað sé mikilvægt að taka upp umræðuna reglulega.

Það var fyrir tæpu ári að ungar stelpur byrjuðu að bera brjóst sín á samfélagsmiðlum þar sem þær voru búnar að fá sig fullsaddar af kynbundnu óréttlæti. Til varð #freethenipple byltingin sem átti síðar eftir að springa út og valda gífurlegri umræðu í samfélaginu og talsverðri hugarfarsbreytingu í kjölfarið. Nú um helgina á að endurtaka leikinn þar sem baráttan er hvergi nærri unnin.

„Við þurfum að viðhalda umræðunni en hugmyndin var alltaf að gera þetta að árlegum viðburði. Þetta er svo mikilvægt málefni að það er aldrei hægt að minna of oft á þetta. Það er búið að vera magnað að sjá hugarfarsbreytinguna á þessu eina ári en við erum hvergi nærri hættar,“ segir Karen Björk Eyþórsdóttir sem stendur að viðburðum í kringum frelsun geirvörtunnar í ár ásamt Stefaníu Pálsdóttur og Sóleyju Sigurjónsdóttur.

Alls verða þrír viðburðir tengdir #freethenipple en á laugardaginn verður sundlaugarpartí og frí bíósýning um kvöldið. „Á laugardaginn er akkúrat ár síðan byltingin átti sér stað og við ætlum að halda sundlaugarpartí í Laugardalslauginni frá klukkan eitt til fjögur. Síðan um kvöldið verður ókeypis á sýningu á kvikmyndinni Suffragette í Bíói Paradís klukkan átta. Helgina eftir, þann 2. apríl verða tónleikar á skemmtistaðnum Húrra þar sem meðal annars Sykur og Boogie Trouble koma fram.“

Frelsun geirvörtunnar er þó aðeins lítið skref í áttina að jafnrétti enda er það sýnilegasta dæmið um viðlogandi kynjamisrétti í samfélaginu. „Það er svo margt sem þarf að berjast fyrir eins og til dæmis drusluskömm á stelpur sem eru dæmdar fyrir fötin sem þær klæðast, launamisrétti og margt annað. Brjóstin eru lang sýnilegasta dæmið þrátt fyrir að það sé aðeins agnarsmár partur.“

Karen segir að það sé stutt síðan það þótti ekki tiltökumál að konur væru berar að ofan í sundi. „Þessi feimni við að sýna geirvörtuna er afleiðing klámvæðingarinnar. Við erum ekki að berjast fyrir því að ganga naktar út um allan bæ. Við viljum bara að fólk geri sér grein fyrir því að kvenkyns og karlkyns geirvörturnar eru nákvæmlega þær sömu. Það að karlar geti farið í sund í sundbuxum einum klæða en konur þurfa annaðhvort að vera í sundbol eða í sundtoppi er úrelt. Konum á að líða vel í eigin líkama.“

Það sem bar hæst í fyrra var umræðan og myndbirtingarnar á Twitter þar sem hundruð stelpna frelsuðu geirvörtuna. Karen vonast til að umræðan verði aftur tekin fyrir á samfélagsmiðlum í ár. „Internetið hefur gjörbreytt því hvernig fólk tjáir sig en við erum að vonast til að það fari mikið fyrir þessu um helgina enda er umræðan nauðsynleg og við viljum veita konum innblástur, ekki bara á Íslandi heldur um allan heim.“

Sjálf segir Karen að hennar hlutverk sé ekki að vera andlit byltingarinnar heldur vilji hún hvetja aðra sem vilja leggja sitt af mörkum til þess að vekja athygli á málstaðnum. „Við skorum á fólk að taka þátt og setja upp fleiri viðburði til styrktar málstaðnum.“

**gunnhildur@frettabladid.is**

### ENN ER LANGT Í LAND

Þrátt fyrir að umræðan um þessi málefni hafi opnast töluvert er enn þá langt í land. Samfélagsmiðlar á borð við Instagram og Facebook leyfa ekki myndbirtingar af geirvörtum kvenna og eru þær myndir teknar út fyrirvaralaust. Myndir af konum að gefa börnum brjóst eru einnig bannaðar ef það sést í geirvörtuna.

**ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ VERA MAGNAÐ AÐ SJÁ HUGARFARSBREYTINGUNA Á ÞESSU EINA ÁRI EN VIÐ ERUM HVERGI NÆRRI HÆTTAR.**

# Kanye West og Kim Kardashian dvelja á 101 hótel

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er stjörnuparið Kanye West og Kim Kardashian West væntanlegt til landsins á næstu vikum. Þau koma til með að dvelja á lúxushótelinu 101 hótel á Hverfisgötu en þar hafa margar stórstjörnur og Íslandsvinir áður dvalið.

Tilgangur heimsóknarinnar er að taka upp tónlistarmyndband við eitt af lögunum á nýútkominni plötu rapparans, The Life of Pablo, en á huldu er um hvaða lag er að ræða. Platan sú kom út þann 14. febrúar síðastliðinn og er sjöunda plata rapparans.

Myndbandið verður samkvæmt heimildum tekið upp á landsbyggðinni, þó að þau gisti á höfuðborgarsvæðinu. Ferðinni hefur þegar verið frestað einu sinni vegna veðurs.



Kanye, North og Kim.
NORDICPHOTOS/GETTY

Þau Kim og Kanye eru óumdeilanlega einir frægustu einstaklingar og hjón heims.

Þau gengu í það heilaga árið 2014 og eiga tvö börn saman. Dótturina North West sem fædd er árið 2013 og soninn Saint West sem fæddist í desember á síðasta ári. **– gló**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# PÁSKASTEIKIN

*Í Iceland færðu allt sem þú þarfnast til að setja saman frábæra máltíð og njóta páskanna með fjölskyldu og vinum.*




**1199** kr. kg

VERÐ ÁÐUR: 1498 KR.

**1. FLOKKS SS LAMBALÆRI FROSIÐ. 2,1–2,6 KG**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausan greiðslufrest.**
Skráðu þig á **www.netgiro.is**

Netgíró
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**Bakþankar**

Bjarna Karlssonar



# Líkaminn man

Hefur þú tekið eftir því hvað það er misjafnt að taka í hönd á fólki? Stundum er það nærandi en stundum tærandi. Svona einföld athöfn eins og það að rétta fram hönd og taka í aðra getur verið hressandi og líka stressandi. Þétt og gott handtak býr með manni allan daginn og vont handtak gleymist seint. Líkamar eru svo máttugir. Eftirsóknarverðir og varasamir á sama tíma. Geta bæði gefið og tekið.

Núna detta páskarnir yfir og þá hugsum við öll um súkkulaði. – Við verðum að varðveita jörðina, sagði maðurinn, hún er eini staðurinn þar sem við fáum súkkulaði. Súkkulaði huggar sálina og minnir líkamann á hvað lífið er gott þrátt fyrir allt. Páskasagan er um það. Hún er þrátt-fyrir-allt saga. Saga þar sem einstaklingur er yfirgefinn, auðmýktur og meiddur og svo stendur hann fyrir framan vini sína sloppinn frá dauðanum og biður þá að snerta sig. Biður þau um að horfa á sárin sem hann fékk, koma við sig, kannast við sig.

Við eigum öll minningar um góða og vonda snertingu. Minningar sem gleymast seint. Maður man ofbeldi og elskuleg snerting býr með manni alla tíð. Líkaminn man.

Verkefni allra sem þolað hafa ofbeldi er að endurheimta sjálf sig. Ofbeldi er rán. Á páskadagsmorgni sjáum við mann sem þolað hefur lífshættulegt ofbeldi glíma við að endurheimta sjálfan sig í augum þeirra sem hann elskar, í höndum þeirra sem hann elskar. Vill að þau sjái örin sín og þekki sig aftur, snerti sig aftur. Þrátt fyrir allt. Og þegar þau hafa snert hann og huggað kemur spurningin: Eigið þið eitthvað að borða? Og ritað er: „… þau fengu honum stykki af steiktum fiski og hann tók það og neytti þess frammi fyrir þeim.“

Gleðilega hátíð.










KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.